

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Úttekt á Kvikmyndaskóla Íslands

Október 2014

1.	MEGINNIÐURSTÖÐUR.....	2
2.	VERKLAG OG FORSENDUR.....	6
2.1.	Afmörkun úttektar	6
2.2.	Úttektaraðilar	6
2.3.	Framkvæmd greiningar	6
3.	GREINING OG MAT	8
3.1.	Hlutverk og markmið skóla	8
3.1.1.	Almenn lýsing	8
3.1.2.	Markmið skólans.	8
3.1.3.	Þörf fyrir námið og markhópar.....	9
3.2.	Stjórnskipan og skipulag.....	9
3.2.1.	Stjórn skólans	9
3.2.2.	Rektor.....	10
3.2.3.	Deildarforsetafundur – skólaráð	11
3.2.4.	Stoðdeildir	11
3.2.5.	Deildir skólans	12
3.2.6.	Deildarforsetar	12
3.2.7.	Kennarar	13
3.2.8.	Skólafundir	13
3.2.9.	Kennarafundir	13
3.2.10.	Nemendafélag – félagslíf.....	14
3.2.11.	Upplýsingastreymi, samráð og utanumhald gagna.....	14
3.2.12.	Siðareglur	15
3.2.14.	Áherslur og áætlanir skólans	16
3.2.15.	Samskipti skólans innanlands og erlendis.	17
3.2.16.	Skólagjöld	17
3.2.17.	Samningar um ráðstöfun rekstarframlags í fjárlögum	17
3.3.	Skólanámskrá og námsbrautarlýsingar	18
3.3.1.	Kennsluáætlanir og samspil við námskrá	19
3.3.2.	Námsmat	21
3.3.3.	Vinnuálag	22
3.3.4.	Kennslumat	22

3.3.5.	Mat á námi	23
3.4.	Fyrirkomulag náms og kennslu	23
3.4.1.	Kennsluhættir	24
3.4.2.	Námslok	25
3.5.	Hæfisskilyrði starfsmanna	25
3.5.1.	Móttaka kennara	25
3.5.2.	Símenntunarstefna.....	26
3.6.	Inntökuskilyrði nemenda.....	26
3.6.1.	Móttaka nemenda.....	27
3.7.	Réttindi og skyldur nemenda.....	28
3.7.1.	Ástundun náms	28
3.7.2.	Skólareglur	28
3.7.3.	Réttindamál	28
3.7.4.	Um fall, endurtökurétt og fyrningu náms	28
3.7.5.	Brottvikning nemanda.....	29
3.7.6.	Úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda	29
3.7.7.	Um samstarf við foreldra	29
3.8.	Starfsaðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda og þjónusta við þá.....	29
3.8.1.	Húsnæði – aðstaða.....	29
3.9.	Innra gæðakerfi	30
3.10.	Fjárhagsmálefni og tryggingar	31
3.10.1.	Fjármál skólans.....	31
4.	TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM	33
5.	Fylgiskjal I.....	37
5.1.	Aðferðafræði.....	37
5.1.1.	Viðtöl við rektor, kennslustjóra, deildarforseta og nemendur.....	37
5.1.2.	Viðtöl við kennara	37
5.1.3.	Viðtalsrammi við kennara	37
6.	Fylgiskjal II: rituð eða útgefin gögn til grundvallar greiningunni.	38
7.	Fylgiskjal III: bakgrunnur rektors og deildarforseta.	39

1. MEGINNIÐURSTÖÐUR

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þess hvort og þá hvernig Kvikmyndaskóli Íslands mætir viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, á grundvelli reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 108/1999, sbr. 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

a. Hlutverk og markmið skóla

Hlutverk og markmið skólans endurspeglast í námsframboði og skólastefnu skólans, þ.e. menntun á sviði kvikmyndagerðar. Að mati úttektaraðila er hlutverk skólans skýrt, sem og almennt markmið námsins sem skólinn býður upp á. Þörf fyrir námsframboð er til staðar mælt í eftirspurn eftir námi og markhópar hafa verið skilgreindir: fólki með stúdentspróf eða sambærileg próf úr t.d. bóknámi, tækni- og iðnnámi, listgreinum ýmiss konar, íþróttum, dansi og söng.

Skólinn mætir viðmiðum um hlutverk og markmið, sbr. a-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla. Taka þarf saman almennan hluta í námskrá með framangreindum atriðum auk annarra sem þar eiga heima samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna. Ekki verður betur séð en skólinn geti með fremur einföldum hætti komið til móts við tillögur úttektaraðila um framangreint, byggt á reglum skólans sem birtast aftast í námskránni við gerð almenna hlutans, enda hefur framsetning þeirra miðað við að uppfylla framangreind skilyrði laga.

b. Stjórnskipan skóla og skipulag

Stjórnskipan skólans og skipulag hans tekur mið af II. kafla laga um framhaldsskóla. Á það við um rektor sbr. 6. gr. laganna, starfsfólk sbr. 8. gr. laganna, og stjórn skólans sbr. 5. gr. laganna, en gera þarf ráð fyrir áheyrnarfulltrúum kennara og nemenda í stjórnina sbr. sömu grein.

Til að skólinn taki fyllilega mið af 7. gr. laganna sem kveður á um skólaráð, sbr. reglugerð, nr. 140/1997, um skólaráð við framhaldsskóla þarf að útvíkka hlutverk funda deildarforseta svo þeir uppfylli hlutverk funda skólaráðs.

Til að skólinn taki fyllilega mið af 9. gr. laganna sem kveður á um skólafundi þarf að útvíkka hlutverk starfsmannafunda svo þeir uppfylli hlutverk skólafunda.

Til að skólinn taki mið af 10. gr. laganna sem kveður á um kennarafundi þarf að halda kennarafundi að minnsta kosti tvisvar sinnum á skólaári.

Forsenda þess að skólinn geti tekið fyllilega mið af 11. gr. laganna sem kveður á um námsorlof er að gerðir verðir ótímabundnir ráðningarsamningar við deildarforseta. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjalla nánar um 11. gr. laganna hér.

Skólinn mætir þannig viðmiðum um stjórnskipan og skipulag, sbr. b-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla. Hinsvegar vantar að taka betur mið af ákvæðum II. kafla laganna í framkvæmd. Ekki verður betur séð en skólinn geti með fremur einföldum hætti komið til móts við tillögur úttektaraðila og þar með uppfyllt skilyrði laganna.

c. Skólanámskrá og námsbrautarlýsingar

Skólanámskrá er vel fram sett, sbr. aðalnámskrá og 21. – 23. gr. laga um framhaldsskóla.

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. c-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um skólanámskrá og námsbrautarlýsingar. Hinsvegar vantar að taka saman almennan hluta í námskrá með þeim atriðum sem þar eiga heima samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna. Ekki verður betur séð af þeim gögnum sem aflað var en að skólinn geti með fremur einföldum hætti komið til móts við tillögur úttektaraðila um framangreint, sem dæmi byggt á reglum skólans sem birtast aftast í námskránni við gerð almenna hlutans, enda hefur framsetning þeirra miðað við að uppfylla framangreind skilyrði laga.

d. Fyrirkomulag náms og kennslu

Umfjöllun um fyrirkomulag, uppbyggingu og skipulag námsins í skólanámskrá er góð. Kennsluhættir við skólann eru almennt góðir og samræmast almennt hæfnimarkmiðum námsbrauta (námsbrautalýsingum).

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. d-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um fyrirkomulag náms og kennslu.

e. Hæfisskilyrði starfsmanna

Meginstefna skólans er að kennarar séu virkir og starfandi kvikmyndagerðarmenn og leikarar, skv. 6. gr. reglna skólans. Starfsfólk er því valið til skólans á grundvelli styrkleika - menntunar, reynslu og árangurs í faginu. Stærsti hluti kennara við skólann eru stundakennarar en aðalstarf þeirra er á einhverju sviði kvikmyndagerðar, söngs eða leiklistar.

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. e-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um hæfisskilyrði starfsmanna.

f. Inntökuskilyrði nemenda

Skilyrði fyrir innritun í skólann hafi verið skilgreind og eru aðgengileg í skólanámskrá og á vef skólans.

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. f-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um inntökuskilyrði nemenda. Hinsvegar er mikilvægt að skýra nánar þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við mat á umsókn þegar umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði um að hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Ekki verður betur séð en skólinn geti með fremur einföldum hætti komið til móts við tillögur úttektaraðila og þar með uppfyllt skilyrði laganna.

g. Réttindi og skyldur nemenda

Í skólanum er gert ráð fyrir að réttindi og skyldur nemenda séu sem sambærilegust því sem gildir um nemendur opinberra framhaldsskóla. Skólareglur/verklagsreglur um réttindi og skyldur skóla og nemenda eru aðgengilegar í skólanámskrá á vef skólans skv. kafla 14.7 í aðalnámskrá framhaldsskóla sbr. 2. mgr. 33 gr. a laga um framhaldsskóla.

Nemendafélag er í skólanum. Ákvæði um foreldrasamstarf á ekki við þar sem enginn nemandi undir 18 ára aldri er í skólanum (meðalaldur er 26 ár).

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. g-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um réttindi og skyldur nemenda.

h. Starfsaðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda og þjónusta við þá

Starfsaðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda er fullnægjandi. Þjónusta við kennara og nemendur er með þeim hætti að skólanum er kleift að uppfylla hlutverk sitt og markmið.

Ráðgjöf og stuðningur stendur til boða. Aðgengi að ráðgjöf er ljós í skólanámskrá á vef skólans. Fjallað er um aðra þjónustu, markmið um heilsuvernd, þ.e. forvarnir og heilsusamlega lífshætti með sambærilegum hætti.

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. h-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um starfsaðstöðu og aðbúnað kennara og nemenda og þjónustu við þá.

i. Innra gæðakerfi

Reglur gilda um gæði kennslu og innra mat í skólanum. Rektor er gæðastjóri skólans og ber hann ábyrgð á faglegri framkvæmd á endurskoðun námskrár, reglubundnum úttektum á öllum þáttum gæðakerfis skólans og upplýsingagjöf til nemenda, starfsfólks og mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir því sem við á.

Innra gæðakerfi er í mótun innan skólans, en formleg vinna við útfærslu kerfisins hófst í upphafi árs 2014. Markmið vinnunnar er að kerfið fullnægi 40. gr. laga um framhaldsskóla, sbr. 2. gr. reglugerðar um mat og eftirlit í framhaldsskólum, og 41. gr. laganna sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Talsverð vinna hefur nú þegar átt sér stað í námskrár- og gæðakerfisvinnu skólans, úrbótatækifæri hafa verið greind og sett á áætlan í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi.

Skólinn mætir viðmiðum, sbr. i-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um innra gæðakerfi. Hinsvegar er nauðsynlegt að vinna að því að innra gæðakerfi verði fest í sessi og haldi við með skipulögðum hætti, sem og skráningu á því hvernig framkvæmd aðgerðaááætlunar í því sambandi miðar. Ekki verður betur séð en skólinn geti með fremur einföldum hætti komið til móts við tillögur úttektaraðila og þar með uppfyllt skilyrði laganna..

j. Fjárhagsmálefni og tryggingar

Rekstur skólans stendur nú betur en hann hefur gert hin síðari ár en reksturinn er viðkvæmur og starfsemin þarf á því að halda að geta tryggt sér rekstrargrundvöll til lengri tíma.

Skólinn mætir sem stendur formlega viðmiðum, sbr. j-lið 20. gr. laga um framhaldsskóla, um fjárhagsmálefni og tryggingar. Hinsvegar er mjög mikilvægt að styrkja fjárhag skólans enn frekar með framlagi frá eigendum eða nýjum hluthöfum.

Heildarniðurstaða

Að mati úttektaraðila mætir Kvikmyndaskóli Íslands viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, á grundvelli reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 108/1999, sbr. 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Í nokkrum atriðum er mikilvægt að skólinn bregðist við tillögum og ábendingum úttektaraðila og vinni að úrbótum sem eru til þess fallnar að skólinn uppfylli skilyrði laganna að öllu leyti.

Að því gefnu að ráðuneytið telji að rétt sé að styðja við nám í kvikmyndagerð með þeim hætti sem gert hefur verið hingað til með þátttöku í fjármögnun Kvikmyndaskóla Íslands verður ekki séð að faglegir þættir í starfsemi skólans, að úrbótatillögum úttektaraðila uppfylltum, getið staðið í vegi þess að taka slíka ákvörðun. Það væri a.m.k. til bóta fyrir rekstur skólans og myndi auka tiltrú nemenda og fjármálastofnana til hans. Samhliða þessu þarf skólinn áfram að vinna að bættum rekstri.

Rekstur skólans stendur nú betur en hann hefur gert hin síðari ár en sá rekstrarárangur skýrist ekki af auknum tekjum heldur niðurskurði eða breytingum á umfangi starfseminnar. Það hefur haft áhrif til lækkunar á launagreiðslur til kennara og leitt til þess að fjárfesting í tækniþúnaði skólans hefur verið mjög lítil. Ekki verður litið framhjá því að í þessari stöðu felst ákveðin uppsöfnuð rekstraráhætta sem nauðsynlegt er að hafa í huga við ákvarðanir um næstu skref. Í því felst að leggja þarf mat á það hver er uppsöfnuð fjárfestingarþörf í tækjabúnaði og öðrum innviðum skólans og leggja þarf mat á það hver verði líkleg áhrif á kennslukostnað þegar og eða ef laun hækka.

Verklag og forsendur



2. VERKLAG OG FORSENDUR

2.1. Afmörkun úttektar

Með samningi dags. 17. febrúar 2014 fól mennta- og menningarmálaráðuneyti Capacent að vinna úttekt á Kvikmyndaskóla Íslands á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Markmið úttektarinnar var í meginatriðum tvíþætt:

- i. úttekt á faglegri starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands með hliðsjón af gildandi samningum, lögum, reglugerðum, aðalnámskrá og skólanámskrá. Áhersla yrði lögð á stjórnun, kennslu, samræmi milli námskeiðslýsinga og innihalds námskeiða og menntun kennara. Þannig yrði lagt mat á það hvort og þá hvernig Kvikmyndaskóli Íslands mætir þeim viðmiðum um skólanámskrá sem eru skilyrði viðurkenningar skólans sem skóla á framhaldsskólastigi. Byggt yrði að stofni til á þeim viðmiðum um mat á umsóknum um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hafði lagt fram og eru dagsett 13. janúar 2014.
- ii. rekstrarúttekt, sem er hluti hinnar faglegu úttektar, og tæki til fjárhagslegra þátta í starfsemi skólans og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði. Mat yrði lagt á rekstur árána 2010-2013 og áætlanir skólans fyrir árin 2014-2016. Áhersla yrði lögð á mat á fjárhagsgrundvelli framhaldsskóla vegna viðurkenningar, sbr. drög að viðmiðum um mat dags. 16. september 2011.

Rekstrarhluti úttektarinnar, sem er að finna í sérstöku skjali aftan við þessa úttekt, var unninn á bilinu 20. febrúar til 17. mars 2014, en úttekt á faglegum hluta starfsemi skólans var unninn 10. september til 31. október 2014.

Meginþættir framkvæmdaráætlunar úttektaraðila voru eftirfarandi skv. verkefnatillögu:

- Afla og leggja mat á skrifleg gögn og upplýsingar frá skólanum og ráðuneytinu.
- Taka viðtöl við stjórnendur skólans, kennara, nemendur og fulltrúa úr stjórn skólans.
- Vinna sjálfstæða rekstrarúttekt og fjárhagslega greiningu með áherslu á að leggja mat á rekstrarhæfi skólans til skemmri og lengri tíma (2014-2016).
- Vinna afmarkaða greiningu á verkefnum Kvikmyndaskóla Íslands og fjalla um framkvæmd þeirra.
- Fjalla um kennslu, námsmat, námskröfur, lokapróf og önnur grundvallaratriði varðandi faglega þætti í starfi skólans.
- Að meta samræmi milli námskrár, námsmats og kennslu í allt að sex námsgreinum sem gefa þverskurð af því námi sem skólinn veitir.
- Rita greinargerð þar sem niðurstöður úttektarinnar eru birtar og tillögur til breytinga eða úrbóta eftir atvikum.

2.2. Úttektaraðilar

Úttekt þessi er unnin af Capacent. Ráðgjafar sem unnu að úttekt á faglegum hluta starfseminnar voru Þröstur Freyr Gylfason og Arnar Jónsson frá Capacent auk Ásu Bjarkar Stefánsdóttur, kennslufræðings og óháðs sérfræðings á sviði námsskrárgerðar. Að rekstrarúttektinni unnu Þröstur Sigurðsson og Gunnar Gunnarsson, ráðgjafar hjá Capacent.

2.3. Framkvæmd greiningar

Viðtöl voru tekin við rektor, kennslustjóra og alla deildarforseta skólans, alls sjö viðtöl. Þá voru tekin viðtöl við sex kennara og setið í tímum í sjö námskeiðum. Sjá nánari lýsingu á viðtölum við kennara, viðtalsramma og aðferðafræði í fylgiskjali I. Tveir rýnihópar nemenda ræddu við ráðgjafa, sitt í hvoru lagi. Þá var rætt við tvo fyrrverandi nemendur skólans.

Úttektaraðilar fengu sömuleiðis kynningu á gæðastarfi skólans og á grunnhugsun námskrár skólans. Tekið var viðtal við utanaðkomandi ráðgjafa skólans í gæða- og námskrármálum.

Til grundvallar greiningunni liggja viðtöl við 27 viðmælendur, en auk þess 153 skjöl og 116 tölvupóstar. Samantekt ritaðra og útgefinna gagna sem notuð voru til grundvallar greiningunni er að finna í fylgiskjali II.

Greining og mat



3. GREINING OG MAT

3.1. Hlutverk og markmið skóla

3.1.1. Almenn lýsing

Kvikmyndaskóli Íslands var stofnaður árið 1992. Hann er eini kvikmyndaskóli landsins og hefur frá árinu 2003 starfað með viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, á grundvelli reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 108/1999, sbr. 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Skólinn býður upp á starfsmiðað, fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi með lokaprófi á 3. hæfniprepi í kvikmyndagerð, sbr. 19. gr. laga um framhaldsskóla. Námið er framleiðslutengt með faglegum viðmiðum til grundvallar. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán að fullu fyrir skólagjöldum.

Samanlagt eru árlega haldin um 118 námskeið við skólann. Frá 2010 hefur KVÍ tekið inn að meðaltali 30 nemendur tvisvar á ári og því hafa 120 nemendur að jafnaði verið við nám í skólanum á hverjum tíma. Meðalfjöldi umsókna hefur á sama tíma verið 185 á ári. Haustið 2014 er meðalaldur nemenda 26 ár, enginn nemandi er undir 18 ára aldri og kynjaskipting nemenda 30% konur / 70% karlar.

Tímabil	Fjöldi umsókna	Fjöldi sem hóf nám	Hlutfall sem hóf nám	Fjöldi sem boðin var skólavist	Hlutfall samþykktar umsókna
Haustið 2014 *	83 *	32 *	39%	44 *	53%
Skólaárið 2013-2014	123	60	49%	79	64%
Skólaárið 2012-2013	190	69	36%	89	47%
Skólaárið 2011-2012	211	43	20%	69	33%
Skólaárið 2010-2011	224	67	30%	101	45%

Haustið 2014 starfa níu launþegar í jafn mörgum stöðugildum við skólann, 4 konur og 5 karlar. Einnig starfa 86 stundakennarar við skólann, 30% konur / 70% karlar. Krafa skólans er að kennarar séu virkir og starfi á einhverju sviði kvikmyndagerðar, söngs eða leiklistar, með menntun og/eða mikla reynslu á því sviði sem þeir kenna á.

Vorið 2012 hlaut Kvikmyndaskóli Íslands inngöngu í alþjóðasamtök kvikmyndaskóla, CILECT.

Á tímabilinu sem úttektin tekur til hafa á bilinu 56% til 67% af rekstartekjum skólans fengist með skólagjöldum. Opinbert fé, sem fengið er með rekstarframlagi í fjárlögum, nemur á bilinu 33% til 44% af rekstrartekjum skólans.

Veturinn 2014-2015 er áttunda starfsár skólans með núverandi fyrirkomulagi, þ.e. með fjórar námsbrautir eða deildir, auk kjarna sem sjálfstæðri deild þvert á aðrar deildir:

- Leikstjórn / framleiðsla
- Tækni
- Handrit / leikstjórn
- Leiklist
- Kjarni, sem eru sameiginleg námskeið allra deilda

Hver námsbraut er 120 framhaldsskólaeiningar (fein-einingar). Innan hversrar námsbrautar eru að meðaltali 39 námskeið. Lokapróf á 3. hæfniprepi í kvikmyndagerð, sbr. 19. gr. laga um framhaldsskóla, staðfestir að nemandi hafi lokið tveggja ára námi í: Leikstjórn og framleiðslu, skapandi tæknivinnu, handriti og leikstjórn, eða leiklist.

3.1.2. Markmið skólans.

Markmiðum Kvikmyndaskóla Íslands er lýst í upphafsákvæði reglna skólans, skv. skólanámskrá 2014-2015:

Hlutverk. 1. gr.

Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) er menntastofnun sem sinnir menntun á sviði kvikmyndagerðar. Stefna skólans er að stuðla að uppbyggingu íslensks kvikmyndaíðnaðar með kraftmikilli listsköpun, rannsóknum, fræðslu og miðlunarstarfi á öllum sviðum kvikmyndagerðar. Markmið skólans er jafnframt að bjóða upp á alþjóðlegt nám í kvikmyndagerð og laða að hæfileikafólki víðs vegar að úr heiminum til að stunda hér nám og störf. Stefna Kvikmyndaskóla Íslands er að komast í fremstu röð kvikmyndaskóla heims.

Nánari grein var gerð fyrir grunngildum og markmiðum skólans í formála námskrár 2010, m.a. eftirfarandi, í styttingu úttektaraðila:

1. Nemendur skólans hljóti verklega þjálfun í öllum grunnatriðum kvikmyndagerðar, beri ábyrgð á gerð a.m.k tveggja kvikmyndaverka í náminu og læri að vera drifkraftur kvikmyndagerðar.
2. Námið sé framleiðslutengt með faglegum viðmiðum til grundvallar og það vel skipulagt, nákvæmt og krefjandi að nemendur útskrifist sem fagfólk með trausta þekkingu.
3. Hver önn hefur undirliggjandi markmið: Sköpunargleði á 1. önn, þar sem nemendur læra að nota kvikmyndamiðilinn til að tjá sig; fagmennska á 2. önn, þar sem hægt er á ferðinni og nemendur læra nákvæmni og „rétt“ vinnubrögð; reynsla á 3. önn, þar sem nemendur endurtaka það sem þeir hafa lært, auk þess að eiga kost á starfsþjálfun í viðkomandi deildum; frelsi á 4. önn, þar sem nemendur vinna með sjálfstæðum og persónulegum hætti úr því sem þeir hafa lært og skapa eigin verk.

Gerð er grein fyrir áherslum og stefnumörkun Kvikmyndaskóla Íslands í reglum skólans, sem birtar eru aftast í skólanámskrá 2014-2015. Í námskránni er þetta hins vegar ekki dregið saman í almennum hluta þar sem gerð er grein fyrir yfirlýstri stefnu skólans og framtíðarsýn.

Mat úttektaraðila

- ✓ Gera þarf grein fyrir áherslum og stefnumörkun Kvikmyndaskóla Íslands í almennum hluta skólanámskrár. Nánar er fjallað um almennan hluta námskrár í niðurstöðum úttektaraðila.

3.1.3. Þörf fyrir námið og markhópar

Á vegum skólans hefur verið lagt mat á þörf fyrir námsframboð og hvernig eftirspurn er mætt. Markhópurinn er talinn misstór eftir deildum skólans, allt frá 700 – 3000 manns. Skólinn gerir kröfur til nemenda við inntöku í skólann, sbr. 10. gr. reglna skólans, og þurfa umsækjendur að mæta í inntökuvíðtöl, auk verklegs inntökuprófs í leiklistardeild. Í ljósi þessa telur forysta skólans mikilvægt að umsóknir séu sem flestar eða 3-500 á ári. Skólinn telur sig ekki fjarri lægri mörkum markmiðsins um umsóknafjölda.

Þörf fyrir námsframboð er til staðar mælt í eftirspurn eftir námi og markhópar hafa verið skilgreindir: fólk með stúdentspróf eða sambærileg próf úr t.d. bóknámi, tækni- og iðnnámi, listgreinum ýmiss konar, íþróttum, dansi og söng.

Frá 2010 hefur KVÍ tekið inn að meðaltali 30 nemendur tvisvar á ári og því hafa 120 nemendur að jafnaði verið við nám í skólanum á því tímabili sem úttektin tekur til. Meðalfjöldi umsókna er 92 á tímabilinu. Haustið 2014 er meðalaldur nemenda 26 ár, enginn nemandi er undir 18 ára aldri, og kynjaskipting nemenda 30% konur / 70% karlar.

Í hverjum bekk geta verið að hámarki 12 og að lágmarki 6. Það þýðir 48 nemendur á hvorri önn eða 96 nemendur á ári. Skólinn getur því að hámarki tekið á móti 192 nemendum. Í almennum áætlunum skólans er miðað við 10 nemendur að meðaltali í bekk og 160 nemendur í heild, sem er sú tala sem stefnt er að. Í núverandi áætlunum skólans er hinsvegar gert ráð fyrir 125 nemendum sem skólinn metur sem varúðartölu.

3.2. Stjórnskipan og skipulag

Kvikmyndaskóli Íslands menntastofnun ehf., kt. 620503-2230, er einkahlutafélag að fullu í eigu Telemakkusar ehf. Eignarhaldsfélagið Telemakkus ehf., kt. 640203-3660, er í jafnri eigu Ragnhildar Bjarkadóttur (50%) og Sólrúnar H. Skúladóttur (50%).

3.2.1. Stjórn skólans

Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands skipa fimm menn til tveggja ára í senn sem tilnefndir eru af eigendum skólans, sbr. 2. gr. reglna skólans:

Böðvar Bjarki Pétursson, stjórnarformaður
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Friðrik Þór Friðriksson,
Ingi Sturluson,
Ragnhildur Bjarkadóttir.

Rector skólans situr fundi stjórnar með málfrelsis- og tillögurétt.

Leitast er við að stjórnarmenn séu með ólíkan bakgrunn og tengingar við íslenskt atvinnu- og menningarlíf. Stjórnin fer, skv. 2. gr. reglna skólans, með æðsta ákvörðunarvald innan skólans, mótar framtíðarstefnu, ber ábyrgð á rekstri, bókhaldi og meðferð fjármuna. Þá staðfestir stjórn rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir skólann og ársreikning hans. Stjórn

ræður rektor að skólanum og leysir frá störfum. Hlutverk stjórnar skólans tekur að þessu leyti mið af verkefnum hefðbundinnar skólanefndar, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla.

Úttektaraðilar benda á að rétt væri að gera ráð fyrir áheyrn fulltrúa kennara og nemenda á fundum stjórnar skólans. Væri það í anda þeirra laga um framhaldsskóla sem sett voru 2008, en með þeim var sjálfstæði skóla aukið en samhliða gerð aukin krafa um gæði í starfi skólanna. Grunnhugsun um framhaldsskóla sem lýðræðislega vinnustaði var felld inn í ákvæði laganna um stjórnun, og ber stjórnskipan og skipulag einkaskóla að uppfylla almenn skilyrði laga um framhaldsskóla og reglna settra samkvæmt þeim, skv. a-lið 5. gr. reglugerðar, nr. 426/2010, um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi. Því væri rétt að áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans, væru tilnefndir til eins árs í senn.

Í rekstarhluta úttektarinnar sem er að finna í aðskildu skjali er m.a. fjallað um staðfestingu stjórnar á fjárhagsáætlunum skólans. Fram kom að stjórn skólans hafði ekki fjallað sérstaklega um áætlunina. Bent var á að skólinn ætti að breyta þessu vinnulagi og taka áætlanir til umfjöllunar ásamt greinargerð á formlegum stjórnarfundum. Áætlanir eru stefnumarkandi fyrir starfsemi skólans og hljóta að þurfa umræðu og samþykki á formlegum fundi stjórnar. Úttektaraðilar óskuðu eftir afriti af fundargerðum stjórnar skólans og þar kemur fram að stjórnin hefur, frá því rekstarhluta úttektarinnar var skilað, tvívegis fjallað um rekstrar- og fjárhagsáætlanir.

Mat úttektaraðila

- ✓ Mat úttektaraðila er að stjórn skólans sé skipuð bæði vel menntuðu og reynslumiklum fagfólki. Einnig óháðu fagfólki sem tryggi aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna. Hins vegar verði ekki hjá því litið að fjölskyldutengsl eru milli hluta stjórnarmanna.
- ✓ Úttektaraðilar benda á að rétt væri að gera ráð fyrir áheyrn fulltrúa kennara og nemenda á fundum stjórnar skólans, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla. Því væri rétt að áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans, væru tilnefndir til eins árs í senn.
- ✓ Æskilegt væri að hluti stjórnarmanna yrði tilnefndur af utanaðkomandi aðilum, t.d. fagfélögum kvikmyndagerðarfólks. Með því móti yrði enn betur komið til móts við markmiðið um að „stjórnarmenn séu með ólíkan bakgrunn og tengingar við íslenskt atvinnu- og menningarlíf.“

- ✓ Hyggist skólinn sækjast eftir viðurkenningu á 4. hæfniprepi til háskólaeininga (ECTS) í framtíðinni, sbr. umfjöllun annars staðar í þessari úttekt, mætti meta kosti þess að háskólastofnun sem fengin yrði til samstarfs um mat á slíku námi tilnefndi einn fulltrúa í stjórnina.

3.2.2. Rektor

Í umboði stjórnar ber rektor ábyrgð á rekstri skólans, kemur fram fyrir hönd skólans og er málsvari hans. Samkvæmt 3. gr. reglna skólans ber rektor jafnframt ábyrgð á að starfsemi skólans sé í samræmi við hlutverk hans, markmið og gæðakröfur. Rektor vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum skólans og hefur frumkvæði að endurskoðun skólanámskrár og stöðugu umbótastarfi innan skólans. Rektor ræður forseta deilda og aðra starfsmenn sem heyra beint undir hann og stýrir daglegum störfum þeirra. Þrátt fyrir það skal, skv. 3. gr. reglna skólans, ráðning lykilstarfsmanna, svo sem fjármála-, kennslu- eða tæknistjóra vera í samvinnu við stjórn skólans. Rektor er yfirmaður stoðdeilda, skv. 4. gr. reglna skólans. Rektor ræður fastráðna kennara að fengnu mati dómnefnda og stundakennara samkvæmt tillögum deildarforseta, skv. 6. gr. reglna skólans, og veitir samþykki fyrir ráðningu kennara eftir tillögum deildarforseta, skv. 19. gr. Fjárhagsáætlanir deilda skólans eru lagðar fyrir rektor, skv. 5. gr. reglna skólans. Þá leggur rektor fram fjárhags- og rekstraráætlun fyrir stjórn í upphafi hvers reikningsárs og ber ábyrgð á útgáfu skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs, skv. 3. gr. reglna skólans.

Rektor gegnir ýmsum hlutverkum í innra starfi skv. reglum skólans:

- fer með formennsku í úrskurðarnefnd í aga- og réttindamálum nemenda, skv. 7. gr;
- tekur ákvörðun um beitingu heimildarákvæðis, skv. 10. gr. reglna skólans, um að veita inngöngu nemendum án stúdentsprófs sem búa yfir þekkingu og reynslu sem telst fullnægjandi undirbúningur fyrir nám við skólann;
- er gæðastjóri skólans skv. 15. gr. og ber ábyrgð á faglegri framkvæmd á endurskoðun námskrár, reglubundnum úttektum á öllum þáttum gæðakerfis skólans og upplýsingagjöf til nemenda, starfsfólks og mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir því sem við á;
- fer með ábyrgð á endanlegri brottvikningu nemanda sem brýtur alvarlega af sér varðandi reglur skólans, skv. 21. gr., en leitar fyrst umsagnar úrskurðarnefndar sbr. 7. gr;

- er einn þriggja manna sem skipa eineltisteymi skólans skv. 25. gr. og tekur við stjórn mála og stýrir teyminu ef það er virkjað til starfa; og
- ber ábyrgð, ásamt kennslustjóra, á viðbrögðum skólans við áföllum sem nemendur eða starfsmenn kunna að verða fyrir í skólastarfinu, skv. 26. gr.

Mat úttektaraðila

- ✓ Vel hefur tekist til með að skilgreina hlutverk og ábyrgð rektors. Er það jafnframt í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga um framhaldsskóla, sbr. einnig ákvæði reglugerðar, nr. 1100/2007, um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Í viðtölum kom fram að deildarforsetar, kennarar og nemendur eru ánægðir með störf rektors. Menntun hans og reynsla á sviði kvikmyndagerðar koma vel fram í áherslum í starfsemi skólans.

3.2.3. Deildarforsetafundur – skólaráð

Vikulega er haldinn fundur deildarforseta. Auk rektors eru þar samankomnir deildarforsetar skólans, auk kennslustjóra og fulltrúa nemenda. Í viðtölum kom fram að deildarforsetafundir eru þannig afar mikilvægir í starfsemi skólans, til samráðs og upplýsingagjafar, bæði fyrir rektor, deildarforseta, kennslustjóra f.h. skólaskrifstofu og fulltrúa nemenda.

Ritaðar eru fundargerðir á þessum fundum og samkvæmt viðtölum hafa fundirnir reynst vel varðandi upplýsingamiðlun og til að efla almenna vitneskju deildarforseta um hvað er að gerast hjá deildunum. Þá hafa fundirnir verið notaðir til að samræma aðgerðir í einstökum málum.

Samkvæmt 15. gr. reglna skólans fjallar deildarforsetafundur um gæðatengda þætti um framvindu náms, líðan nemenda (t.d. eineltismál) og vandamál sem kunna að koma upp í daglegu starfi. Gert er grein fyrir stöðu og framvindu í öllum bekkjum skólans. Farið er yfir liðna viku, rætt um samstarf og þau mál sem hafa komið upp. Sé fjallað um mál sem varða einstaka nemendur er farið með slík mál sem trúnaðarmál. Einnig er horft fram á veginn og rætt um skipulag og það sem er á döfinni. Leitast er við finna lausnir á öllum vandamálum svo fljótt sem verða má.

Mat úttektaraðila

- ✓ Úttektaraðilar benda á að hlutverk deildarforsetafunda mætti útvíkka, svo það jafnaðist á við hlutverk funda skólaráðs, skv. 7. gr. laga um framhaldsskóla, sbr. reglugerð, nr. 140/1997, um skólaráð við framhaldsskóla. Á fundunum yrði þannig fjallað um starfsáætlun og framkvæmd hennar, um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda.
- ✓ Í samræmi við það þyrfu fulltrúar nemenda að eiga föst sæti í skólaráðinu og eiga kost á því að sitja fundi þess í heild sinni.

3.2.4. Stoðdeildir

Tvær stoðdeildir eru við Kvikmyndaskóla Íslands sem bera ábyrgð gagnvart rektor og stjórn skólans. Rektor er yfirmaður stoðdeilda, skv. 4. gr. reglna skólans. Yfirmenn hvorrar stoðdeildar fyrir sig eru kennslustjóri yfir skólaskrifstofu og tæknistjóri yfir tæknideild. Undir kennslustjóra heyrir allt skrifstofufólk og húsverðir en undir tæknistjóra heyra allir tæknimenn.

Skólaskrifstofa hefur umsjón með skráningu nemenda, stundarskrá og skipulagi húsnæðis, kennslumati og gæðaeftirliti, námsráðgjöf og alhliða stuðningi við starfsfólk og nemendur skólans, skv. 4. gr. Skrifstofan hefur einnig umsjón með innkaupum á rekstrarvörum og samskipti við samstarfsaðila skólans vegna húsnæðis og almenns reksturs.

Tæknideild hefur umsjón með öllum tæknimálum skólans skv. 4. gr. Tæknideildin gerir tillögur um innkaup á tækjum, sér um uppsetningu og viðhald. Tæknimenn þjónusta nemendur og kennara eftir þörfum. Tæknideildin ber einnig ábyrgð á skipulagi allrar framleiðslu innan skólans og meðhöndlun framleiðsluverkefna.

Kennslustjóri hefur ýmis hlutverk í innra starfi skv. reglum skólans:

- veitir ráðgjöf þeim stundakennurum skólans sem ekki hafa kennsluréttindi og leiðir þá inn í starfið, auk þess sem þeir starfa undir sérstöku eftirliti kennslustjóra, skv. 6. gr.;
- metur áætlanir kennara áður en kennsla hefst og lætur hann hafa kynningargögn, skv. 19. gr.;
- er einn þriggja manna sem skipa eineltisteymi skólans, tekur ásamt deildarforsetum við upplýsingum um eineltismál og metur þörf á hvort

eineltisteymi skuli virkjað, en í slíkum tilvikum er kennslustjóri / námsráðgjafi sérstakur fulltrúi þolanda í eineltismáli, skv. 25. gr.; og

- ber ábyrgð, ásamt rektor, á viðbrögðum skólans við áföllum sem nemendur eða starfsmenn kunna að verða fyrir í skólastarfinu, skv. 26. gr.

Kennslustjórinn hefur kennararéttindi og umtalsverða kennslureynslu og hefur starfað við skólann frá árinu 2002. Kennslustjórinn heldur utan um öll gögn er snúa að nemendum; hefur eftirlit með mætingum kennara og nemenda, heldur utan um umsagnir kennara um nemendur og les þær yfir. Gögnin eru hýst á drifi, auk öryggisafrita í prentuðu formi. Kennslustjóri hefur einnig umsjón með skipulagningu á stofum, tókudögum o.s.frv.

Kennslustjórinn hefur einnig námsráðgjafahlutverk, en nemendur leita til kennslustjóra með ýmis málefni er krefjast úrlausnar. Kennslustjórinn sér einnig um samskipti skólans við LÍN, Hagstofuna og aðra opinbera aðila. Í viðtölum úttektaraðila kom fram að kennarar og nemendur voru almennt ánægðir með störf kennslustjóra og skólaskrifstofu, góða yfirsýn og hversu gott aðgengi og athvarf væri þar.

3.2.5. Deildir skólans

Kvikmyndaskóli Íslands starfrækir fjórar deildir, auk kjarna sem sjálfstæðri deild þvert á aðrar deildir:

- I. Leikstjórnar- og framleiðsludeild
- II. Tæknideild
- III. Handrita- og leikstjórnardeild, og
- IV. Leiklistardeild.

Samkvæmt 9. gr. reglna skólans er hver deild sjálfstæð skólaeining og fer forseti deildarinnar með yfirstjórn hennar sbr. 6. gr.

Í deildunum fjórum, auk kjarna, er boðið upp á starfsmiðað, fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi. Samkvæmt 9. gr. reglna skólans þurfa nemendur að uppfylla nákvæmlega allar þær kröfur sem hver deild setur og ekki er boðið upp á færslu á milli deilda eftir að nám er hafið, nema í sérstökum undantekningartilfellum. Lokapróf á 3. hæfniprepi í kvikmyndagerð, sbr. 19. gr. laga um framhaldsskóla, staðfestir að nemandi hafi lokið tveggja ára námi í: Leikstjórn og framleiðslu, skapandi tæknivinnu, handriti og leikstjórn, eða leiklist.

3.2.6. Deildarforsetar

Samtals fimm deildarforsetar fara með faglega stjórn fjögurra deilda skólans, auk kjarna. Í því felst umsjón með skipulagi hvernar annar og ábyrgð á að markmið sem sett eru fram í kennsluskrá, bæði markmið hvers námskeiðs og heildarmarkmið, náist í samráði við nemendur og stjórnendur skólans. Deildarforsetar hafa frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildir sínar. Þeir gera fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deildir, auk þess að bera rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor, skv. 5. gr. reglna skólans. Þeir ráða kennara og aðra starfsmenn til deildanna. Úrskurðarvald varðandi námsferil og námsframvindu nemenda innan deildar er á hendi deildarforseta. Nemendur geta hins vegar skotið ákvörðun deildarforseta til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr. reglna skólans.

Deildarforsetar hafa ýmis hlutverk í innra starfi skv. reglum skólans:

- gera tillögur að fastráðningu kennara að fengnu mati dómnefnda og stundakennara, sem er endanlega í höndum rektors að ráða til starfa, skv. 6. gr.;
- skipa árlega tvö af sjö sætum, auk tveggja til vara, í úrskurðarnefnd í aga- og réttindamálum nemenda, skv. 7. gr.;
- skipa inntökunefndir við skólann ásamt völdum kennurum, skv. 10. gr.;
- samþykkja kennsluáætlanir frá kennurum a.m.k. tveimur vikum fyrir upphaf kennslu, skv. 14. gr.;
- sækja vikulega deildarforsetafundi þar sem farið er yfir stöðuna í öllum bekkjum skólans og fjallað um þætti sem varða framvindu náms, líðan nemenda (t.d. eineltismál), vandamál sem kunna að koma upp í daglegu starfi, og leitast við finna lausnir á öllum vandamálum svo fljótt sem verða má, skv. 15. gr.;
- veita undanþágu frá kröfu skólans um ástundun náms vegna sérstakra eða óviðráðanlegra aðstæðna og fjalla um þörf á hvernig bæta þurfi nemanda upp kennslu með einhverjum hætti, skv. 16. gr.;
- úrskurða um niðurstöður námsmat uni nemandi ekki mati kennara, skv. 17. gr.;
- fjalla um umsókn um endurtekt prófs eða verkefnið fullnægi nemandi skilyrðum og um endurtekt í annað sinn með takmörkunum, skv. 18. gr.;
- ákveða með samþykki rektors ráðningu kennara í starf við deildirnar, skv. 19. gr. og
- viðkomandi deildarforseti skipar eineltisteymi skólans í hverju máli, tekur ásamt deildarforsetum við upplýsingum um eineltismál og metur þörf á hvort eineltisteymi skuli virkjað, skv. 25. gr.

Deildarforsetarnir eru ráðnir til einnar skólaannar í senn, utan deildarforseta Kjarna sem er fastráðinn. Mikið samstarf einkennir hóp deildarforseta, sem hafa skrifstofur sínar á sama gangi í sama hluta skólans og eiga óformlega fundi oft í viku, til viðbótar við formlega deildarforsetafundi, sem gerð er grein fyrir hér að framan. Mikill tími deildarforseta fer til skipulagningar námsins og við aðstoð og eftirlit með kennurum. Í viðtölum kom fram að það standi eðlilegri starfsemi deildanna fyrir þrifum að ekki sé gerður fjárveitingasamningur við skólann til lengri tíma en eins árs í senn, þegar venjan er að gera þriggja ára samning við sambærilegar stofnanir. Óvissa með fjárveitingarsamning varðaði m.a. fjölda nýrra nemenda hverju sinni, tækifærin til að laða að kennara, möguleika á endurnýjun tækjabúnaðar, stefnumótun í starfi hverrar deildar o.s.frv.

Í viðtölum kom einnig fram deildarforsetar hafa mikla viðveru á skólatíma og að nemendur eiga mjög gott aðgengi að deildarforsetum. Nokkrar breytingar hafa verið í deildarforsetahópnum síðustu ár sem hægt hefur á þróun og uppbyggingu deildanna. Auk þeirra verkefna sem talin hafa verið upp felst einnig í starfi deildarforseta að kenna eitt námskeið á sínu sérsviði á önn.

Mat úttektaraðila

- ✓ Nauðsynlegt er að gerðir verðir ótímabundnir ráðningarsamningar við deildarforseta sem starfað hafa lengur en tvö ár við skólann, sbr. ákvæði laga, nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna.

3.2.7. Kennarar

Við Kvikmyndaskóla Íslands starfa bæði fastráðnir kennarar og stundakennarar. Meginstefna skólans er að kennarar séu virkir og starfandi kvikmyndagerðarmenn og leikarar, skv. 6. gr. reglna skólans. Stærsti hluti kennara við skólann eru stundakennarar en aðalstarf þeirra er á einhverju sviði kvikmyndagerðar, söngs eða leiklistar. Skólinn gerir þær kröfur til stundakennara að þeir séu með menntun og/eða mikla reynslu á því sviði sem þeir kenna á og að þeir séu virkir í greininni. Aðilar með kennararéttindi ganga að öllu jöfnu fyrir um störf. Samkvæmt 14. gr. reglna skólans verða þeir að hafa ótvíræða kennsluhæfileika og vera tilbúnir að tileinka sér þær kennsluáðferðir sem skólinn vinnur eftir.

Haustið 2014 starfa fimm deildarforsetar og 86 stundakennarar við skólann. Rektor ræður fastráðna kennara að fengnu mati dómnefnda og stundakennara samkvæmt tillögum deildarforseta. Samkvæmt 6. gr. reglna skólans starfa þeir stundakennarar sem ekki hafa

kennsluréttindi undir sérstöku eftirliti kennslustjóra sem leiðir þá inn í starfið og veitir ráðgjöf. Nánari umfjöllun um kennara og hlutverk þeirra er að finna í öðrum hlutum þessarar úttektar.

Mat úttektaraðila

- ✓ Lagt er til að deildarforsetar fái alla kennara sinnar deildar á sameiginlega fagfundi tvisvar sinnum á önn til að fara yfir fagleg mál deildarinnar.

3.2.8. Skólafundir

Ekki hafa verið haldnir formlegir skólafundir á tímabilinu, fyrir utan starfsmannafundi sem sótt hafa, auk rektors, allir fastir starfsmenn skólans: kennslustjóri, starfsmenn skólaskrifstofu og tæknideildar skólans, samtals um 10 manns.

Mat úttektaraðila

- ✓ Úttektaraðilar benda á að í samræmi við ákvæði 9. gr. laga um framhaldsskóla þurfi að halda skólafund að minnsta kosti einu sinni á skólaári. Þar er rætt um málefni viðkomandi skóla. Rétt til setu á skólafundum eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun rektors.

3.2.9. Kennarafundir

Ekki hafa verið haldnir formlegir kennarafundir í skólanum á tímabilinu, fyrir utan þá vikulegu fundi sem deildarforsetar, rektor, kennslustjóri og fulltrúar nemenda sitja. Kennarar og deildarforsetar voru sammála um að erfitt væri um vik að halda slíka fundi þar sem stundakennarar væru verktakar sem vinna annars staðar og því mjög upptekið fólk. Í orðum kennara kom fram að þeir myndu hafa lítinn tíma til að sitja slíka fundi en þeir væru nauðsynlegir og gott að hafa slíka. Einn kennari sagðist gjarnan myndi hliðra til dagskrá sinni og mæta á slíka fundi.

Mat úttektaraðila

- ✓ Úttektaraðilar benda á að í samræmi við ákvæði 10. gr. laga um framhaldsskóla þurfi að halda kennarafund að minnsta kosti tvisvar sinnum á skólaári. Þar er fjallað um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð

skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Rétt til setu á kennarafundum eiga allir kennarar sem starfa við skólann og er heimilt að bera þar fram mál.

- ✓ Að mati úttektaraðila gæti heppilegt viðmið verið að þeir stundakennarar sem eru í 25% starfi eða meira eigi að sækja kennarafundi einu sinni til tvisvar á önn.
- ✓ Rétt væri að kennarafundur kysi við upphaf haustannar fulltrúa í deildarforsetafund/skólaráð og áheyrnarfulltrúa í stjórn skólans.

3.2.10. Nemendafélag – félagslíf

Kínema er nemendafélag Kvikmyndaskóla Íslands. Félagið heldur utan um viðburði og hristir nemendahópinn saman. Fulltrúar nemendafélagsins sitja vikulega deildarforsetafundi. Hluti af staðfestingargjöldum nýnema rennur til reksturs Kínema, sbr. 30. gr. reglna skólans.

Mat úttektaraðila

- ✓ Úttektaraðilar benda á að rétt væri að fulltrúar nemenda eigi, sbr. ákvæði 9. gr. laga um framhaldsskóla, rétt til setu á skólafundum, samkvæmt nánari ákvörðun rektors.
- ✓ Sömuleiðis væri rétt að áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndur af nemendafélagi skólans, væri tilnefndur til eins árs í senn til setu á fundum stjórnar skólans, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla.

3.2.11. Upplýsingastreymi, samráð og utanumhald gagna.

Tölvupóstur skólans

Við upphaf náms í skólanum fær sérhver nemandi netfang@kvikmyndaskoli.is. Netfangið er einnig lykillinn að innri upplýsingakerfum skólans. Tölvupóstur er notaður sem fjölmiðill skólans til að ná til allra nemenda eða einstakra hópa nemenda. Ýmsir hópar eru skilgreindir í netfangaskrá skólans. Einnig eru send hóp-sms-skilaboð, ef svo ber undir.

Kennarar nýta sér einnig tölvupóst til að koma skilaboðum til nemenda. Úttektaraðilum var gefið netfang á póstkerfi skólans. Á rúnum mánuði höfðu borist á fimmta tug tölvupósta frá rektor, kennslustjóra og öðru starfsfólki skólaskrifstofu, auk starfsfólks tæknideildar. Vörðuðu þau ýmis efni tengdu starfi skólans, en áherslu mætti leggja á skipulagðari framsetningu á fréttum líðandi stundar innan skólans.

Í viðtölum kom fram hve mikilvægt nemendur og kennarar telja að fylgjast með tölvupóstinum. Sé það ekki gert geti fólk auðveldlega misst af því sem efst er á baugi.

Innri vefur skólans

Kvikmyndaskóli Íslands rekur innri vef sem gegnir hlutverki miðlægs upplýsingakerfis með miklu magni upplýsinga og er jafn aðgengilegur hvar sem er gegnum vefaðgang. Hann skiptist í 11 flokka, sumir með nokkrum undirflokkum.

Meðal gagna þar eru námskrár skólans, ársskýrslur, upplýsingar um skólastarfið, stundaskrár, kennsluáætlanir, skóladagatal o.s.frv. Skólareglur og sértilgreindar reglur í innra starfi er að finna á síðunni.

Skár yfir starfsfólk og nemendur er að finna á innri vefnum ásamt netföngum og símanúmerum.

Sérhæfðar upplýsingar og leiðbeiningar um undirbúning, vinnslu og frágang kvikmyndagerðarverkefna er að finna á innri vef skólans. Áhersla er lögð á upplýsingar tengdum grunnþáttum framleiðslu; ferilinn, handrit, undirbúning, upptökur, klippingu, hljóðvinnslu, eftirvinnslu o.s.frv. Framsetning efnis er bæði í formi texta, en einnig myndböndum með hljóði. Á innri vefnum er einnig að finna upplýsingar um innra starf skólans, svo sem eyðublöð og skapalón fyrir fjölmargar tegundir samninga auk skýrslna í tengslum við vinnslu kvikmyndagerðarverkefna.

Deildarforsetar, auk starfsfólks skólaskrifstofu og tæknideildar nýta innri vef skólans. Nemendur skólans hafa einkum lært að nýta vefinn við vinnu í svokölluðum TÆK- og SAM-áföngum, sem og öðrum áföngum í kjarna, þar sem nemendur þvert á allar deildir vinna saman að tilteknum verkefnum. Nemendur sem rætt var við töldu innri vefinn mjög gagnlegan í náminu. Í viðtölum við kennara kom hins vegar fram að innri vefurinn hefur ekki verið nægilega vel kynntur fyrir stundakennurum og er því lítið notaður af þeim.

Upplýsingar fyrir einstök námskeið

Sumir viðmælenda söknuðu þess að hafa ekki miðlægan stað fyrir hvert námskeið, þar sem gæfist kostur á umræðum og mögulegt væri fyrir nemendur að skila verkefnum, í stað þess að senda inn í tölvupósti. Þægilegt væri að hafa einn stað til þess. Sömuleiðis var bent á að í samstarfi milli deilda, SAM-áföngum, vantaði nemendur rafrænan vettvang til að auðvelda leit að fólki fyrir samstarfsverkefni.

Aðgangur að starfsfólki – samráð

Í viðtölum kom fram að gott aðgengi er að bæði kennslustjóra og deildarforsetum. Þetta geti skipt verulegu máli, til að mynda með framkvæmd samstarfsverkefna milli deilda. Nemendur telja sig þannig hafa góðan aðgang bæði að kennurum og deildarforsetum og telja almennt að tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra. Mat úttektaraðila er að vegna smæðar skólans sé almennt upplýsingastreymi um það sem er efst á baugi gott.

Námsferilsskrá

Framhaldsskóla ber skylda til að varðveita upplýsingar um nám nemenda og veita nemendum aðgang að þeim, skv. 38. gr. laga um framhaldsskóla. Kveðið er á um hvaða upplýsingar framhaldsskólar skuli varðveita í 3. gr. reglugerðar, nr. 235/2012, um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.

Samkvæmt athugun úttektaraðila heldur Kvikmyndaskólinn skrár yfir öll viðkomandi atriði, sem talin eru upp í fyrrgreindu ákvæði reglugerðarinnar. Námsferilsupplýsingar eru þó ekki skráðar í sérstakt nemendakerfi, á stöðluðu rafrænu formi, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Það er í höndum kennslustjóra að halda utan um öll gögn, sem færð eru í Excel-skjöl og vistuð á drifi. Eldri gögn eru varðveitt í möppum hjá kennslustjóra.

Nemendum er veittur aðgangur að námsferilsupplýsingum, skv. ákvæði 38. gr. laganna, en um aðgang annarra en nemenda að upplýsingum um námsferil er farið eftir nánari reglum 55. gr. og reglugerðar nr. 235/2012.

Í viðtölum úttektaraðila kom fram að forysta skólans er meðvituð um mikilvægi þess að taka upp rafrænt nemendakerfi, sbr. 3. gr. framangreindrar reglugerðar, líkt og Innu eða Moodle. Hins vegar hefði það staðið eðlilegri þróun fyrir þrifum, eftir setningu reglugerðar 235/2012, að ekki hafi verið gerður fjárveitingasamningur við skólann til lengri tíma en eins árs í senn. Óvissa með fjárveitingarsamning aftraði þannig þróun eða kaupum á rafrænu nemendakerfi. Úttektaraðilar benda á að rétt væri að skólinn tæki upp rafrænt nemendaskráningarkerfi um námsferilsupplýsingar nemenda.

Mat úttektaraðila

- ✓ Mikilvægt er að skólinn taki upp rafrænt nemendakerfi, sbr. 3. gr. reglugerðar, nr. 235/2012, um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.

3.2.12. Siðareglur

Kvikmyndaskóli Íslands hefur sett sér siðareglur sem birtar eru í 28. gr. reglna skólans:

„Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skulu höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum innan skólastarfsins, bæði meðal nemenda, starfsfólks og milli allra hópa. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að kasta ekki rýrð á orðstír hans.

Kennarar/leiðbeinendur virði réttindi nemenda sinna og hafi hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Kennarar/leiðbeinendur gæti þess að mismuna ekki nemendum og nemendur ekki kennurum, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða, kynhneigðar, aldurs, fötlunar eða skoðana.

Kennarar/leiðbeinendur geri sér ljósa valdastöðu sína í samskiptum við nemendur og gæti þess að misnota hana ekki. Nemendur sýni kennurum sínum kurteisi og tillitssemi, hlíti sanngjörnum fyrirmælum þeirra og séu heiðarlegir í samskiptum við þá. Kennarar/leiðbeinendur og starfsfólk gæti trúnaðar við nemendur. Þeir sýni fyllstu aðgát hvenær sem málefni þeirra eru til umræðu og gæti þess að gögn um nemendur komist ekki í hendur óviðkomandi.“

Gerð er grein fyrir siðareglum í skólanámskrá, sbr. 12. kafla aðalnámskrár. Siðareglur skólans eru á sviði samskipta og vinnubragða, háttsemi og framkomu, þjónustu, og hlutleysis svo dæmi séu nefnd, allt í því skyni að efla traust, veita leiðsögn og gefa færi á að bera hegðun saman við skráðar reglur.

3.2.14. Áherslur og áætlanir skólans

Forvarnir og heilsusamlegir lífshættir

Kvikmyndaskólinn leggur áherslu á heilbrigða lífshætti í starfsemi sinni, sbr. 22. gr. reglna skólans. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum birtist stefnan með margvíslegum hætti í starfsemi skólans, þar má nefna strangan aga gagnvart áfengi og fíkniefnum. Hvað varðar leiklistanám í skólanum er sérstaklega tiltekið að heilsusamlegir lífshættir tvinnast með beinum hætti inn í allt námið.

Skólinn hefur á undanförunum árum átt í samstarfi við líkamsræktarstöðvar og boðið upp á opna íþróttatíma fyrir nemendur og starfsfólk. Þróun stefnunnar er tengd gæðakerfisvinnu skólans.

Jafnrétti

Kvikmyndaskóli leggur á það áherslu í sinni starfsemi að jafna hlut karla og kvenna í iðnaðinum, sbr. 23. gr. reglna skólans. Til að nálgast þetta markmið er það markmið allra deilda að jafnt kynjahlutverk sé, bæði meðal nemenda og kennara. Kennurum er skv. reglum skólans gert að beina sérstakri hvatningu til kvenkyns nema, auk þess að gera kvikmyndagerð kvenna hátt undir höfði.

Að mati skólans er sú jafnréttisstefna sem kynnt er í 23. gr. reglna skólans í senn viðamikil og beinskeytt. Hún lýtur að nemendum, kennurum, kennslu, námsefni og iðnaðinum. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum hefur verið beðið með það hjá rektor og deildarforsetum að hrinda stefnunni formlega í framkvæmd, í ljósi óvissu með fjárveitingarsamning.

Umhverfismál

Mikil áhersla er lögð á orkusparnað og rafrænar leiðir í kennslu sem og við framleiðslu kvikmyndaverka, sbr. 24. gr. reglna skólans. Einnig leggur skólinn áherslu á flokkun sorps og endurvinnslu. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum hefur ekki verið mótuð sérstök umhverfisáætlun eða stefna í umhverfismálum, til viðbótar við þá sem er við lýði í daglegum rekstri skólans og lýtur að ræstingu, umhirðu sorps og almennri umhirðu.

Áhersla er lögð ár rafræn samskipti og starfsemi í skólanum. Þannig notar skólinn eingöngu stafræna tækni og er því laus við efnanotkun sem fylgir filmuvinnslu. Brýnt er fyrir nemendum að skilja við tökustaði og annan vettvang sem þeir kjósa fyrir sína

sköpunarvinnu í sama ástandi og við komu. Nemendur fara ekki með nein spilliefni á vettvang nema rafhlöður. Úr sér gengnum rafhlöðum er fargað í samræmi við íslensk lög og reglur.

Áætlun gegn einelti

Rektor, kennslustjóri og viðkomandi deildarforseti skipa eineltisteymi skólans og um starf teymisins fer skv. 25. gr. reglna skólans. Samkvæmt greininni þarf úrvinnsla eineltismála að vera þannig að bæði þolendur og gerendur megi vel við una en þannig er dregið úr þeirri hættu að einelti komi aftur upp. Fyllsta trúnaðar skal ætíð gætt við meðferð eineltismála.

Þegar eineltismál kemur upp er mikilvægt að viðkomandi starfsmaður eða nemandi sem kemst að málinu, komi því til deildarforseta eða kennslustjóra/ námsráðgjafa skólans. Meti þeir það svo að þörf sé að virkja eineltisteymi skal það gert hið fyrsta. Rektor tekur þá við stjórn málsins og stýrir teyminu. Kennslustjóri/námsráðgjafi er sérstakur fulltrúi þolanda í eineltismáli.

Aðgerðaáætlun gegn einelti

Meti deildarforseti eða kennslustjóri/námsráðgjafi það svo að þörf sé á að virkja eineltisteymi er eftirfarandi aðgerðaráætlun sett í gang:

1. Farið er strax í ítarlega könnun á málinu og alvarleiki þess metinn. Haldnir eru fundir með öllum þeim sem að málinu koma. Allt ferlið er nákvæmlega skráð.
2. Teymið ákveður næsta stig eftir eðli hvers máls. Það getur verið hópfundur í bekk, sérstakir fundir með gerendum og þolendum, skipulagt hópastarf með gerendum eineltis og sjálfstyrking þolenda eineltis.
3. Eineltisteymi fylgir með framgangi málsins og tekur það til endurmats ef þurfa þykir. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans skal leitað til sérfræðinga.

Áfallaáætlun

Rektor og kennslustjóri bera ábyrgð á viðbrögðum við áföllum sem nemendur eða starfsmenn verða fyrir í skólastarfinu, svo sem slysum, veikindum, sjúkdómum eða andlátum, sbr. 26. gr. reglna skólans. Leita skal til aðstoðar sérfræðinga ef þörf er talin á, skv. sömu grein.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er kynnt í upphafi skólahalds og útgönguleiðir eru kynntar á kortum og skiltum í skólanum, sbr. 27. gr. grein reglna skólans.

3.2.15. Samskipti skólans innanlands og erlendis.

Samskipti innanlands.

Kvikmyndaskóli Íslands leitast við að vera í nánum samskiptum við öll skólastig í íslensku menntakerfi, sbr. 29. gr. reglna skólans. Frá 2003 hefur skólinn unnið að fjölmörgum verkefnum í samvinnu við aðra skóla og stofnanir: ýmis námskeið um kvikmyndagerð, handritagerð, fréttavinnslu, sjónrænni miðlun, notkun myndmiðla, stuttmyndagerð, heimildarþætti, en einnig um kvikmyndasmiðjur, framleiðslu á sjónvarpsmyndum, heimildarmyndum, o.s.frv. Skólinn hefur þannig unnið með öllum skólastigum, frá leikskóla og upp í háskóla. Markmið skólans er að stuðla að kvikmyndakennslu sem víðast í íslensku skólakerfi.

Starfsþjálfun

Í tveimur deildum skólans er víðtækt samstarf við aðila á markaði vegna starfsþjálfunar. Vel á annan tug aðila á markaði eru í samstarfi við skólann um starfsþjálfun. enda þótt ekki liggi fyrir formlegir skriflegir samningar þar um. Haustið 2014 á skólinn í viðræðum við stórt fyrirtæki á markaði í kvikmyndagerð um starfsþjálfun. Árið 2013 gerðist skólinn aðili að Samtökum iðnaðarins.

Samskipti erlendis.

Kvikmyndaskóli Íslands er meðlimur í alþjóðasamtökum kvikmyndaskóla, CILECT og tekur þar þátt í alþjóðlegu starfi, nemenda- og kennaraskiptum, námstefnum, kvikmyndahátíðum og fleiru, sbr. 29. gr. reglna skólans.

3.2.16. Skólagjöld

Nemendur greiða skólagjöld fyrir setu í skólanum. Stjórn skólans ákveður fjárhæð skólagjalda og greiðslufyrirkomulag. Eftirfarandi meginreglur gilda um skólagjöld, sbr. 34. gr. reglna skólans:

- Nemendur hefja ekki nám á önn fyr en gengið hefur verið frá greiðslu skólagjalda.
- Skólagjöld fást ekki endurgreidd eftir að nám er hafið.
- Upphæð skólagjalda breytist ekki á námstíma.

- Viðskipti milli nemandans og Kvikmyndaskóla Íslands vegna skólagjalda eru ekki á ábyrgð annarra.

Í greininni er undantekningarregla, svohljóðandi: „Lendi nemandi í stórfelldu áfalli, slysi eða sjúkdómum, þannig að hann neyðist til að hætta námi, þá getur hann sótt um endurgreiðslu skólagjalda. Slíkt erindi skal senda til stjórnar skólans þar sem tilgreindar eru nákvæmlega ástæður brotthvarfs úr námi. Erindinu skulu fylgja læknisvottorð. Komi til endurgreiðslu skal dreginn frá sá námstími sem þegar er liðinn af önninni.“

Á tímabilinu sem úttektin tekur til hafa á bilinu 56% til tveir þriðju hlutar af rekstartekjum skólans fengist með skólagjöldum. Skólagjöld hafa haldist í sömu krónutölu um árabil, 600 þúsund krónur á önn. Vorið 2012 voru skólagjöld á fyrstu önn hækkuð úr 600 þúsundum í 700 þúsund, en kostnaður við nám á öðrum önnum hélst óbreyttur. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán að fullu fyrir skólagjöldum.

Á tímabilinu sem úttektin tekur til hefur skólinn þurft að lækka þjónustustig sitt hvað varðar aðstöðu og ýmsa þjónustu, og telur skólinn ekki hafa verið grundvöll til hækkana skólagjalda á sama tíma.

3.2.17. Samningar um ráðstöfun rekstarframlags í fjárlögum

Á tímabilinu sem úttektin tekur til hefur opinbert fé, sem fengið er með rekstarframlagi í fjárlögum, numið á bilinu þriðjungi til 44% af rekstrartekjum skólans. Rétt þykir hér að gera nokkra grein fyrir þeim þremur samningum, auk viðbótarsamninga, sem í gildi hafa verið eða gerðir hafa verið við skólann af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis á tímabilinu sem úttektin tekur til.

- ✓ Þann 30. desember 2009 var gerður samningur til eins árs. Skilyrði fyrir greiðslum var m.a. að skólinn stæðist ytri úttekt á starfi skólans. Í ytri úttekt voru settar fram tillögur um úrbætur í starfseminni. Þann 18. maí 2011 var gerður samningur um framlengingu á gildistíma samnings frá 30. desember 2009. Fram kom að markmið samningsins væri að koma í veg fyrir að rof yrði á námi nemenda. Einnig að aðilar samningsins skyldu vinna að því að tryggja eðlilega samfellu í skólastarfinu og hagsmuni nemenda og starfsfólks.
- ✓ Þann 3. október 2011 var gerður samningur sem gildi með framlengingu til áramóta 2012. Í samningnum segir að skólinn skyldi fyrir 15. nóvember 2011 sýna

fram á að hann uppfylli skilyrði til viðurkenningar einkaskóla á framhaldsskólastigi og skila greinargerð um framkvæmd samningsins fyrir lok júní 2012. Í beinu framhaldi af skilum á sameiginlegri yfirlýsingu frá stjórn, fulltrúa kennara og fulltrúa nemenda um að sátt ríkti milli aðila um skólastarf og stjórnun skólans skólaárið 2011-2012 veitti ráðuneytið tímabundna viðurkenningu fyrir skólaárið 2011/2012. Þann 7. júní 2012 var gerður samningur um framlengingu á gildistíma samnings frá 3. október 2011, til ársloka 2012. Skv. honum skyldi skólinn skila greinargerð um framkvæmd samningsins fyrir árslok 2012. Samdægurs framlengdi ráðuneytið tímabundna viðurkenningu til ársloka 2012 og fólst í viðurkenningunni staðfesting á að starfsemi skólans uppfyllti á þeim tíma almenn skilyrði laga og reglna.

- ✓ Þann 15. nóvember 2012 var gerður samningur sem gildi til ársloka 2013. Í samningnum voru m.a. ákvæði um faglegar forsendur starfseminnar, réttindi og skyldur nemenda, upplýsingagjöf, og um samskipti og eftirlit vegna verkefna skólans – þ.m.t. um skil skólans á ítarlegri greinargerð um framkvæmd samningsins fyrir lok júní 2013. Þann 30. júlí 2014 var gerður samningur um framlengingu á gildistíma samnings frá 15. nóvember 2012. Gildir hann til ársloka 2014. Í samningnum eru m.a. ákvæði um kennslu samkvæmt námsskrá með lokaprófi á 3. þrepi framhaldsskólanáms og úttekt á starfsemi skólans. Af því tilefni leggi skólinn m.a. fram greinargerð um innra mat og um fagmennsku og gæði.

Um fjárhagslegar hliðar framangreindra samninga er nánar fjallað í rekstrarhluta úttektarinnar sem er að finna í aðskildu skjali.

3.3. Skólanámskrá og námsbrautarlýsingar

Skólinn gefur út endurskoðaða námskrá einu sinni á ári og skal hún, skv. 13. gr. reglna skólans, liggja fyrir 20. ágúst ár hvert og gilda fyrir tvær annir. Endurskoðunar og breytingarferli námskrár er frá 1. júní til 20. ágúst. Þar fyrir utan skal námskrá vera óbreytt, skv. reglum skólans. Í námskrá skal koma fram uppbygging námsins, röðun námskeiða niður á annir og námskeiðalýsingar. Í námskeiðalýsingum skal koma fram heiti námskeiðs og auðkenni, lýsing á inntaki námskeiðsins, auk hæfniviðmiða. Áhersla skal lögð á að lýsing á námskeiði sé sem ítarlegust og að samræmi sé á milli lýsingar og þeirrar kennslu sem fer fram. Sú námskrá sem er í gildi þegar nemandi hefur nám við skólann gildir út allt námið, þrátt fyrir að breytingar séu gerðar á námstímanum. Sé vikið frá þeirri reglu skal það vera í

fullu samráði við nemendur og yfirvöld menntamála. Námskrá skal birt á vefsvæði skólans, skv. 13. gr. reglna skólans.

Undanfarin misseri hefur talsvert verið unnið að þróun námskrár Kvikmyndaskólans. Hefur sú vinna að mestu verið í höndum rektors og stjórnarformanns ásamt utanaðkomandi ráðgjafa. Farið hefur verið ítarlega yfir hlutverk deilda og markmið þeirra skilgreind út frá hæfniviðmiðum, um þekkingu, leikni og hæfni, sbr. kafla 6.1 í aðalnámskrá framhaldsskóla. Að sögn stjórnarformanns og ráðgjafa sem að vinnunni komu voru námskrár kvikmyndaskóla erlendis einnig rýndar og horft til útgáfu menntamálaráðuneytis um diplómur og nám á háskólastigi með það í huga að hanna nám á háskólastigi en ekki sérstaklega nám á framhaldsskólastigi. Þeir telja að næsta skref í þróunarvinnunni sé að skoða og hanna öll hæfniviðmið upp á nýtt og vinna að eflingu gæðakerfis innan skólans.

Í námskrá skólans kemur fram lýsing á deildum, hæfniviðmið fyrir hverja deild, skiptingu námskeiða á annir, lýsing á námskeiðum með hæfniviðmiðum og grunnupplýsingar um einingafjölda, vinnutíma nemenda, lágmarkseinkunn, kennslumisseri, kennsluár, kennara, undanfara, námsmat og kennsluefni. Í kennsluáætlun hvers námskeiðs eru þessar upplýsingar útfærðar frekar.

Aftast í námskrá eru reglur skólans þar sem fram koma þær upplýsingar sem kallað er eftir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla. Í námskrá eru þessar upplýsingar hins vegar ekki dregnar saman í almennum hluta, eins og gera skal sbr. 2. málslíð 1. mgr. 22. gr. laga um framhaldsskóla.

Í almennum hluta skólanámskrár skal, skv. 2. mgr. 22. gr. laganna, með samantekt eða lýsingu gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, auk stjórnskipan.

Einnig skal þar gerð grein fyrir námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur.

Þá skal fjalla um réttindi og skyldur nemenda, foreldrasamstarf og samstarf við utanaðkomandi aðila.

Að lokum skal í almennum hluta námskrár fjalla um sjálfsmat og gæðamál og annað sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá, svo sem stefnu í

einstökum málefnum, skólabrag eða annað sem þar á heima sbr. 12. kafla aðalnámskrár framhaldsskóla.

Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Til þessa hefur verið litið á reglur skólans sem almennan hluta námskrár og í þeim hefur verið reynt að uppfylla þau lög og reglugerðir sem gerðar eru til hans. Skólinn hefur í því sambandi bent á að viðurkenningar sem skólinn hefur fengið frá árinu 2009 hafi miðað við þessa útfærslu.

Í kafla 1.3. í aðalnámskrá framhaldsskóla kemur fram að kennarar eigi að vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá. Í viðtölum við deildarforseta kom fram að þeir hefðu komið mismikið að vinnu við gerð og þróun námskrárinnar. Allir voru þeir meðvitaðir um gildi hennar og horfðu til hennar við skipulag náms í deildum sínum. Deildarforsetar eru misjafnlega á veg komnir með að nota námskrána sem tæki fyrir kennara þegar kemur að gerð kennsluáætlana, framsetningu á hæfniviðmiðum og skipulagi á námsmati í kennslu.

Mat úttektaraðila

- ✓ Að mati úttektaraðila er námskráin vel fram sett. Hæfniviðmið fyrir deildir eru skýr og lýsa vel því sem hver deild ætlast til að nemendur hafi þekkingu á, leikni og færni til að fást við að námi loknu. Hæfniviðmið fyrir hvert námskeið eru hins vegar fá og lýsa þessum sömu atriðum misvel. Framsetningu þeirra mætti samræma betur og útfæra hæfniviðmið betur undir hverju námskeiði í námskrá.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint úrbótatækifæri á þessu sviði og sett aukna og bætta notkun hæfniviðmiða í öllu skólastarfi og námsmati á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Nauðsynlegt er að framangreind vinna haldi áfram með skipulögðum hætti.
- ✓ Setja þarf almennan hluta í námskrá með þeim atriðum sem þar eiga heima samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um framhaldsskóla, auk 12. kafla aðalnámskrár

framhaldsskóla. Má þar nefna lýsingu á stefnu skólans í einstökum málefnum, áætlanir og markið, námsframboð og uppbyggingu námsins, þjónustu við nemendur, skólabrag og fleira. Sem hægst væri hægt að byggja á reglum skólans sem eru aftast í námskránni við gerð almenna hlutans, enda hefur framsetning þeirra miðað við að uppfylla framangreind skilyrði laga.

- ✓ Í kafla um hverja deild vantar ítarlegri umfjöllun um deildina, fjölda námskeiða, hvaða próf nemendur fá að námi loknu, kennsluhætti, námsmat og þess háttar.
- ✓ Samantekt vantar á öllum þeim námskeiðum sem innihalda sameiginlega vinnu nemenda þvert á annir- og deildir, semsagt bíóling, samvinnu milli deilda (SAM) og tæki og tækni (TÆK) og í lokaverkefnum nemenda bæði í annar- og námslok.
- ✓ Rétt væri að gera hæfniviðmið hvers námskeiðs ítarlegri og lýsa betur þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem nemandi á að búa yfir að námskeiði loknu. Ítarlegri hæfniviðmið gera kennurum í námskeiðum auðveldara að yfirfæra hugmyndir og stefnu skólaýfirvalda á kennslu sína og hjálpa jafnframt til við að byggja upp námsmat á þann hátt að tryggt sé að öll hæfniviðmið námskeiðsins verði metin.
- ✓ Vinna þarf að því að nota námskrá sem tæki inn í almennt starf og kennslu skólans. Starfsmenn og nemendur eiga að tileinka sér það sem fram á að koma í almennum hluta námskrár.
- ✓ Námskráin að vera vinnutæki kennara þar sem þeir geta horft til hæfniviðmiða í hverju námskeiði og byggt kennsluáætlanir á þeim. Til þess þarf að vinna markvisst með kennurum að innleiðingu hæfniviðmiða sem þeir byggja á skólanámskrá í námskeið og tengja þau við námsmat.
- ✓ Kennarar þurfa að koma meira að þróun námskrár, þá má huga að því að nemendur hafi einnig fulltrúa sinn í því starfi.
- ✓ Almennt telst það vart samræmast góðum stjórnarháttum að stjórnarformaður annist framkvæmd mála. Núverandi afmörkuðum verkþætti stjórnarformanns í tengslum við endurskoðun og þróun skólanámskrár og námsbrautarlýsinga ætti alfarið að fela rektor skólans.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint úrbótatækifæri á þessu sviði og sett þátttöku alls starfsfólks í námskrár- og gæðakerfisvinnu á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Nauðsynlegt er að sú vinna haldi áfram með skipulögðum hætti.

3.3.1. Kennsluáætlanir og samspil við námskrá

Í 14. gr. reglna skólans eru talin upp þau atriði sem koma eigi fram í kennsluáætlun. Kennarar fá upplýsingar frá kennslustjóra um gerð kennsluáætlunar og námsmat. Þeir fá í hendur skapalón eða sniðmát þar sem þeir fylla inn upplýsingar um deild, önn, einingar,

námskeiðslýsingu samkvæmt námskrá, nánari lýsing kennara, kennsluaðferðir, hæfniviðmið – hvað á nemandi að kunna að námskeiði loknu, námsmat/hvernig mun kennari meta námið, tungumál kennslu, námsefni og upplýsingar um kennara. Þá kemur í kjölfarið nánara skipulag í formi dagskrár skipt niður á daga námskeiðsins. Útskýrt er hvað á að koma fram í hverjum lið.

Í máli kennara kom fram að misjafnar áherslur voru lagðar á það eftir deildum hvort kennarar ættu að horfa markvisst til skólanámskrár við gerð kennsluáætlana fyrir sín námskeið. Eina krafan sem gerð er um notkun hæfniviðmiða í kennslu sem koma á fram í kennsluáætlunum er skýring í skapalóni eða sniðmáti á þá leið að: átt sé við þá hæfni sem nemandi á að hafa tileinkað sér að námskeiði loknu. Þetta taki mið af áfangalýsingu í námskrá og mikilvægt að þessir liðir endurspegli hvorn annan.

Gerð er krafa til kennara um að skila kennsluáætlun 10 dögum fyrir námskeiðsbyrjun. Það gengur nokkuð vel en eitthvað er um að kennarar skili ekki inn fyrir en á síðustu stundu og dæmi eru um að kennsla hafi byrjað áður en kennsluáætlun var kynnt.

Deildarforsetar aðstoða kennara með gerð kennsluáætlana sé þess óskað af hálfu kennara. Misjafnt er hvort og hvernig kennarar nýta sér þá aðstoð. Kennslustjóri sér eingöngu um að koma til þeirra upplýsingum um gerð kennsluáætlana en hefur ekki umsjón með skilum á þeim, ráðgjöf eða eftirfylgni – það er í höndum deildarforseta.

Nokkur munur er á gerð kennsluáætlana eftir því hvort um stundakennara eða fastráðna kennara er að ræða. Í máli nemenda kom fram að nokkuð væri um að stundakennarar vikju út af áður kynnti kennsluáætlun og í einu tilfelli var rætt um að kennari hefði ekki farið eftir kennsluáætlun.

Við rýni á kennsluáætlunum kemur í ljós að mikið ósamræmi er í gerð þeirra eftir deildum og kennurum. Sumar kennsluáætlanir eru afar vel ígrundaðar, öll skilyrði uppfyllt og góð tengsl eru á milli skólanámskrár og kennsluáætlana. Aðrar innhalda nær eingöngu dagskrá námskeiða og ekki er farið eftir reglum eða tilmælum frá skóla varðandi uppsetningu og innihald.

Skörun er á nokkrum áætlunum innan deilda og líkindi á milli þeirra. Ástæða þess er í sumum tilfellum skiljanleg þar sem stakt námskeið kemur inn í annað stærra sameiginlegt

námskeið; dæmi um það er Bíólingurinn, sem er sameiginlegt verkefni nemenda. Inn í það kvikmyndagerðarverkefni fléttast fleiri annir og deildir:

Nemendur á 1. önn leikstjórnar- og framleiðsludeildar (deildar 1) halda utan um framleiðslu Bíólíngsins í áfanga FRL 103 ásamt nemendum á 2. önn deildarinnar sem hafa jafnan borið hitann og þungann af verkefninu. Nemendur á 2. önn tæknideildar (deildar 2) hanna leikmynd og búninga fyrir bíólinginn í áfanga LEB 104, á meðan nemendur á 3. önn deildarinnar sjá um kvikmyndatöku í Bíólingnum í áfanga KVM 305. Nemendur handrita- og leikstjórnardeildar (deildar 3) hafa jafnan skrifað handritið fyrir Bíólinginn. Nemendur 3. annar leiklistardeildar (deildar 4) sjá um leikinn í Bíólingnum í áfanga LSJ 104. Samkvæmt viðtölum telst það mikil áskorun að fara inn í hlutverkin, en tilgangurinn með framangreindri verkaskiptingu er að nemendur kynnist verklagi í líkingu við það sem tíðkast í kvikmyndageiranum Stór og flókin framleiðsluverkefni kalli oft á verkaskiptingu sem líkja megi við „mósaík“.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Vinna þarf markvisst að því að kynna hæfniviðmið fyrir kennurum skólans og kenna þeim að nýta þau í kennslu m.a. í tengslum við námsmat og kennsluaðferðir. Það kom fram í viðtölum við kennara að flestir þeirra höfðu ekki unnið með hæfniviðmið eða fengið útskýringar á hugtökunum. Einungis tveir af þeim kennurum sem rætt var við gera sínar kennsluáætlanir með hliðsjón af námskrá skólans, styðjast við hugtök í skólanámskránni og nota hæfniviðmið markvisst við gerð kennsluáætlunar í sínu námskeiði. Þetta þarf að vera útbreiddara og sérstaklega meðal stundakennara, í ljósi fjölda þeirra við skólann.
- ✓ Deildarforsetar eða kennslustjóri þurfa að fylgja betur eftir skilum, yfirferð og eftirfylgni á kennsluáætlunum. Í máli deildarforseta kom fram að erfitt gæti reynst að kalla eftir kennslulýsingum þar sem fólk væri upptekið og kæmi oft beint í kennslu úr öðrum störfum. Skólinn þarf að gera þá kröfu til starfsmanna að farið sé eftir fyrirfram settum viðmiðum varðandi skil kennsluáætlana og námsmats.
- ✓ Námsmat er misjafnlega útfært í kennsluáætlunum og jafnvel dæmi um að lýsing samanstandi af örfáum orðum í sumum tilvikum er námsmat ekki sundurliðað eftir efnispáttum og vægi, heldur einungis sagt frá í hverju það felst s.s. mætingu, verkefni, stuttmynd o.þ.h. Þetta er algengara í smærri námskeiðum með lítið einingavægi og lokaverkefnum.

- ✓ Vinna þarf markvisst með kennurum að tengingu námsmats við hæfniviðmið kennsluáætlana.
- ✓ Tilnefna þarf aðila, hvort sem það eru deildarforsetar, kennslustjóri eða aðrir, sem hafa forsendur til að fara yfir kennsluáætlanir námskeiða til að leiðbeina kennurum varðandi atriði sem betur mega fara í kennsluáætlunum.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint úrbótatækifæri á þessu sviði og sett eftirfylgni með skilum á kennsluáætlunum á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi.

3.3.2. Námsmat

Samkvæmt kafla 3.1 í aðalnámskrá framhaldsskóla þurfa matsuðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Í skólareglum (17. gr.) er námsmat skólans skilgreint. Þar kemur fram að niðurstöður námsmats eru samansettar úr einkunnargjöf og skriflegum umsögnum um verkefni og vinnu nemandans. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 1 – 10. Skýrar forsendur eru gefnar fyrir því hvað liggja á bak við hverja einkunn:

- 10 fyrir fullkomin tök á efninu og framúrskarandi úrlausnir.
- 9 – 9,5 fyrir framúrskarandi skilning og færni.
- 8 – 8,5 fyrir góða þekkingu og skilning.
- 7 – 7,5 fyrir greinargóða þekkingu.
- 5,5 – 6,5 fyrir sæmilega þekkingu á grundvallaratriðum.
- 5 fyrir lágmarksþekkingu á grundvallaratriðum.
- 0 – 4,5 fyrir óviðunandi úrlausn.

Skriflegar umsagnir skulu vera að lágmarki fimm málsgreinar, skv. 17. gr. reglna skólans, og skulu þær bæði beinast að verkefnum sem um er fjallað og persónulega að nemandanum. Áhersla skal lögð á að umsagnir fjalli bæði um veikleika og styrkleika og að þær séu uppbyggilegar fyrir nemandann.

Þar kemur einnig fram lýsing á þeim þáttum sem liggja að baki mati á framleiðslu/kvikmyndum nemenda.

- Ástríða nemandans gagnvart verkinu og ástundun.
- Skipulag og skil.
- Tæknilegir þættir verks.
- Listrænir þættir verks.
- Atriði sem nemandi vil leggja áherslu á sem sitt sérsvið.

Skriflegar umsagnir skipa stórt vægi í námsmati KVÍ bæði í verkefnum í námskeiðum og lokaverkefnum. Kennari ræður námsmati og gefur einkunnir nema ef um dómnefndir er að ræða. Í reglum kemur fram að kennari verði að kynna námsmat og vægi þátta í upphafi námskeiðs fyrir nemendum.

Leyft er að gefa staðið/fallið í námskeiðum þar sem ekki er um eiginleg verkefnaskil að ræða.

Í námskrá skólans eru hæfniviðmiðið og námsmat sett fram fyrir hverja deild og hvert námskeið í námskrá skólans. Það er síðan í höndum hvers deildarforseta og kennara að útfæra það fyrir hvert fag. Fram kom í viðtölum við kennara að misjafnt er eftir deildum hvernig þessu er fylgt eftir í kennsluáætlunum og við kennsluna sjálfa. Kennarar hafa frjálssar hendur, eins og kemur fram í reglum, með val á námsmati en ekki hefur verið lagt upp úr því markvisst að kynna tengsl námsmats við hæfniviðmið fyrir kennurum. Í máli nemenda kom einnig fram að það væri mjög misjafnt eftir kennurum hvernig þeir notuðu kennsluáætlanir og fæstir könnuðust við að kennarar horfðu til hæfniviðmiða þegar kom að námsmati.

Kennarar eru meðvitaðir um að nám og kennsla í þessum fræðum kalli mikið á huglægt námsmat og nota matstæki sem gagnast í því tilviki s.s. símat og jafningamat. Allir þeir sem rætt var við nota símat í einhverri mynd en einungis tveir voru með skrásett viðmið fyrir það símat.

Nemendur í rýnihópum voru sáttir við námsmatið. Töldu gott að hafa símat og umsagnir þar sem þeir gætu reglulega fylgst með árangri sínum. Dæmi voru um að nemendur noti umsagnir sem grunn að markmiðum næstu annar.

Vegna smæðar skólans er fylgst vel með hverjum og einum nemanda sem fá, í mörgum tilfellum, reglulegt persónulegt mat.

Mat úttektaraðila

- ✓ Skilgreining á námsmati í reglum skólans í skólanámskrá er skýr.
- ✓ Notkun á símati er útbreidd og viðurkennd aðferð meðal kennara.
- ✓ Umsagnir í námsmati eru yfirleitt vandaðar og vel ígrundaðar.
- ✓ Smæð skólans gefur kost á persónulegu mati.
- ✓ Að baki lokaverkefnum í námskeiðum og lokaverkefnum námsins er vel ígrundað námsmat þar sem dómnefnd kemur að matinu. Dómnefndir eru valdar með það í huga að í þeim séu aðilar sem þekki vel til þeirra þátta kvikmyndagerðar sem um ræðir í hvert skipti. Í lokaverkefnum eru utanaðkomandi fagmenn fengnir til aðstoðar við námsmat.
- ✓ Tengja þarf námsmat við hæfniviðmið og kennsluhætti. Nokkur misbrestur er á því að þetta hafi ratað inn í kennsluáætlanir.
- ✓ Námsmat er misjafnlega útfært í kennsluáætlunum. Oft er einungis um nokkur orð að ræða. Í sumum tilfellum er námsmat ekki sundurliðað eftir efnisþáttum og vægi, heldur einungis sagt frá í hverju það felst s.s. mætingu, verkefni, stuttmynd o.þ.h. Þetta er algengara í smærri námskeiðum með lítið einingavægi og lokaverkefnum.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint ýmis framangreindra atriða sem úrbótatækifæri og sett rýni og uppfærslu verklagsreglna og vinnulýsingar um námsmat, auk útgáfu handbókar um námsmat fyrir kennara með vinnulýsingum, á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Nauðsynlegt er að sú vinna haldi áfram með skipulögðum hætti.

3.3.3. Vinnuálag

Nemendur í rýnihóp töldu vinnuálag mjög misjafnt eftir námskeiðum. Oft væri mikil vinna fyrir 2 einingar í einu námskeiði en minna í öðru. Þeir töldu sig fá mikið út þeirri vinnu sem fram fer og nefndu að þau gerðu sér grein fyrir að þau þyrftu að leggja mikið á sig til að ná árangri

Viðtöl við deildarforseta og kennara leiddu í ljós að ekki hefði verið farið í markvissa vinnu sem beindist að því að meta sérstaklega vinnuálag nemenda að baki hverri einingu í námskeiðum með hliðsjón af ákvæðum laga, reglugerða, aðalnámskrá, skólanámskrá og samanburði kennara í umræðu um vinnuálag almennt. Þetta hefði þó verið rætt innan hópsins og meðal deildarforseta.

Mat úttektaraðila

- ✓ Markvissa vinnu þarf til að skoða vinnuálag að baki hverri einingu og samræma það á milli námskeiða.
- ✓ Samræma þarf vinnuálag miðað við einingarfjölda út frá ákvæðum laga auk aðal- og skólanámskrár.
- ✓ Skoða þarf sameiginlega vinnu nemenda í kjarna miðað við önnur námskeið með vinnuálag í huga.

3.3.4. Kennslumat

Kennslustjóri leggur fyrir kennslumat í hverju námskeiði í lok hverrar annar. Í því er spurt 24 spurninga er lúta að námi og kennslu í námskeiðinu, auk einkunnagjafar nemenda fyrir hvort tveggja kennara og námskeið. Ekki er unnið sérstaklega með matið að öðru leyti en því að rætt er við kennara sem ekki koma vel út í matinu.

Í viðtölum við deildarforseta kom fram fullur vilji til að nota matið á markvissari hátt sem gæðatæki og gera það sýnilegra öllum kennurum í þágu bættra gæða í kennslu.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Kennslumatið þarf að nota með markvissari hætti sem tæki til að mæla gæði kennslunnar. Allir kennarar ættu að fá aðgang að sínu mati, ekki einungis þeir sem koma illa út úr kennslumati.
- ✓ Vinna þarf árlega skýrslu þar sem samanburður á árangri í kennslu kemur fram. Það hjálpar jafnframt við endurskoðun á skólanámskrá.
- ✓ Einfalda þarf uppsetningu kennslumatsins, hafa færri og markvissari spurningar sem mæla kennsluáðferðir, kennsluefni, vinnuálag, námsmat og frammistöðu kennara. Kvarði á tölulegum skala 1 -5 eða 1 – 10 gefur betri mynd af svörum nemenda ef nota á niðurstöður til mælinga og tölfraðilegra úttekta.
- ✓ Markmið hvers deildarforseta ætti að vera að allir kennarar komi út úr kennslumati með fullt hús stiga.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint úrbótatækifæri á þessu sviði og sett markvissari notkun kennslumats í umbótastarfi á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Nauðsynlegt er að sú vinna haldi áfram með skipulögðum hætti.

3.3.5. Mat á námi

Í viðtölum kom fram að forysta skólans telur viðurkenningu á 4. þrepi forsendu þess að skólinn geti starfað með eðlilegum hætti. Jafnframt kom fram að það markmið að fá slíka viðurkenningu skýri þau ECTS-tímaviðmið sem skólinn hefur notast við í náminu. Skólinn hyggst m.a. sækjast eftir formlegum samskiptum við viðurkenndan háskóla varðandi viðurkenningu á einingum samstarf og samvinnu.

Í 8. og 12. gr. reglna skólans kemur fram að notaðar séu FEIN-einingar samkvæmt 3. þrepi framhaldsskólastigs en tímaviðmið séu ECTS-einingar samkvæmt 4. þrepi framhaldsskólastigs, þ.e. 25 – 30 klukkustundir að baki hverri einingu. Þetta eigi við um öll námskeið skólans. Yfirferð á skólanámskrá og námsbrautarlýsingum staðfestir að nær allir áfangar nota tímaviðmið ECTS-eininga þar sem reiknað er með 25 – 30 klst. vinnu að baki hverri einingu í stað 18 – 24 klst. samkvæmt FEIN-einingum.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Yfirferð á skólanámskrá og námsbrautarlýsingum staðfestir að nær allir áfangar nota tímaviðmið ECTS-eininga þar sem reiknað er með 25 – 30 klst. vinnu að baki hverrar einingu.
- ✓ Mælikvarði eininga er fjölþættari en einungis tímaviðmið. Samkvæmt 9. kafla aðalnámskrár framhaldsskóla er við útreikning á fjölda framhaldsskólaeininga tekið tillit til þátttöku nemenda í kennslustund óháð kennsluformi, vinnustaðanáms undir umsjón tilsjónarmanns, starfsþjálfunar á vinnustað eða í skóla, þátttöku í námsmati svo sem próftöku, og heimavinnu, verkefnavinnu og annarrar vinnu sem ætlast er til að nemandi sinni.
- ✓ Af þeim gögnum sem aflað var má sjá að skólinn hefur í námskrár- og gæðakerfisvinnu farið yfir námskeið skólans og metið hvort einingafjöldi standist mælikvarða. Að mati úttektaraðila er þörf á að sú vinna verði bæði markvissari og ítarlegri.

3.4. Fyrirkomulag náms og kennslu

Námið er kennt í fjórum deildum með sameiginlegum kjarna sem sjálfstæðri deild þvert á aðrar deildir: I. Leikstjórnar- og framleiðsludeild, II. Tæknideild, III. Handrita- og leikstjórnardeild og IV. Leiklistardeild.

Allar deildir skiptast í grunninn í fjóra hluta: sérgrein sem hefur kastljósið í hverri deild, stoðgrein með þremur námskeiðum, kvikmyndagerð og kjarna. Miðað er við að sérgreinarnámskeið séu með stighækkandi getu út í gegnum námið. Skipulagið auðveldar yfirsýn deildarforseta og forystu skólans varðandi breytingar og viðbætur námskeiða.

Í kjarna eru samkvæmt námskrá fög sem ætlað er að byggja upp sameiginlegan grunn fyrir alla nemendur skólans í tæknivinnslu, myndmáli, kvikmyndasögu og greiningu, bókhaldi og rekstri. Í kjarna eru einnig námskeiðin Samvinna milli deilda (SAM) þar sem nemendur þurfa að vinna í samstarfi við aðrar deildir.

Mikið er lagt upp úr samstarfi nemenda af öllum önnur í formi stuttmynda, einstaklings og hópavinnu þar sem nemendur læra grunnþætti framleiðslu, handritagerð, upptökur, klippingu, hljóðvinnslu og eftirvinnslu. Kemur þetta m.a. fram í námskeiðunum samvinna milli deilda (SAM), tæki og tækni (TÆK) og í lokaverkefnum nemenda bæði í annar- og námslok.

Deild 1 – leikstjórn og framleiðsla. Deildin býður uppá nám í kvikmyndaleikstjórn og framleiðslu kvikmynda. Nemendur eru þjálfaðir til að starfa við margar gerðir kvikmynda og myndmáls. Mest áhersla er þó lögð á leikið efni og nemendur framleiða og leikstýra þremur leiknum stuttmyndum í náminu auk þess að vinna að einstaklings- og hópaverkefnum.

Deild 2 – tækni. Í deildinni eru menntaðir kvikmyndatökumenn, klipparar, hljóðhönnuðir og leikmyndahönnuðir. Kvikmyndataka, klipping og hljóðhönnun hafa jafnt vægi út námið en nemendur geta stýrt sérhæfingu með þátttöku í ýmsum kvikmyndaverkefnum. Nemendur skila af sér tveimur stuttmyndum sem eru þeirra höfundarverk.

Deild 3 – handrit/leikstjórn. Deildin er fyrir þá sem vilja læra að skrifa handrit og leikstýra þeim. Áhersla er lögð á að kenna handritsgerð fyrir margvíslegar tegundir kvikmynda, allt frá heimildamyndum til bíómynda í fullri lengd. Nemendur vinna að mörgum handritum samhliða auk þess sem þeir leikstýra lokaverkefni á hverri önn.

Deild 4 – leiklist. Í deildinni er boðið upp á nám í leiklist fyrir kvikmyndir. Jafnframt eru nemendur þjálfaðir í grunnatriðum kvikmyndagerðar. Námið er hefðbundið leiklistarnám. Nemendur leika í fjölda verkefna og þurfa að stjórna gerð tveggja stuttmynda þar sem þeir eru í aðalhlutverki.

Samkvæmt 9. gr. reglna skólans er hver deild sjálfstæð skólaeining og fer forseti deildarinnar með yfirstjórn hennar sbr. 6. gr. Allar deildirnar eru tveggja ára nám, 120 einingar (FEIN) með lokaprófi á 3. hæfniprepi í kvikmyndagerð, sbr. 19. gr. laga um framhaldsskóla.

Kennsluárið er tvö misseri, vor- og haust misseri. Gert er ráð fyrir 17 kennsluvikum, prófa- og frídagar meðtaldir. Útskriftir fara fram tvisvar á ári, haust og vor, skv. 11. gr. reglna skólans.

Mikil vinna við skipulagningu námsins og námskeiðauppbyggingu innan deilda hefur farið fram síðustu misseri. Stjórnarformaður og rektor hafa haft veg og vanda af þeirri uppbyggingu sem birtist í núverandi námskrá skólans. Þróunarvinna hefur tafist nokkuð vegna utanaðkomandi aðstæðna, húsnæðimála, samninga og fleira. Í viðtölum kom fram það mat að það standi eðlilegri starfsemi deildanna fyrir þrífum að ekki sé gerður fjárveitingasamningur við skólann til lengri tíma en eins árs í senn. Tími og orka yfirstjórnar skólans hafi þannig farið í að sinna öðrum málum en innri þróun, skipulagi á námi og uppbyggingu gæðastarfs.

Mikið er lagt er uppúr alþjóðlegu samstarfi við CILECT, alþjóðasamtök kvikmyndaskóla en skólinn tekur þar þátt í alþjóðlegu starfi, nemenda- og kennaraskiptum, námstefnum, kvikmyndahátíðum og fleiru, sbr. 29. gr. reglna skólans. Skólinn fékk viðurkenningu alþjóðasamtakanna árið 2012 sem var stórt stökk fyrir skólans að mati viðmælenda. Skólinn hefur það að takmarki að verða í röð 10 bestu kvikmyndaskóla á næstu 5 – 10 árum. Rektor telur að skólinn standi ágætlega tæknilega og hafi burði til að standa við þetta markmið.

Sameiginleg námskeið nemenda í kjarna sem ná þvert á deildir og annir eru að sögn deildarforseta og rektors hryggjarstykkið í kennslunni þar sem nemendur kynnast allri aðkomu að kvikmyndagerð óháð því í hvaða deild þeir stunda nám. Námskeiðin eru Tæki og tækni (TÆK 106 – TÆK 204), Samstarf milli deilda (SAM 101 – 401) og Bíólingur, sem hefur verið lýst ítarlega fyrir í úttektinni. Verkefnið er unnið með fagfólki í öllum þáttum og aðkoma nemenda er á þann hátt að nemendur handritadeildar skrifa handrit, leikarar fá hlutverk, leikstjórnarnemendur aðstoða við leikstjórn, tæknideild sér um upptökur og verkið er í lokin sýnt í Bíó Paradís.

Í máli nemenda kom fram að ánægða ríkti með þessi námskeið og þeir teldu þau skila miklu. Sama má segja um deildarforseta sem telja námskeiðin mikilvægan hlekk í uppbyggingu námsins.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Sú vinna sem lögð hefur verið í námskrá hvað varðar fyrirkomulag, uppbyggingu og skipulag námsins er góð.
- ✓ Tryggja þarf að vinna við skipulagningu námsins og uppbyggingu námskeiða innan deilda verði formfest og haldið áfram með skipulögðum hætti.

3.4.1. Kennsluhættir

Úttektaraðilar sátu sjö kennslustundir í öllum deildum. Um var að ræða fyrirlestra, verklega tíma, lokatíma námskeiðs og verkefnaskil. Í öllum tilfellum náði kennari vel til nemenda og samstarf milli nemenda og kennara var gagnvirk. Smæð bekkjanna skapaði afslappað andrúmsloft og ákveðin nánd myndaðist meðal þátttakenda. Kennarar voru leiðbeinandi og nemendur í flestum tilfellum jákvæðir og tóku virkan þátt.

Námið er framleiðslutengt með faglegum viðmiðum til grundvallar. Innan skólans eru reglulega opnir tímar þar sem nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar. Þá koma þeir kennarar, nemendur og starfsmenn sem tók hafa á og kynna sér sköpunarverk þeirra.

Kennsluhættir eru eðli málsins samkvæmt fjölbreyttir þar sem um mikla verklega kennslu er að ræða. Við rýni á námsskrá og kennsluáætlunum, setu í tímum og viðtölum við kennara og nemendur kemur í ljós að reynt er að blanda saman verklegri og bóklegri kennslu eins og kostur er. Samvinna nemenda er rauði þráðurinn í kennslu í mörgum fögum – í kjarna jafnt sem öðrum deildum.

Sem dæmi má nefna vinnu í kjarna – deild 1. Nemendur í rýnihóp töldu að vinna í kjarna væri góð og skilaði miklu, sérstaklega í byrjun námsins. Almennt væri tekið tillit til þess að verið væri að vinna í verkefnum með öðrum á skólatíma og því þurfi nemendur svigrúm til að fara úr tímum. Það þyrfti þó að skipuleggja betur með það í huga að oft væri mikil skörun á tímum sem hægt væri að komast hjá með betra skipulagi. Þar nefndu þau sem dæmi áfangann SAM (Samstarf milli deilda) og TÆK. Nemendur töldu sig ekki hafa svigrúm til að vinna í þessum námskeiðum með góðu móti nema utan hefðbundins skólatíma. Hægt

væri að semja um að fá tíma hjá kennara en það væri oft erfitt vegna efnis í öðrum námskeiðum sem þau gætu ekki misst af. Þeim fannst skjóta skökku við að það væri mætingaskylda í námskeið á sama tíma og ætlast væri til að nemendur væru að vinna saman að verkefnum. Sama kom fram í svörum tveggja deildarforseta sem fannst ekki þægileg staða að neita nemenda um að vinna með öðrum að sameiginlegu verkefni en missa þá jafnframt af kennslu. Ákveðin þversögn fælist í þessari stöðu sem erfitt væri að laga.

Nemendur töldu að betra eftirlit þyrfti að vera með áfanganum þar sem mögulegt væri að merkja við hvert hjá öðru og „gefið“ tíma, þ.e. staðfesta að samvinna hafi farið fram. Nemendur bentu á að í samstarfi milli deilda vantaði nemendur rafrænan vettvang til að auðvelda leit að fólki fyrir samstarfsverkefni.

Nemendur voru þó á heildina ánægðir með áfangann og töldu hann m.a. mjög gott „stökk“ fyrir feimið fólk. Þá kæmu kennarar og starfsfólk til hjálpar ef nemendur lentu í vandræðum með að finna verkefni og samstarfsfólk.

Nemendur nefndu kvikmyndasögu sem áfanga sem þarfnaðist endurskoðunar. Var nefnt að lítið eftirlit væri með mætingu í áfanganum. Nemendur kæmust upp með að fylgjast lítið með í tímum og lokaverkefni væri ekki í takt við kennsluáætlun. Þá nefndi einn nemandi að hann hefði setið nokkra slíka áfanga í framhaldsskóla en ekki fengið neitt metið. Annar talaði um að mögulegt væri að tengja kvikmyndasögu við listasögu og gera úr því einn skemmtilegan „pakka“ þar sem sá áfangi þarfnaðist einnig endurskoðunar.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Kennsluhættir við skólann eru almennt góðir.
- ✓ Það er jákvætt að hafa opna tíma þar sem kennarar, nemendur og annað starfsfólk mætir og getur kynnt sér afrakstur vinnu nemenda.
- ✓ Endurskipuleggja þarf vinnu nemenda í sameiginlegum námskeiðum s.s. TÆK og SAM þar sem hún skarast við annað skólastarf. Gera verður ráð fyrir tíma til þeirrar vinnu og samstarfs innan stundatöflu.
- ✓ Fara þarf yfir gæði einstakra námskeiða og taka á vanda sem upp hefur komið s.s. í lista- og kvikmyndasögu.

- ✓ Koma á kennslu á vef (vendikennslu) í þeim fögum þar sem mikið er um fyrirlestra og myndmál sem hægt er að miðla rafrænt. Þá skapast rými til verkefnavinnu og rýni með nemendum.

3.4.2. Námslok

Skólinn býður upp á starfsmiðað, fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi með lokaprófi á 3. hæfniprepi í kvikmyndagerð, sbr. 19. gr. laga um framhaldsskóla. Til að fá brautskráningu þurfa nemendur að hafa lokið öllum námskeiðum samkvæmt námskrá við upphaf náms. Þeir skulu einnig vera að fullu skuldlausir við skólann, skv. 11. gr. reglna skólans.

3.5. Hæfiskilyrði starfsmanna

Meginstefna skólans er að kennarar séu virkir og starfandi kvikmyndagerðarmenn og leikarar, skv. 6. gr. reglna skólans. Stærsti hluti kennara við skólann eru stundakennarar en aðalstarf þeirra er á einhverju sviði kvikmyndagerðar, söngs eða leiklistar. Skólinn gerir þær kröfur til kennara og stundakennara að þeir séu með menntun og/eða mikla reynslu á því sviði sem þeir kenna á og að þeir séu virkir í greininni. Aðilar með kennararéttindi ganga að öllu jöfnu fyrir um störf. Samkvæmt 14. gr. reglna skólans verða þeir að hafa ótvíræða kennsluhæfileika og vera tilbúnir að tileinka sér þær kennsluáðferðir sem skólinn vinnur eftir.

Vegna meginkröfu skólans um hæfiskilyrði starfsmanna hefur nær eingöngu fagfólk möguleika á því að sinna stundakennslu við skólann. Stundakennarar eru 86 veturinn 2014 – 2015, þar af eru 30% konur og 70% karlar. Þau hafa mismikla reynslu sem kennarar, mörg eru reynd og hafa kennt víða. Yfirleitt er talið auðvelt að fá kennara til starfa þar sem þeir vinna í iðnaðinum og hafa skilning á mikilvægi þess að fólk sem starfar við kvikmyndagerð kenni við skólann.

3.5.1. Móttaka kennara

Ráðningar fara í gegnum deildarforseta með samþykki rektors. Áður en kennsla hefst fundar hann með kennslustjóra, sem metur hjá honum áætlanir og lætur hann hafa kynningargögn, sbr. 19. gr. reglna skólans.

Ekki er boðið uppá nein kennslufræðinámskeið fyrir kennara eða þeim gert að sækja sér slíka þekkingu. Þegar þetta var rætt við deildarforseta báru þeir við að það stæði eðlilegri starfsemi deildanna fyrir þrifum að ekki væri fyrir hendi fjárveitingasamningur við skólann

til lengri tíma en eins árs í senn. Einnig að skólinn væri búinn að vera í hremmingum með húsnæði og fleiri þætti svo tími hefði farið í annað en að sinna þessum málum. Þeir voru allir sammála um nauðsyn slíkrar menntunar.

3.5.2. Símenntunarstefna

Fram kom í viðtölum við kennara að þeir vildu gjarnan sjá skólann móta sér símenntunarstefnu. Einn kennari taldi að námskeið í kennslufræðum yrði kærkomin viðbót við sína reynslu. Hann hefði alla sína vitneskju úr eigin ranni en ekki mikla kennslureynslu annars staðar frá. Annar vildi sjá meiri þróun í kennslumálum innan skólans en taldi hana ekki hafa verið sem skyldi. Vilji og mannskapur væri til að vinna að slíku en ákveðin pattstaða hafi ríkt vegna aðstæðna og húsnæðismála.

Núverandi stefna forystu skólans er að leggja áherslu á styrkingu kennslufræðilega þáttarins í vinnu kennara. Samkvæmt upplýsingum er unnið að innleiðingarnámskeiði í kennslufræði, námskrá, námsmati o.fl., sem hefst á vorönn 2015. Verður námskeiðið hluti af stefnu eða áætlun í símenntunarmálum til viðbótar við meginstefnu skv. 6. gr. reglna skólans um að kennarar séu virkir og starfandi kvikmyndagerðarmenn og leikarar. Verða allir kennarar beðnir um að mæta á námskeiðið að sögn forystu skólans. Gert er ráð fyrir að námskeiðið muni þróast eftir því sem frá líður. Skólinn hyggst kynna fyrirkomulag þessa starfs betur í greinargerð um innra mat og um fagmennsku og gæði, sem honum er skylt að skila ráðuneytinu samkvæmt samningi frá 30. júní 2014.

Að sögn forystu skólans er þessi vinna hluti af því gæðakerfi sem er í hönnun og úttektaraðilum hefur verið kynnt. Almennt er reiknað með að frekari þróun gæðakerfis muni kalla á fleiri námskeið með starfsfólki þar sem greining fræðsluþarfa er liður í breytingaferlinu.

Varðandi símenntunarstefnu almennt fyrir fagið og þar með fyrir kennara skólans hefur lengi verið á áætlun skólans að koma á styttri námskeiðum bæði fyrir fagið og eldri nemendur að sögn forystumanna skólans. Í því sambandi er bent á að skólinn hefur í 22 ára sögu sinni öðlast mikla reynslu í námskeiðahaldi af ýmsu tagi. Ætlun skólans er að ráðast í þessa vinnu þegar tækifæri gefst.

Hins vegar er símenntun starfsfólks að öðru leyti á ábyrgð þess sjálfs. Í viðtölum var bent á að flestir kennarar skólans eru virkir í kvikmyndagerðarmálum og hafa að því leyti annast

símenntun sína sjálfir. Við ráðningu á kennurum og öðru starfsfólki hafi m.a. verið litið til þeirrar reynslu sem það hefur aflað sér.

KVÍ hefur frá árinu 2012 átt fulltrúa á ársfundi alþjóðasamtaka kvikmyndaskóla, CILECT. Að mati forystu skólans er það kjörinn vettvangur til að sækja nýjustu strauma í starfsemi kvikmyndaskóla. Samkvæmt viðtölum hefur fulltrúi skólans á ársfundum ávallt kappkostað að deila þeim fróðleik með öðru starfsfólki.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Leggja þarf meiri meiri alúð við móttöku nýrra kennara og styrkja þá með markvissum hætti.
- ✓ Hefja þarf skipulega vinnu við að styrkja kennslufræðilega innviði, þ.m.t. með námskeiðum í kennslufræði, námskrá, námsmati o.fl. með sérstakri áherslu á stundakennara skólans.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint úrbótatækifæri á þessu sviði og sett endurskoðun og útgáfu uppfærðra reglna um starfsmannamál, ritun verklagsreglna um móttöku nýs starfsfólks og tilheyrandi kynningarefni, auk hönnunar á námskeiði fyrir nýtt starfsfólk / nýja kennara, á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Nauðsynlegt er að framangreind vinna verði fest í sessi og haldi áfram með skipulögðum hætti.

3.6. Inntökuskilyrði nemenda

Umsækjendur í allar deildir skólans skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi, skv. 10. gr. reglna skólans. Þar segir jafnframt að við mat á nemendum inn í skólann sé bakgrunnur nemenda skoðaður hvað varðar menntun, atvinnureynslu og lífsreynslu almennt. Umsækjendur þurfa að mæta í inntökuvíðtöl, en umsækjendur í deild IV, leiklistardeild þurfa auk þess að þreyta verklegt inntökupróf ásamt viðtölum. Deildarforsetar ásamt völdum kennurum skipa inntökunefndir við skólann. Reynt er að meta hvernig námið í Kvikmyndaskóla Íslands muni henta viðkomandi nemanda og hversu líklegt sé að nemandi geti náð góðum árangri að námi loknu.

Skólanum er þó heimilt skv. 10. gr. reglna skólans að veita inngöngu í skólann umsækjendum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem telst fullnægjandi undirbúningur fyrir

nám við skólann. Rektor ákveður samkvæmt umsögn inntökunefndar hvaða nemendum skuli veitt innganga í skólann á þessum forsendum.

Tekið er við nýnemum inn í skólann bæði á haust- og vorönn. Auglýst skal eftir umsóknum á haustönn eigi síðar en 1. apríl og skal inntöku vera lokið 10. maí. Auglýst skal eftir umsóknum á vorönn eigi síðar en 1. október og skal inntöku vera lokið 10. nóvember. Hámarksfjöldi í hvern bekk eru 12 nemendur. Leitast skal við að hafa jafnræði kynja í bekkjum.

Frá 2010 hefur KVÍ tekið inn að meðaltali 30 nemendur tvisvar á ári og því hafa 120 nemendur að jafnaði verið við nám í skólanum á hverjum tíma. Meðalfjöldi umsókna hefur á sama tíma verið 185 á ári. Haustið 2014 er meðalaldur nemenda 26 ár, enginn nemandi er undir 18 ára aldri.

Almennt voru viðmælendur sammála, bæði kennarar og nemendur, um að inntaka nemenda sé í góðu horfi aðferðafræðilega séð. Tveir kennarar töluðu um að of margir nemendur væru teknir inn sem ekki hefðu nægan grunn eða væru almennt tilbúnir til verksins. Ekki sé hægt að auglýsa námsframboðið nægjanlega vel þar sem ekki hafi verið gerður fjárveitingasamningur við skólann til lengri tíma en eins árs í senn, sem aftur leiddi til að skólinn hefði ekki haft fjárráð eða markaðslegt rými til að auglýsa sig. Kynning á skólanum væri því ófullnægjandi, sem kæmi í veg fyrir að skólinn fengi þann fjölda góðra umsókna sem þyrfti. Heppilegra væri ef skólinn gæti valið úr stærri hópi umsækjenda.

Þrír af þeim kennurum sem rætt var við töldu að mikill munur væri á nemendum sem væru með framhaldsskólamenntun og þeirra sem metnir væru inn á öðrum forsendum. Nemendur með framhaldsskólamenntun voru almennt sagðir agaðri, mæta betur og það væri auðveldara að vinna með þeim frá upphafi, því búið væri að skóla þá til. Einn kennari nefndi sérstaklega að margir af þeim sem ekki væru með framhaldsskólamenntun væru afar hæfileikaríkir og stæðu sig jafnframt vel.

Nemendum í rýnihóp þótti faglega að þessu staðið og voru sáttir við það ferli sem þeir fóru í gegnum. Nokkrir tiltóku að þeir hefðu fundið fyrir því að það var fólk með mikla reynslu sem talaði við þá og fóru í gegnum ferlið með þeim. Einn viðmælenda sem að eigin sögn hefur ekki fullt vald á íslensku taldi að þetta hefði verið afslappað og fínt og það ekki háð honum að vera af erlendu bergi brotinn.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Sérstaklega þarf að gæta að því að umsækjendum sem ekki eru taldir hafa nægilegan grunn sbr. 10. gr. reglna skólans sé ekki boðin skólavist.
- ✓ Gæta þarf að því að hafa ákveðin, fyrirfram skilgreind og sett viðmið, þegar umsækjendur sem ekki hafa stúdentspróf eru metnir inn í skólann. Ekki megi eingöngu byggja á huglægu mati og tilfinningu dómnefndar.
- ✓ Skólinn hefur þegar greint úrbótatækifæri á þessu sviði og sett endurskoðun og útgáfu uppfærðra reglna um undanþágur frá stúdentsprófskröfu á áætlun inn í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Nauðsynlegt er að sú vinna haldi áfram með skipulögðum hætti.

3.6.1. Móttaka nemenda

Móttökuáætlun skv. 19. gr. reglna skólans hefst strax þegar nemandi sækir rafrænt um á neti. Þegar nemandi skilar inn umsókn er honum þökkun þátttökan og gefnar upplýsingar um hvenær inntökuvíðtöl eða próf verða haldin. Að loknum inntökuvíðtölum og prófum fá allir umsækjendur svar um hvort þeir hljóta skólavist.

Sem hluti af skólasetningu er sérstök kynning á húsnæði, kennsluáðstöðu og umgengnisvenjum, skv. 19. gr. Inn í nýnemakennslu fyrstu vikunnar er tvinnuð hópefli af ýmsu tagi. Markmiðið er að nemendur nái skjótt að tengjast inn í hópinn og að nýta sér aðstöðu skólans.

Nemendur í rýnihóp voru sammála um að vel hefði verið tekið á móti þeim við skólabyrjun. Mikill stuðningur hefði verið af hálfu samnemenda og starfsfólks. Þeir hefðu fundið fyrir öryggi og kunnað vel við sig. Sérstaklega var tiltekið hversu heimilislegur og hlýlegur skólabragurinn er, sem dæmi væri nemendum og starfsfólki boðið góðan daginn við komu í skólann.

Strax í upphafi náms er vinna í kjarna sem kynnir fyrir nýjum nemendum grunnatriði alls er viðkemur kvikmyndagerð – í einskonar smækkaðri mynd. Nemendur lærðu þannig frá upphafi að gera sér grein fyrir „út í hvað þau væru að fara“. Töldu nemendur það mikilvægt til þess að spyrja sig: „af hverju er ég hérna“? Einn viðmælenda orðaði það svo, að gott væri að vera hent strax út í djúpu laugina því þau gerðu sér grein fyrir að öruggt umhverfi skólans endurspeglaði ekki þann starfsvettvang sem þau væru búin að velja sér. Annar taldi

að það að gera kvikmynd í kjarna í upphafi kynnti rækilega fyrir þeim alla þætti kvikmyndagerðar og opnaði þannig sýn á hluti sem annars voru ókunnir og jafnvel ekki innan áhugasviðs þeirra.

3.7. Réttindi og skyldur nemenda

3.7.1. Ástundun náms

Kvikmyndaskólinn gerir, skv. 16. gr. reglna skólans, kröfu um fulla mætingu í alla tíma og fullnægjandi skilum allra verkefna. Séu fjarvistir, þar með talið vegna veikinda, umfram 20% af heildarfjölda kennslutíma telst nemandi fallinn á námskeiðinu. Sé um að ræða sérstakar og óviðráðanlegar ástæður getur nemandi sótt um undanþágu frá þessari reglu til deildarforseta. Í erindi skal koma fram haldbær skýring á fjarvistum nemanda og tillögur um hvernig hann hyggst koma til móts við kröfur námskeiðsins. Þurfi að gera sérstakt verkefni, eða bæta nemanda upp kennslu með einhverjum hætti skal nemandi greiða fyrir það sérstaklega.

3.7.2. Skólareglur

Öllum nýnemum skulu, skv. 20. gr. reglna skólans, kynntar rækilega almennar umgengnisreglur skólans strax við upphaf náms. Reglunar eru átta talsins, svohljóðandi:

1. Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal höfð að leiðarljósi í samskiptum nemenda og starfsfólks og alls staðar þar sem komið er fram í nafni skólans. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans.
2. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu og annarrar starfsemi á dagskrá skólans. Í námskeiðum þar sem er mætingarskylda skal nemandi sækja a.m.k. 80% tímanna til að hafa rétt til útskriftar af námskeiði.
3. Nemendur skulu sýna góða umgengni í skólanum og á lóð hans.
4. Reykingar eru óheimilar í húsnæði og á lóð skólans. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsakynnum skólans.
5. Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í kennslu- og vinnslustofum.
6. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á verðmætum sínum.
7. Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnæði skólans eða eigum hans skulu þeir bæta að fullu.
8. Brot á reglum þessum geta leitt til brottvikningar úr skóla.

3.7.3. Réttindamál

Allt myndefni sem framleitt er í skólanum er eign Kvikmyndaskóla Íslands, skv. 32. gr. reglna skólans, og skólinn hefur rétt til þess að birta það og gefa út, undir nafni skólans í öllum birtingarmiðlum. Komi til sýninga eða sölu á efninu til þriðja aðila skulu þeir nemendur eða aðrir sem eiga höfundarvarinn þátt í framleiðslunni veita formlega heimild fyrir birtingunni. Nemendur sem óska eftir að sýna myndir sínar hjá þriðja aðila verða að fá formlega heimild hjá Kvikmyndaskóla Íslands til þess.

3.7.4. Um fall, endurtökurétt og fyrningu náms

Nemandi sem stenst ekki próf eða fellur í verkefnum, en hefur fullnægjandi ástundun í námskeiði, er heimilt að endurtaka prófið eða verkefnið, sbr. 18. gr. reglna skólans. Sækja þarf um slíkt til deildarforseta innan tíu daga eftir að einkunn er birt. Falli nemandi á endurtekningaprófi/ verkefni getur hann sótt um að endurtaka það í annað sinn með beiðni til deildarforseta innan 10 daga frá því einkunn birtist. Þau takmörk eru að nemandi getur ekki þreytt lokapróf/verkefni oftari en þrisvar í sama námskeiði. Endurtökupróf/ verkefni skal halda eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en 4 vikum eftir að falleinkunn er birt.

Skólinn innheimtir sérstakt prófgjald fyrir endurtöku- og sjúkrapróf sem og vegna verkefna sem eru endurtekin. Upphæð gjaldsins skal miðast við raunkostnað skólans sem fellur til vegna endurtekningarinnar.

Nemandi sem fellur á námskeiði vegna ófullnægjandi mætingar getur fengið heimild til að sitja námskeiðið á nýjan leik. Hann verður þá að bíða eftir því að námskeiðið sé haldið á ný og hann nýtur ekki forgangs sé bekkurinn fullsetinn.

Nemandi sem skilar ekki verkefnum á réttum tíma og hefur ekki fengið framlengdan skilafrest, eða mætir ekki í próf og boðar ekki forföll, telst hafa lokið verkefni eða prófi með falleinkunn.

Nemandi sem ekki mætir til prófs eða skilar ekki verkefnum, vegna veikinda eða annarra samþykktra ástæðna skal tilkynna forföll áður en próf hefst eða skilafrestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrsta hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út. Annars telst nemandinn hafa þreytt próf eða lokið verkefni með falleinkunn. Það sama gildir vegna veikinda barns nemanda.

Ljúki nemandi ekki námi að liðnum eðlilegum námstíma, þá gildir hver einstök einkunn hans í fimm ár frá þeim tíma sem hefðu átt að teljast eðlileg námslok. Eftir þann tíma verður hann að endurtaka sömu eða sambærileg námskeið.

3.7.5. Brottvikning nemanda

Brjóti nemandi alvarlega af sér varðandi reglur skólans, falli á mætingu eða í prófum þá er heimilt að víkja honum úr skóla, sbr. 21. gr. reglna skólans. Endanleg brottvikning er á ábyrgð rektors og skal hann leita umsagnar úrskurðarnefndar agamála, sjá 7. gr. áður en til hennar kemur. Nemanda skal veitt skrifleg áminning áður en til brottvikningar kemur og honum veittur tími til andmæla.

3.7.6. Úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda

Við skólann starfar sérstök úrskurðarnefnd, sbr. 7. gr. reglna skólans, sem fer með æðsta úrskurðarvald innan skólans í agamálum og í málum sem tengjast réttindum nemenda. Nemendur njóta andmælaréttar í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Í úrskurðarnefnd sitja auk rektors, sem er formaður hennar, tveir deildarforsetar, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda. Fulltrúar kennara og nemenda skulu skipaðir til eins árs í senn og skulu þeir hafa varamenn sem skipaðir eru til jafnlangs tíma. Deildarforsetar kjósa sín á milli hverjir sitja fyrir þeirra hönd sem aðalmenn og hverjir sem varamenn. Fulltrúar kennara skulu kosnir á fyrsta kennarafundi á hausti. Stjórn nemendafélagsins skipar fulltrúa nemenda. Skipunartími skal árlega vera frá 1. október. Uni nemandi ekki niðurstöðum úrskurðarnefndar, getur hann skotið erindi sínu til stjórnar skólans. Uni nemandi ekki niðurstöðu stjórnar getur hann sent mál sitt til áfrýjunarnefndar menntamálaráðuneytis.

3.7.7. Um samstarf við foreldra

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum eiga margvísleg samskipti sér stað við foreldra á hverri önn, en engin formleg foreldrasamskipti. Enginn nemandi í skólanum er undir 18 ára aldri.

3.8. Starfsaðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda og þjónusta við þá

3.8.1. Húsnæði – aðstaða

Kennslan í skólanum fer fram í kennslustofum, fyrirlestrarsölum, hljóðupptökuveri, stúdíói og tæknirýmum, skv. 31. gr. reglna skólans. Sýningar á verkefnum og kvikmyndasaga fara fram í Bíó Paradís.

Við upphaf þess tímabils sem úttektin tekur til var Kvikmyndaskólinn til húsa í nýju húsnæði að Víkurhvarfi 1 í Kópavogi. Annar staðurinn var Ofanleiti (Morgunblaðshúsinu), áður en hann flutti í þriðja húsnæðið í Skipholti. Skólinn er núna staðsettur í fjórða húsnæði sínu á tímabilinu, að Grensásvegi 1, þar sem höfuðstöðvar verkfræðistofunnar Mannvits-Hönnunar voru áður til húsa.

Húsnæðið er rúmlega þrjú þúsund og fjögur hundruð fermetrar, sem áður hýsti stærstu verkfræðistofu landsins. Skólinn flutti inn í ágúst 2014 og er með samning til ársloka til samræmis við samning og viðurkenningu ráðuneytisins. Í viðtölum var vísað til þess að sökum þess að fjárveitingasamningur hefði ekki verið gerður við skólann til lengri tíma en eins árs í senn stæði það framkvæmdum á húsnæði skólans fyrir þrífum. Hefur því einungis verið ráðist í lágmarksframkvæmdir meðan óvissa er uppi um afgreiðsla framtíðarsamnings við skólann. Innréttingum er ekki lokið í öllum rýmum, svo skólinn mun m.a. þurfa að leigja hljóðver utanhúss vegna þess.

Húsnæðið er á fjórum hæðum, að kjallara meðtöldum, með allt að 16 kennslurými: tölvukennslustofu, þrjár leiklistarkennslustofur, tvö stúdíó, hljóðstúdíó, æfingarými og upptökurými, auk sjö hefðbundinna kennslustofa. Þá er að finna í húsnæðinu tækjaleigu, tækja- og viðgerðargeymsla fyrir tölvur, geymslu fyrir leikmyndir, aðrar geymslur og skrifstofur. Nemendum og kennurum stendur til boða ýmiss konar aðstaða: kaffistofa fyrir kennara, kaffihorn, vinnuherbergi fyrir nemendur, aðstaða fyrir Kínema – nemendafélag Kvikmyndaskóla Íslands og aðstaða fyrir nemendur til að grilla sér samlokur og kaupa samlokur og önnur pökkuð matvæli úr sjálfssala. Þá er að finna salerni á öllum hæðum bæði fyrir karla og konur og fyrir fólk með fötlun, auk sturtuherbergja og ræstiherbergja.

Samkvæmt úttekt og eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar í október 2014 „er umgengni, þríf og yfirbragð í mjög góðu lagi og veita má jákvæða umsögn vegna starfsleyfisumsóknar skólans“.

Vottorð í kjölfar úttektar Eldvarnareftirlits lá ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Rýmingaráætlun er kynnt í upphafi skólahalds og útgönguleiðir eru kynntar á kortum og skiltum í skólanum, sbr. 27. gr. grein reglna skólans. Rýmingaráætlun fyrir húsnæðið vegna eldsvoða liggur fyrir, og er gert ráð fyrir skipulagðri rýmingu bæði norðurhúss og vesturhúss á öllum hæðum, auk söfnunarsvæðis utanhúss.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Að mati úttektaraðila er húsnæði og rými skólans gott þótt ófrágengið sé að mjög afmörkuðum hluta, sbr. hljóðver.

Aðbúnaður

Allar deildir hafa aðgang að tækjaleigu Kvikmyndaskóla Íslands, skv. 31. reglna skólans. Þar er að finna viðtækt úrval af upptökuvélum, linsum, aukahlutum fyrir myndavélar, hljóðupptökubúnaði, ljósabúnaði, gripbúnaði, tölvubúnaði og öðrum tæknibúnaði. Þá er skólinn einnig í nánu samstarfi við um tíu helstu tækjaleigur og stúdíó landsins um leigu þess búnaðar og tækja sem upp á kann að vanta.

Í viðtölum við rýnihópa nemenda kom fram að tækjabúnaður væri almennt nokkuð góður til kvikmyndagerðar, en þó farinn að eldast. Tölvubúnaður væri í lagi en nokkuð skorti upp á upptökubúnað, einkum til hljóðupptöku, sem og hugbúnað, einkum til klippinga. Mögulegt væri að búa til góðar kvikmyndir með þeim búnaði sem fyrir er. En ýmis tæki vantaði að endurnýja, bæði myndavélar, þrífætur og standa fyrir hljóðnema. Tæknideild og tækjaleigu skólans hefði úr fremur litlu að spila og fjármagn væri það sem helst skorti.

Í máli kennara var sömuleiðis bent á að auka þyrfti tækjakost og allan hugbúnað. Fjárfesta þyrfti í nýrri og betri myndavélum, hljóðupptökubúnaði og tölvum til að vinna með.

3.9. Innra gæðakerfi

Gæði kennslu og innra mat er viðfangsefni 15. gr. reglna skólans, en áherslupunktur voru festir betur í sessi með námskrá 2014 – 2015. Í reglum skólans kemur fram að markmið gæðastarfs er stöðugt umbótaferli til endurmats, sem meðal annars felur í sér;

- árlega endurskoðun námskrár,
- eftirfylgni með skólastarfi og skuldbindingu þess við hæfniviðmið í námskrá,
- greiningu á námsárangri, matsaðferðum kennara og dreifingu einkunna,

- greiningu á mati nemenda á gæðum kennslu og skólastarfs,
- vandað mat á bakgrunni nemenda sérstaklega þegar heimilaðar eru undanþágur frá stúdentsprófskröfu,
- eftirfylgni með vönduðu starfsmannavali, að starfsfólk sé alltaf valið á grundvelli styrkleika - menntunar, reynslu og árangurs í faginu,
- mat á vinnuumhverfi og búnaði nemenda og kennara,
- vandað innleiðingakerfi allra kennara.

Rektor er gæðastjóri skólans og ber hann ábyrgð á faglegri framkvæmd á endurskoðun námskrár, reglubundnum úttektum á öllum þáttum gæðakerfis skólans og upplýsingagjöf til nemenda, starfsfólks og mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir því sem við á.

Þættir sem varða framvindu náms, líðan nemenda (t.d. eineltismál) og vandamál sem kunna að koma upp í daglegu starfi eru hluti af vikulegum deildarforsetafundum, þar sem farið er yfir stöðuna í öllum bekkjum skólans. Leitast er við finna lausnir á öllum vandamálum svo fljótt sem verða má.

Samkvæmt 15. gr. reglna skólans er gæðakerfi í stöðugri þróun og mótun. Allt starfsfólk skólans er upplýst um gæðaáherslur og þjálfað til að vinna í anda stöðugra umbóta í anda gilda Kvikmyndaskóla Íslands. Við endurskoðun námskrár vegna skólaársins 2015 – 2016 hefur verið lagt í talsverða vinnu við hönnun og standsetningu gæðakerfis.

Samhliða þróun námskrár hefur á undanförunum misserum hefur verið unnið að gæðamálum. Hefur sú vinna að mestu verið í höndum rektors ásamt utanaðkomandi ráðgjafa.

Í upphafi árs 2014 hófst vinna við hönnun gæðakerfis, með greiningu þáverandi stöðu út frá bakgrunnsatriðum, auk þess sem æskileg staða var kortlögð. Aðgerðaáætlun var sett fram í átta tölusetnum liðum, með tilgreindum ábyrgðarmönnum úr forystu skólans ásamt skiladagsetningu. Vinnufundur var haldinn um mitt ár 2014 til að kortleggja ferla innan skólans. Í framhaldinu var haldinn kynningarfundur með deildarforsetum og starfsfólki skólaskrifstofu um gæðastarf, grunnhugsun, innri og ytri kröfur um gæði, yfirferð yfir ákvæði laga, lýsing á hlutverki námskrár í gæðastarfi framhaldsskóla, um framkvæmd og skjölun, hvernig tryggja megi að námskrá sé fylgt, um hæfniviðmið og kennsluáætlanir, innri og ytri úttektir, o.s.frv.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Sú vinna sem lögð hefur verið í endurskoðun námskrár hvað varðar fyrirkomulag, uppbyggingu og skipulag gæðastarfs er góð.
- ✓ Talsverð vinna hefur nú þegar átt sér stað í námskrár- og gæðakerfisvinnu skólans, úrbótatækifæri greind og sett á áætlun í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi. Dæmi um slíkt úrbótatækifæri er þátttaka alls starfsfólks í námskrár- og gæðakerfisvinnu.
- ✓ Vert er að taka fjölbreyttari þætti inn í innra gæðakerfi skólans, svo sem með átaki til að nýta kennslukannanir betur, en þær geta skilað mikilvægum upplýsingum sem hægt er að nota á kerfisbundinn hátt til að fylgjast með og bæta kennslu.
- ✓ Tryggja þarf að vinna að innra gæðakerfi verði fest í sessi og haldi áfram með skipulögðum hætti, sem og skráningu á því hvernig framkvæmd aðgerðaáætlunar miðar.

3.10. Fjárhagsmálefni og tryggingar

Kvikmyndaskóli Íslands menntastofnun ehf., kt. 620503-2230, er einkahlutafélag að fullu í eigu Telemakkusar ehf. Í 33. gr. reglna skólans er tekið fram að stjórn skólans og eigendur beri ábyrgð á rekstri hans og framkvæmd þeirra samninga sem gerðir eru í nafni hans bæði gagnvart stjórnvöldum og nemendum.

3.10.1. Fjármál skólans

Fram hefur komið hjá eigendum skólans og í skýringum með ársreikningum hans að það standi eðlilegri starfsemi skólans fyrir þrifum að ekki sé gerður fjárveitingasamningur við skólann til lengri tíma en eins árs í senn, þegar venjan er að gera þriggja ára samning við sambærilegar stofnanir. Fyrir þessu hafa forsvarsmenn skólans fært gild rök, þ.e. að nemendur hefji síður nám við skóla þar sem óvíst er hvort þeir geti lokið námi á tilskildum tíma, þar sem rekstrargrundvöllur skólans sé ekki tryggður nema e.t.v. til næsta rekstrarárs.

Ráðuneytið hefur fært jafngild rök fyrir því að óvarlegt geti verið að leggja skólanum til fjármagn sem túlka mætti sem viljrði til nemenda um að þeir geti lokið námi sínu við skóla, sem ekki hefur sýnt að hann geti staðið undir rekstrinum án fjárhagslegrar aðkomu ríkisins. Ráðuneytið hefur ennfremur bent á að ekki sé venja að gera þriggja ára samning við stofnanir sem ekki hafa uppfyllt öll skilyrði til viðurkenningar m.a. vegna þess að fjárhagur

þeirra er veikur og eigið fé sem eigendur hafa lagt til skólans takmarkað. Ráðuneytið hefur við þessar aðstæður takmarkaðar heimildir að gera samninga til fleiri ára um fjárveitingar.

Mat úttektaraðila.

- ✓ Að því gefnu að skólinn uppfylli skilyrði til viðurkenningar og ráðuneytið telji að rétt sé að styðja við nám í kvikmyndagerð með þeim hætti sem gert hefur verið og að teknu tilliti til þess að rekstur skólans stendur nú betur en hann hefur gert hin síðari ár væri ekki óeðlilegt að gerður verði þriggja ára fjárveitingasamningur við skólann. Það væri a.m.k. til bóta fyrir rekstur skólans og myndi auka tiltrú nemenda og fjármálastofnana til hans. Samhliða þessu þarf skólinn áfram að vinna að bættum rekstri, bæta formsatriði við áætlanagerð skólans og styrkja fjárhag hans enn frekar með framlagi frá eigendum eða nýjum hluthöfum.

Tillögur



4. TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

Stjórnskipan skóla og skipulag hans

- ✓ Í stjórn skólans þarf að gera ráð fyrir áheyrnarfulltrúum kennara og nemenda, sbr. 5. gr. laga um framhaldsskóla. Æskilegt væri að hluti stjórnarmanna yrði tilnefndur af utanaðkomandi aðilum t.d. fagfélögum kvikmyndagerðarfólks eða helstu samstarfsaðilum.
- ✓ Hyggist skólinn sækjast eftir viðurkenningu á 4. hæfniprepi til háskólaeininga (ECTS) í framtíðinni mætti meta kosti þess að háskólastofnun sem fengin yrði til samstarfs um mat á slíku námi tilnefndi einn fulltrúa í stjórnina.
- ✓ Hlutverk funda deildarforseta mætti útvíkka, svo þeir uppfylltu hlutverk funda skólaráðs, skv. 7. gr. laga um framhaldsskóla, sbr. reglugerð, nr. 140/1997, um skólaráð við framhaldsskóla. Á fundunum yrði þannig fjallað um starfsáætlun og framkvæmd hennar, um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda. Í samræmi við það þyrftu fulltrúar nemenda að eiga föst sæti í skólaráðinu og eiga kost á því að sitja fundi þess í heild sinni.
- ✓ Nauðsynlegt er að gerðir verðir ótímabundnir ráðningarsamningar við deildarforseta sem starfað hafa lengur en tvö ár við skólann, sbr. ákvæði laga, nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna.
- ✓ Lagt er til að deildarforsetar fái alla kennara sinnar deildar á sameiginlega fagfundi tvisvar sinnum á önn til að fara yfir fagleg mál deildarinnar.
- ✓ Skólafund þarf að halda að minnsta kosti einu sinni á skólaári í samræmi við ákvæði 9. gr. laga um framhaldsskóla. Þar er rætt um málefni viðkomandi skóla. Rétt til setu á skólafundum eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun rektors.
- ✓ Kennarafund þarf að halda að minnsta kosti tvisvar sinnum á skólaári í samræmi við ákvæði 10. gr. laga um framhaldsskóla. Þar er fjallað um stefnumörkun í starfi skóla, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Rétt til setu á kennarafundum eiga allir kennarar sem starfa við skólann og er heimilt að bera þar fram mál. Að mati úttektaraðila gæti heppilegt viðmið verið að þeir stundakennarar sem eru í 25% starfi eða meira eigi að sækja kennarafundi einu sinni til tvisvar á önn. Rétt væri að kennarafundur kysi við upphaf haustannar fulltrúa í deildarforsetafund/skólaráð og áheyrnarfulltrúa í stjórn skólans.

- ✓ Mikilvægt er að skólinn taki upp rafrænt nemendakerfi, sbr. 3. gr. reglugerðar, nr. 235/2012, um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.

Skólanámskrá og námsbrautarlýsingar

Almennur hluti

- ✓ Setja þarf almennan hluta í námskrá með þeim atriðum sem þar eiga heima samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um framhaldsskóla, auk 12. kafla aðalnámskrár framhaldsskóla. Þar þyrfti að fjalla um stefnu skólans í einstökum málefnum, áætlanir og markmið, stjórn skólans, stjórn daglegrar starfsemi, fagstjórn, fjármálastjórn, inntökuskilyrði, lýsingu á námsframboði og uppbyggingu námsins, kennsluhætti, fyrirkomulagi kennslu og kennsluaðferðum sem beitt er, námsmati og aðferðum við það, námslokum og hvaða viðurkenningu nemendur fá, á hvaða hæfniprepi, og hvers konar skírteini nemendur fá, skráningu upplýsinga um námsferil, hvernig skólinn tryggir nemendum aðgang að þeim upplýsingum, ráðgjöf sem nemendum stendur til boða, önnur þjónusta við nemendur, aðstaða nemenda, lýsing á réttindum og skyldum nemenda, meðferð ágreiningsmála, samstarf við utanaðkomandi aðila t.d. þegar starfsþjálfun er hluti námsins, gæðakerfi skólans, um innra mat, skólabrag og fleira. Í mörgum framangreindra atriða væri hægt að byggja á reglum skólans sem eru aftast í námskránni við gerð almenna hlutans, enda hefur framsetning þeirra miðað við að uppfylla framangreind skilyrði laga.

Námsbrautarlýsingar

- ✓ Í kafla um hverja deild vantar ítarlegri umfjöllun um deildina, fjölda námskeiða, hvaða próf nemendur fá að námi loknu, kennsluhætti, námsmat og þess háttar.
- ✓ Samantekt vantar á öllum þeim námskeiðum sem innihalda sameiginlega vinnu nemenda þvert á annir- og deildir, semsagt Bíóling, Samvinnu milli deilda (SAM) og Tæki og tækni (TÆK) og í lokaverkefnum nemenda bæði í annar- og námslok.

Hæfniviðmið

- ✓ Framsetningu hæfniviðmiða mætti samræma betur í námskrá og útfæra betur undir hverju námskeiði í námskrá.
- ✓ Rétt væri að gera hæfniviðmið hvers námskeiðs ítarlegri og lýsa betur þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem nemandi á að búa yfir að námskeiði loknu. Ítarlegri hæfniviðmið gera kennurum í námskeiðum auðveldara að yfirfæra hugmyndir og stefnu skólayfirvalda á kennslu sína og hjálpa jafnframt til við að byggja upp námsmat á þann hátt að tryggt sé að öll hæfniviðmið námskeiðsins verði metin.

Námskrá sem tæki

- ✓ Vinna þarf að því að nota námskrá sem tæki inn í almennt starf og kennslu skólans. Starfsmenn og nemendur eiga að tileinka sér það sem fram á að koma í almennum hluta námskrár.
- ✓ Námskráin að vera vinnutæki kennara þar sem þeir geta horft til hæfniviðmiða í hverju námskeiði og byggt kennsluáætlanir á þeim. Til þess þarf að vinna markvisst með kennurum að innleiðingu hæfniviðmiða sem þeir byggja á skólanámskrá í námskeið og tengja þau við námsmat.

Þróun námskrár

- ✓ Kennarar þurfa að koma meira að þróun námskrár, þá má huga að því að nemendur hafi einnig fulltrúa sinn í því starfi.
- ✓ Almennt telst það vart samræmast góðum stjórnarháttum að stjórnarformaður annist framkvæmd mála. Núverandi afmörkuðum verkþætti stjórnarformanns í tengslum við endurskoðun og þróun skólanámskrár og námsbrautarlýsinga ætti alfarið að fela rektor skólans.

Kennsluáætlanir og samspil við námskrá

- ✓ Styðja þarf betur við vinnu kennara við gerð kennsluáætlana, einkum með hliðsjón af námskrá skólans, þau hugtök sem í skólanámskránni eru og notkun hæfniviðmiða. Sérstaklega þarf að styðja stundakennara í þessu tilliti, í ljósi fjölda þeirra við skólann.

- ✓ Deildarforsetar eða kennslustjóri þurfa að fylgja betur eftir skilum, yfirferð og eftirfylgni á kennsluáætlunum.
- ✓ Vinna þarf markvisst að því að kynna hæfniviðmið fyrir kennurum skólans og kenna þeim að nýta þau í kennslu m.a. í tengslum við námsmat og kennsluaðferðir. Þetta þarf að vera útbreiddara og sérstaklega meðal stundakennara.
- ✓ Vinna þarf markvisst með kennurum að tengingu námsmats við hæfniviðmið kennsluáætlana.
- ✓ Tilnefna þarf aðila, hvort sem það eru deildarforsetar, kennslustjóri eða aðrir, sem hafa forsendur til að fara yfir kennsluáætlanir námskeiða og leiðbeina kennurum varðandi það sem betur má fara.

Námsmat

- ✓ Tengja þarf námsmat við hæfniviðmið og kennsluhætti. Samræma þarf útfærslu námsmats í kennsluáætlunum. Nokkur misbrestur er á því að námsmat hafi ratað inn í kennsluáætlanir.

Vinnuálag

- ✓ Markvissa vinnu þarf til að skoða vinnuálag að baki hverri einingu og samræma það á milli námskeiða.
- ✓ Samræma þarf vinnuálag miðað við einingarfjölda út frá ákvæðum laga auk aðal- og skólanámskrár.
- ✓ Skoða þarf sameiginlega vinnu nemenda í kjarna miðað við önnur námskeið með vinnuálag í huga.

Kennslumat

- ✓ Kennslumatið þarf að nota með markvissari hætti sem tæki til að mæla gæði kennslunnar. Allir kennarar ættu að fá aðgang að sínu mati, ekki einungis þeir sem koma illa út úr kennslumati.
- ✓ Vinna þarf árlega skýrslu þar sem samanburður á árangri í kennslu kemur fram. Það hjálpar jafnframt við endurskoðun á skólanámskrá.
- ✓ Einfalda þarf uppsetningu kennslumatsins, hafa færri og markvissari spurningar sem mæla kennsluaðferðir, kennsluefni, vinnuálag, námsmat og frammistöðu

- ✓ kennara. Kvarði á tölulegum skala 1 -5 eða 1 – 10 gefur betri mynd af svörum nemenda ef nota á niðurstöður til mælinga og tölfræðilegra úttekta.
- ✓ Markmið hvers deildarforseta ætti að vera að allir kennarar komi út úr kennslumati með fullt hús stiga.

Mat á námi

- ✓ Mælikvarði eininga er fjölþættari en einungis tímaviðmið.
- ✓ Af þeim gögnum sem aflað var má sjá að skólinn hefur í námskrár- og gæðakerfisvinnu farið yfir námskeið skólans og metið hvort einingafjöldi standist mælikvarða. Að mati úttektaraðila er þörf á að sú vinna verði bæði markvissari og ítarlegri.

Fyrirkomulag náms og kennslu

- ✓ Tryggja þarf að vinna við skipulagningu námsins og uppbyggingu námskeiða innan deilda verði formfest og haldið áfram með skipulögðum hætti.

Kennsluhættir

- ✓ Endurskipuleggja þarf vinnu nemenda í sameiginlegum námskeiðum s.s. TÆK og SAM þar sem hún skarast við annað skólastarf. Gera verður ráð fyrir tíma til þeirrar vinnu og samstarfs innan stundatöflu.
- ✓ Fara þarf yfir gæði einstakra námskeiða og taka á vanda sem upp hefur komið s.s. í lista- og kvikmyndasögu.
- ✓ Koma á kennslu á vef (vendikennslu) í þeim fögum þar sem mikið er um fyrirlestra og myndmál sem hægt er að miðla rafrænt. Þá skapast rými til verkefnavinnu og rýni með nemendum.

Hæfisskilyrði starfsmanna

- ✓ Leggja þarf meiri meiri alúð við móttöku nýrra kennara og styrkja þá með markvissum hætti.

- ✓ Hefja þarf skipulega vinnu við að styrkja kennslufræðilega innviði, þ.m.t. með námskeiðum í kennslufræði, námskrá, námsmati o.fl. með sérstakri áherslu á stundakennara skólans.

Inntökuskilyrði nemenda

- ✓ Sérstaklega þarf að gæta að því að umsækjendum sem ekki eru taldir hafa nægilegan grunn sbr. 10. gr. reglna skólans sé ekki boðin skólavist.
- ✓ Þörf er á ákveðnum, fyrirfram skilgreindum og settum viðmiðum þegar umsækjendur sem ekki hafa stúdentspróf eru metnir inn í skólann.

Innra gæðakerfi

- ✓ Vert er að taka fjölbreyttari þætti inn í innra gæðakerfi skólans, svo sem með átaki til að nýta kennslukannanir betur, en þær geta skilað mikilvægum upplýsingum sem hægt er að nota á kerfisbundinn hátt til að fylgjast með og bæta kennslu.
- ✓ Talsverð vinna hefur nú þegar átt sér stað í námskrár- og gæðakerfisvinnu skólans, úrbótataækifæri greind og sett á áætlun í umbótaferli innan skólans sem og gæðakerfi.
- ✓ Nauðsynlegt er að vinna að innra gæðakerfi verði fest í sessi og haldi áfram með skipulögðum hætti, sem og skráningu á því hvernig framkvæmd aðgerðaáætlunar miðar.

Fjárhagsmálefni og tryggingar

- ✓ Að því gefnu að skólinn uppfylli skilyrði til viðurkenningar og ráðuneytið telji að rétt sé að styðja við nám í kvikmyndagerð með þeim hætti sem gert hefur verið og að teknu tilliti til þess að rekstur skólans stendur nú betur en hann hefur gert hin síðari ár væri ekki óeðlilegt að gerður verði þriggja ára fjárveitingasamningur við skólann. Það væri a.m.k. til bóta fyrir rekstur skólans og myndi auka tiltrú nemenda og fjármálastofnana til hans. Samhliða þessu þarf skólinn áfram að vinna að bættum rekstri, bæta formsatriði við áætlanagerð skólans og styrkja fjárhag hans enn frekar með framlagi frá eigendum eða nýjum hluthöfum.

Fylgiskjöl



5. Fylgiskjal I.

5.1. Aðferðafræði

5.1.1. Viðtöl við rektor, kennslustjóra, deildarforseta og nemendur

Viðtöl voru tekin við rektor, kennslustjóra og alla deildarforseta skólans, alls sjö viðtöl.

Úttektaraðilar fengu sömuleiðis kynningu á gæðastarfi skólans og á grunnhugsun námskrár skólans. Tekið var viðtal við utanaðkomandi ráðgjafa skólans í gæða- og námskrármálum.

Tveir rýnihópar nemenda ræddu við ráðgjafa, sitt í hvoru lagi. Þá var rætt við tvo fyrrverandi nemendur skólans.

Til grundvallar greiningunni liggja viðtöl við 27 viðmælendur.

5.1.2. Viðtöl við kennara

Viðtölin voru tekin á vettvangi kennara fyrir tímana sem ráðgjafi sat. Hvert viðtal tók 30 – 40 mínútur. Kennurum var gerð grein fyrir því að um nafnlaus viðtöl væri að ræða og þeirra persónulega skoðun kæmi ekki fram í niðurstöðum skýrslunnar.

Tekin voru viðtöl við 6 kennara og setið í 7 tímum. Misræmið kemur til að því að ráðgjafi sat tíma hjá einum deildarforseta sem búið var að taka viðtal við áður. Ekki var unnt að velja mikið á milli námskeiða þar sem þau eru kennd í lotum og ákveðin námskeið í gangi dagana 6. – 23. okt. Þegar athugun fór fram. Rætt var við kennara í námskeiðum úr öllum deildum og farið inná flestar annir til að fá sem breiðasta sýn á kennsluna eftir því hvar nemendur voru staddir í námsferlinu.

Tímar heimsóttir:

Kjarni – 1 tími

Deild 1 – 1 tími

Deild 2 – 2 tímar

Deild 3 – 1 tími

Deild 4 – 2 tímar

5.1.3. Viðtalsrammi við kennara

Viðtalsramminn var opinn. Kennurum var gefið svigrúm til að ræða málín í kringum spurningarnar og fengnar út úr því niðurstöður sem svörðu eftirtöldum spurningum eða þeim:

- Hefur þeim verið kynnt námskrá skólans. Vinna þeir eftir henni þegar þeir gera sínar kennsluáætlanir.
- Hvernig vinna þeir kennsluáætlun sína.
- Nota þeir hæfniviðmið markvisst sem tæki í sinni kennslu til að segja til um það hvað nemendur eiga að kunna og tengja þau við námsmat og kennsluhætti.
- Hvað stýrir vinnuálagi í námskeiðinu.
- Hvernig er samskiptum við nemendur háttað fyrir utan kennslu. Hvernig koma þeir t.d. til þeirra upplýsingum.
- Hvernig kenna þeir í stórum dráttum – hver er þeirra kennslufræðilega sýn/hvatning.
- Hvernig sjá þeir skólann þróast.

6. Fylgiskjal II: rituð eða útgefin gögn til grundvallar greiningunni.

Rituð eða útgefin gögn sem notuð voru til grundvallar greiningunni voru:

- kennsluskrár á árabílinu 2010 – 2015 (einnig á ensku),
- afrit af upplýsingapakka kennslustjóra og skólaskrifstofu til kennara,
- kennsluáætlanir allra námskeiða,
- listi yfir námskeið og kennara 2010 – 2014,
- listi yfir launþega, starfshlutfall og stöðu 2010 – 2014,
- listi yfir stundakennara skólans 2010 – 2014,
- ferilsskrár rektors og deildarforseta,
- ferilsskrár kennara sem rætt var við,
- stundaskrár,
- dæmi um samning við deildarforseta,
- upplýsingar um námsástundum nemenda, sýnishorn af kladda og punktakerfi,
- kennslumat skólans; mat nemenda á námskeiði og kennara,
- dæmi um skráningu einkunna,
- upplýsingar um nemendaskráningu og umsóknir,
- fundargerðir stjórnar, deildarforsetafundar og starfsmannafundar,
- afrit af samningum mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólans,
- afrit af samskiptum milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólans,
- ýmis skrifleg gögn um gæðastarf skólans,
- áfangaskýrsla stýrihóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um kvikmyndamenntun á Íslandi, ásamt viðaukum, frá 2012,
- niðurstöður úttektar CILECT á skólanum frá 2011,
- listar yfir samstarfsaðila skólans og samvinnuverkefni,
- stofuskipulag,
- upplýsingar um stefnur og áætlanir skólans,
- upplýsingar um samstarf skólans við aðila utan hans, t.d. vegna starfspjálfunar,
- dæmi um útskriftaskírteini frá öllum deildum skólans,
- markaðsgreining fyrir Kvikmyndaskóla Íslands frá mars 2014,
- listar yfir tæknibúnað skólans, helstu tækjaleigur og stúdíó sem skólinn skiptir við,
- vefir Kvikmyndaskólans: www.kvikmyndaskoli.is, www.icelandicfilmschool.is,
- innri vefur Kvikmyndaskólans: info.kvikmyndaskoli.is,
- rýmingaráætlun Kvikmyndaskóla Íslands,
- eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar,
- ýmis önnur gögn.

7. Fylgiskjal III: bakgrunnur rektors og deildarforseta.

Hilmar Oddsson, rektor Kvikmyndaskóla Íslands.

- 1 árs nám í leikhúsfræðum við Ludwig Maximilian háskólann í München.
- Kvikmyndaleikstjórn frá Hochschule für Fernsehen und Film í München í Þýskalandi (5 ára nám sbr. MA).
- Víðtæk reynsla við kvikmyndaleikstjórn og kvikmyndagerð. Setið m.a. í stjórn kvikmyndahátíðar í Reykjavík 1987 og 1991 og stjórn Samtaka kvikmyndaleikstjóra í fjölmörg ár.
- Rektor Kvikmyndaskóla Íslands frá 2010.

Ágústa Margrét Jóhannesdóttir, deildarforseti Kjarna.

- Diplómanám frá Kvikmyndaskóla Íslands (Skapandi tækifæri).
- Sjálfstætt starfandi við kvikmyndagerð sem klippari, framleiðandi og leikmyndahönnuður frá 2007.
- Fjölbreytt verkefni á sviði kvikmyndagerðar.
- Deildarforseti Kjarna við Kvikmyndaskóla Íslands frá 2010.

Hlín Jóhannesdóttir, deildarforseti leikstjórnar- og framleiðsludeildar (deildar 1).

- BA-nám í mannfræði frá Háskóla Íslands.
- Fjölbreytt nám og námskeið á sviði fjölmiðlunar og kvikmyndagerðar.
- Hefur starfað við kvikmyndaframleiðslu og fjölbreytt verkefni á sviði kvikmyndagerðar.
- Deildarforseti leikstjórnar og framleiðsludeildar við Kvikmyndaskóla Íslands frá 2013.

Ólafur Fannar Vigfússon, deildarforseti tæknideildar (deildar 2).

- B.Ed. frá Kennaraháskóla Íslands.
- Starfaði við kennslu sem fagstjóri unglingastigs um nokkura ára skeið.
- Nám í kvikmyndafræði frá Kvikmyndaskóla Íslands (kvikmyndagerðarmaður á tæknisviði, 2ja ára nám).
- Starfað á tæknisviði við kvikmyndagerð, einnig sem klippari á kynningardeild RÚV.
- Deildarforseti tæknideildar Kvikmyndaskóla Íslands frá hausti 2014.

Hrafnkell Stefánsson, deildarforseti handrita- og leikstjórnardeildar (deildar 3).

- Meistaragráða í handritaskrifum frá London Film School.
- Sjálfstætt starfandi handritshöfundur og ráðgjafi bæði að kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.
- Tilnefndur til Edduverðlauna 2011 fyrir kvikmyndahandrit.
- Deildarforseti handrita- og leikstjórnardeildar Kvikmyndaskóla Íslands frá 2011.

Sigrún Gylfadóttir, deildarforseti leiklistardeildar (deildar 4).

- Ólokið er meistaranámsritgerð í uppeldis- og menntunarfræðum við HÍ.
- BA í leiklist og klassískum bókmenntun frá New York University.
- Diplómanám í leiklist frá American Academy of Dramatic Arts í NY (2ja ára nám).
- Víðtæk reynsla við á sviði og kvikmyndagerðar hérlandis sem erlendis.
- Deildarforseti leiklistardeildar Kvikmyndaskóla Íslands frá 2007.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Greining á rekstri og fjárhag Kvikmyndaskóla Íslands
2010/11-2013/14 og áætlunum til 2016/17.

Að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur Capacent tekið saman meðfylgjandi greiningu á rekstri Kvikmyndaskóla Íslands.

Rekstrarúttektin er hluti af stærri úttekt sem Capacent hefur verið falið að framkvæma, þ.e. „Úttekt á Kvikmynda-skóla Íslands“. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands með hliðsjón af gildandi samningum, lögum, reglugerðum, aðalnámskrá, skólanámskrá og ráðstöfun fjárveitinga úr ríkissjóði. Gert var ráð fyrir því að rekstrarúttektin byggði á viðmiðunum við mat á fjárhagsgrundvelli framhaldsskóla vegna viðurkenningar sem liggur fyrir í drögum frá 16. september 2011. Þá var lagt upp með að mat yrði lagt á rekstur árána 2010-2013 og áætlanir skólans fyrir árin 2014-2016. Meðfylgjandi úttekt nær ekki til skoðunar á faglegri starfsemi skólans, s.s. hvaða áhrif breytingar á kennslukostnaði kunna að hafa á faglegt starf. Í henni er eingöngu fjallað um fjárhagslega þætti.

Úttektin var unnin á tímabilinu 20. febrúar til 17. mars 2014.

Í úttektinni er m.a. stuðst við *Viðmiðanir við mat á fjárhagsgrundvelli framhaldsskóla vegna viðurkenningar (Unnið af LE 16.9.2011)*. Þar eru settar fram hugmyndir að kennitölum sem hafa þarf í huga við mat á fjárhagslegri stöðu framhaldsskóla. Þar er vitnað í skýringar við frumvarp til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þar segir m.a.: „Varðandi fjárhagsmálefni og tryggingar er gert ráð fyrir að sýnt sé fram á að fjárhagsgrundvöllur skólans sé viðunandi og tryggingar séu settar fyrir því að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innrituðum nemendum. Um form trygginga er algengast að yfirlýsing fjármálastofnunar sé lögð til grundvallar“. Skólinn hefur engar tryggingar frá

banka, en í yfirlýsingu viðskiptabanka skólans sem undirrituð er af viðskiptastjóra hjá bankanum þann 24. mars 2014 segir að Kvikmyndaskólinn sé „viðskiptavinur Landsbankans hf. og hefur átt góða viðskiptasögu hjá bankanum samkvæmt viðskiptayfirliti bankans dagsettu í dag.

Samkvæmt stöðu félagsins í dag er félagið ekki með yfirdráttarheimild hjá bankanum.“

Við rekstrarúttektina var áhersla lögð á að greina hvernig rekstur skólans hefur verið síðustu skólaár, þ.e. frá 2009/10 - 2012/13. Við þá greiningu var það haft að leiðarljósi hvort skólinn stæðist fyrrgreindar viðmiðanir og sérstaklega með tilliti til þess hvort hann teljist rekstrarhæfur. Í viðmiðunum segir um það: „Skóli er rekstrarhæfur ef telja má að rekstur hans muni halda áfram um ófyrirsjáanlega framtíð ... verður rekstur þess að skapa næga peninga til að standa undir t.d. varanlegu rekstrarfé, rekstrarfé til að mæta árstíðasveiflum, fjárfestingum að frádregnum lánum í varanlegum rekstrarfjármunum og öðrum langtímaeignum sem nauðsynlegar eru til að standa undir framtíðartekjum félagsins, endurgreiðslu fjárfestingarskulda og vaxta af þeim og greiðslu arðs til hluthafa.“

Í grein 1.3 í viðmiðunum segir ennfreður að synja skuli áætlun sem byggist á því að sótt verði um aukin framlög úr ríkissjóði.


Í upphafi verkefnisins var haldinn fundur með stjórnendum skólans annars vegar og starfsmönnum ráðuneytisins hins vegar til að afla gagna. Í framhaldi af því áttu sér stað allmikil samskipti við starfsmenn Kvikmyndaskólans þar sem óskað var skýringa og gagna aflað. Vel var brugðist við öllum beiðnum ráðgjafa Capacent og gagna aflað hratt og vel.

Reykjavík, 25. mars 2014

Nánari upplýsingar um rekstrarúttekt þessa veita ráðgjafar Capacent.

Þróstur Sigurðsson (throstur.Sigurdsson@capacent.is)

Gunnar Gunnarsson (gunnar.gunnarsson@capacent.is)



Samningar 2009-2013



Samningar ráðuneytisins við skólann einkennast af stuttum samningstíma og ákveðnum skilyrðum sem ekki hefur tekist að fylgja eftir.

Samningar eru gerðir til skamms tíma í senn

Ráðgjöfum Capacent bærast afrit af samningum sem gerðir hafa verið á milli ráðuneytisins og skólans.

Í síðasta samningi sem gerður var milli aðila þann 15/11 2012 er greint frá því meginmarkmiði samningsins að gera nemendum sem hófu nám í ársbyrjun 2011 eða fyrr kleift að ljúka námi sínu við skólann. Í samningnum var m.a. gert ráð fyrir 35 m.kr. framlagi sem ætlað var til að styrkja stöðu skólans, enda skyldi skólinn þá hafa styrkt eiginfjárstöðu sína þannig að hún væri orðin jákvæð. Það náðist ekki og gerður var viðaukasamningur milli ráðuneytisins og skólans þar sem frestur til að bæta eiginfjárstöðu skólans var fram-
lengdur frá 15/2 2013 til 15/5 2013. Skólanum voru hins vegar greiddar 25 m.kr. af fyrrgreindum 35 m.kr. við undirritun viðaukans þann 15/3 2012.

Forsvarsmenn skólans hafa ítrekað að það er skólanum mikilvægt að samningar séu gerðir til lengri tíma en eins árs í senn. Hafa þeir bent á að sú óvissa sem skemmri tíma samningar veldur hafi í raun slæm áhrif á rekstur skólans. Það geri honum t.a.m. erfitt um vik í skipulagningu og einnig við að kynna skólann meðal hugsanlegra viðskipta-
vina. Það sé augljóst að nemendur setji það fyrir sig þegar þeir velja sér skóla ef óvíst er um hvort þeir geti lokið námi við skólann, eða hvort forsendur breytist í miðju námi.

Undanfarin ár hefur Kvikmyndaskólanum verið veitt tímabundin viðurkenning sem einkaskóli á framhalds-
skólastigi í samræmi við 12. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Ráðuneytið hefur bent á að skólinn hefur ekki uppfyllt lagaleg skilyrði til að fá samning til lengri tíma og því hafi ráðuneytinu ekki verið heimilt að gera slíka samninga (sbr. 12. gr. laga nr. 92/2008).

2009-2010

3 mán.
2011

2011-2012

2012

2013

Yfirlit yfir samninga ráðuneytisins við skólann frá 2009-2013

Í desember 2009 var gerður samningur til eins árs. Á samningstímanum greiddi ráðuneytið **42,0 m.kr.** til skólans. Skilyrði fyrir greiðslum var m.a. að skólinn stæðist ytri úttekt á starfi skólans.

Skólinn var samningslaus í 5 mánuði á vorönn 2011, þ.e. frá 1/1 til 18/5 2011. Í maí 2011 var gerður samningur sem gildi til 31/7 2011 og fékk skólinn þá **22,5 m.kr.** Fram kom að Kvikmyndaskólanum hafði ekki tekist að uppfylla skilyrði viðurkenningar, sérstaklega þau sem snúa að fjárhagsmálefnum og að óvíst væri hvort honum tækist það.

Skólinn var samningslaus í 2 mánuði á haustönn 2011, frá 1/8 til 3/10 2011. Í október 2011 var gerður samningur sem gildi til 31/7 2012 með möguleika á framlengingu til áramóta 2012. Í samningnum segir að ríkið muni greiða **16,2 m.kr.** vegna ársins 2011 og að ráðuneytið muni beita sér fyrir **30 m.kr.** fjárveitingu í fjárukalögum 2011 og allt að **56,4 m.kr.** vegna fjárlaga 2012. Auk þess muni ráðuneytið mæla með því við stýrihóp verkefnis ríkisstjórnarinnar „Nám er vinnandi vegur“ að veitt verði allt að **10 m.kr.** framlag til skólans. Skólinn skyldi fyrir 15/11 2011 sýna fram á að hann uppfylli skilyrði til viðurkenningar einkaskóla á framhaldsskólastigi og að fyrir 15/10 2011 bar honum að skila sameiginlegri yfirlýsingu frá stjórn, fulltrúa kennara og fulltrúa nemenda um að sátt ríki milli aðila um skólastarf og stjórnun skólans skólaárið 2011-2012.

Í júní 2012 var gerður viðauki við samninginn frá 3/10 2011. Skv. honum skyldi skólinn fá greitt **23,5 m.kr.** viðbótarframlag á framlengdum samningstíma frá seinni hluta ágúst mánaðar 2012 til áramóta sama ár.

Í samningi 12. nóvember 2012 kemur fram að ráðuneytið muni leitst við að skólinn fái **70 m.kr.** framlag af fjárlögum auk **35 m.kr.** til að styrkja fjárhagsstöðu gegn fjárhagslegri endurskipulagningu sem ekki náðist innan tilskilins tíma, þ.e. 15. febrúar 2013. Skólinn fékk **105 m.kr.** í framlög frá ríkinu, en hefur ekki enn efnt sinn hluta samkomulagsins. Fjárhagur skólans hefur þó styrkst, að stórum hluta vegna aukaframlaga frá ríkinu (sjá bls. 10). Skólinn efndi ekki ákvæði samningsins, þrátt fyrir viðbótarfresti sem honum var veittur með viðaukasamningi 15/3 2012.

Lagaákvæði sem skólinn þarf að uppfylla til að fá viðurkenningu er að finna í 12. grein laga nr. 92/2008. Einnig er fjallað um skilyrðin í reglugerð nr. 426/2010.

Í 12. grein laga nr. 92/2008 er fjallað um skilyrði til viðurkenningar. Þar segir að ráðherra geti veitt skólum viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi og að slíka skóla megi starfrækja sem sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða með öðru viðurkenndu rekstrarformi. Talin eru upp 10 skilyrði fyrir viðurkenningu sem lúta m.a. að skipulagi, hæfi starfsmanna, inntökuskilyrðum nemenda, gæðakerfum og fjárhagsmálefnum og tryggingum.

Í viðurkenningu felst ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi skóla og eigi heldur ábyrgð á skuldbindingum hans.“

Í reglugerð nr. 426/2010 er fjallað um skilyrði fyrir viðurkenningu í 5. grein.

Í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar segir að í viðurkenningu felist ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi skóla né heldur ábyrgð á skuldbindingum hans.

Í b-lið 3. greinar reglugerðarinnar segir að umsækjandi skuli leggja fram um „hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi skólans sé háttað og hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi skólans sé tryggt. Ráðuneytið getur krafist bankatryggingar sem samsvarar rekstrarfjárhæð skólans fyrir eina önn,“

Í 8. grein reglugerðarinnar segir um fjárhagsmálefni:

„Einkaskólar eiga ekki kröfu á framlögum af almannafé. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé samkvæmt ákvörðun Alþingis skal gerður þjónustusamningur milli mennta- og menningarmálaráðherra og rekstraraðila skólans um greiðslu fjárframlaga, svo og annarra skilyrða sem framlagið er háð að mati samningsaðila.“

Í inngangi þessarar skýrslu er stuttlega fjallað um tryggingar skólans og yfirlýsingu viðskiptabanka hans um fjárhagsmálefni hans. Þar kemur fram að skólinn eigi góða viðskiptasögu hjá bankanum en ekkert er fjallað um að bankinn muni tryggja áframhaldandi rekstur skólans ef slíkar kringumstæður skapast. Í yfirlýsinguinni segir jafnframt að skólinn hafi ekki yfirdrátt hjá bankanum núna.

Samkvæmt efnahagsreikningi skólans eru ekki miklar eignir í skólanum. Varanlegir rekstrarfjármunir voru um 6,4 m.kr. í lok janúar 2014. Þessar eignir munu hrökkva skammt sem trygging fyrir lánveitingum banka. Á hinn bóginn hefur skólinn hingað til notið bankafyrirgreiðslu í formi heimildar til yfirdráttar. Að sögn forsvarsmanna skólans hefur skilyrði fyrir yfirdrætti verið að skólinn hafi viðurkenningu ráðuneytisins, ekki hefur verið krafist annarra trygginga. Skólinn hefur nýtt yfirdrátt frá vor-mánuðum og fram á haust og er því ekki með yfirdrátt þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Talsverð óvissa hefur ríkt um rekstrarhæfi skólans, sbr. að áritun endurskoðanda félagsins hefur verið með fyrirvara um rekstrarhæfið. Við þessar aðstæður er eðlilegt að ráðuneytið geti eingöngu gert skammtímasamninga við skólann, enda hefur ráðuneytið ekki heimild til að gera samning til lengri tíma ef vafi leikur á um rekstrarhæfið.



Framlög til skólans frá ríkinu



Framlög ríkisins á hvern nemanda skólans hafa verið á bilinu 292-733 þús.kr., án sérstakra framlaga og fjáráukalaga. Að teknu tilliti til sérstakra framlaga og fjáráukalaga voru framlögin 292-1.005 þús. kr. á nemanda.

Svo sem fram kemur í kaflanum um rekstur og efnahag skólans síðustu ár hefur staðan styrkst verulega. Ástæður rekstrarbatans eru að hluta til áttak sem skólinn gerði í rekstri sínum skólaárið 2011/12, en einnig aukin framlög frá ríkinu. Taflan hér til hægri sýnir að skólinn hefur fengið aukin rekstrarframlög.


Skólinn fékk fyrstu framlögin frá ríkinu árið 2006. Það ár voru heildarframlög 28,0 m.kr., þ.a. 10,0 m.kr. á fjáráukalögum. Þetta gerir 861 þ.kr. á nemanda með fjáráukalögum og 553 þ.kr. á nemanda án þeirra. Á þessum tíma voru nemendur 33 að jafnaði yfir árið.

Með fjölgun nemenda úr 33 árið 2006 í 146 árið 2010 jukust framlög úr 28,0 m.kr. í 42,5 m.kr. árið 2010. Framlög á nemanda voru þá 292 þ.kr.

Árin 2011 til 2013 einkenndust af viðbótarframlögum og nokkrum sveiflum í nemendafjölda. Á fjárlögum 2011 voru 40 m.kr. auk 10 m.kr. framlags vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Skólinn fékk síðan 30 m.kr. aukaframlag á fjáráukalögum s.s. rakið var á bls. 4. Árið 2013 fékk skólinn síðan 70 m.kr. á fjárlögum og 35 m.kr. í skilyrt framlag til að bæta eiginfjárstöðuna. Það ár var heildarframlag á nemanda ríflega 1,0 m.kr., en rekstrarframlagið var þar af 670 þ.kr. á nemanda.

Þrátt fyrir ákvæði samningsins frá 12. nóvember 2012 hefur skólanum ekki tekist að auka hlutafé, en samið var við kröfuhafa um eftirgjöf skulda um rúmar 9,6 m.kr.

Fjöldi nemenda og framlög á nemanda



Fjárveitingar til Kvímyndaskólans 2006-febrúar 2014.

Ár	Fjárlög	Skilyrt framlög ¹	Sérstakt framlag ²	Fjáráukalög	Samtals	Fjöldi á vorönn	Fjöldi á haustönn	Meðalfjöldi yfir árið	Heildarframlög á nem.	Fjárlög á nemanda
2006	18.000		0	10.000	28.000	34	31	33	861.538	553.846
2007	29.100		0		29.100	32	64	48	606.250	606.250
2008	30.700		0		30.700	69	96	83	372.121	372.121
2009	43.600		0		43.600	133	132	133	329.057	329.057
2010	42.500		0		42.500	148	143	146	292.096	292.096
2011	40.000		10.000	30.000	80.000	134	95	115	698.690	349.345
2012	66.400		1.200		67.600	88	93	91	746.961	733.702
2013	70.000	35.000	0		105.000	100	109	105	1.004.785	669.856
jan-feb. '14	12.067		0		12.067	110		110	109.700	109.700
Samtals	352.367	35.000	11.200	40.000	438.567					

1 Skilyrt bættri fjárhagsstöðu, með eiginfjárramlagi og samningum um niðurfærslu skulda. Skólanum tókst ekki að uppfylla þessar kröfur.

2 Vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði

Rekstur skólans 2010-2013



Skólinn hefur verið rekinn með hagnaði skólaárin 2011/12-2012/13 og haustönn skólaársins 2013/14. Tvö næstliðin ár var skólinn rekinn með tapi.

Rekstrarreikningur 2009/10-31/1 2014.


Rekstrarreikningur	ISKm	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13	2013 haust
		Ársreikningar				Hálft ár
Rekstrartekjur		214,4	212,5	204,0	227,0	125,5
Skólagjöld		158,8	169,4	109,6	120,6	80,2
Framlög frá ríki		45,7	40,5	89,1	100,7	44,3
Aðrar tekjur		9,9	2,6	5,3	5,7	1,1
Rekstrarkostnaður		-219,8	-239,4	-174,7	-173,7	-100,6
Laun og launatengd gjöld		-61,6	-75,8	-34,5	-35,0	-18,6
Framleiðslu- og kennslukostnaður		-75,5	-81,4	-49,7	-52,7	-34,0
Húsnæðiskostnaður		-43,5	-42,1	-57,5	-51,8	-28,0
Annar rekstrarkostnaður		-23,0	-23,8	-20,7	-22,2	-13,8
Áhöld og tæki		-16,2	-16,4	-12,2	-12,0	-6,1
EBITDA		-5,4	-27,0	29,2	53,2	24,9
Afskriftir		-8,5	-8,0	-5,6	-2,6	-1,0
EBIT		-14,0	-34,9	23,6	50,6	23,9
Fjármagnsgjöld		-3,1	-2,6	-5,3	-5,2	-2,6
Hagnaður fyrir skatt		-17,1	-37,6	18,3	45,5	21,4
Skattur		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hagnaður		-17,1	-37,6	18,3	45,5	21,4

Hafa þarf í huga við skoðun töflunnar hér að ofan að 2013 haust sýnir niðurstöðu um rekstur (óendurskoðað) fyrir tímabilið 1. ágúst 2013 til 31. janúar 2014. Önnur ár sýna bæði vor- og haustönn skólaáranna.

Umtalsverður rekstrarbati var á milli áranna 2010/11 og 2011/12. Skýringar þess rekstarbata eru að finna í auknum framlögum frá ríkinu um 48,6 m.kr. og einnig skiluðu hagræðingaraðgerðir, sem m.a. fólu í sér uppsagnir starfsmanna, launalækkunar og lækkan í framleiðslu- og kennslukostnaði (sjá mynd á næstu síðu).

Á sama tíma lækkuðu skólagjöld umtalsvert sem kom til af fækkun nemenda sem fækkaði úr 143 á haustönn 2010 í 95 á haustönn 2011 og úr 134 á vorönn 2011 í 88 á vorönn 2012. Það gerir um 34% fækkun nemenda á milli skólaáranna. Árið 2011 hækkaði skólinn skólagjöld fyrstu annar um 100 þús.kr., þ.e. úr 600 þ.kr. í 700 þ.kr. Skólinn hefur þess utan ekki hækkað skólagjöld frá skólaárinu 2003/04 og telja skólastjórnendur ekki forsendur fyrir hækkunir.


Rekstrartekjur - milljónir króna -



„Rekstartap á einu tilteknu ári getur haft ýmsar eðlilegar skýringar, t.d. vegna þess að útgjöld við uppbyggingar og þróunarstarf eru ekki eignfærð og afskrifuð smám saman. Eins kann skóli að hafa orðið fyrir óreglulegum útgjöldum eða fengið óreglulegar tekjur, t.d. vegna eignabreytinga. Þá kunna að leynast fyrirframgreiddar tekjur í ársreikningnum. Auk þess er ekki víst að allar tekjur innheimtist og þurfi að afskrifa, en hafi ekki verið gert. Skóli sem lendir í miklum taprekstri eða er rekinn með vissu tapi byggir rekstur sinn á veikum grunni, því þá eru líkur á að hann geti ekki staðið undir skuldbindingum m.a. gagnvart starfsfólki, birgjum, opinberum aðilum og lánveitendum.“
(Úr viðmiðunum ráðuneytisins um fjárhag framhaldsskóla.)

**Bættur rekstur milli ára 2010/11 og 2011/12 kemur frá auknum framlögum frá ríki og hagræðingar-
aðgerðum skólans, s.s. með lækkun launa og kennslukostnaðar.**

Frá tapi 2010/11 í hagnað 2011/12
Breytingar á milli ára á einstökum liðum í rekstri skólans



Efnahagur skólans hefur styrkst. Veltufjárhlutfall hefur lagast þó það sé enn undir viðmiðunum (1,0). Skólinn þarf að skila rekstrarhagnaði á næstu árum og styrkja eiginfjárstöðu sína þannig að hann þoli rekstrartap.


Efnahagsreikningur 2009/10-31/1 2014.

Efnahagsreikningur	ISKm	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13	2013 haust
		Ársreikningar				Hálft ár
Fastafjármunir		12,2	8,4	3,3	0,7	6,4
Varanlegir rekstrarfjármunir		12,2	8,4	3,3	0,7	6,4
Veltufjármunir		5,3	12,6	4,5	20,0	60,1
Viðskiptakröfur		0,5	2,0	1,1	6,8	35,6
Aðrar skammtímakröfur		4,0	0,7	2,2	3,2	5,0
Handbært fé		0,8	9,9	1,2	10,1	19,4
Eignir alls		17,5	21,0	7,8	20,7	66,5
Eigið fé		-52,5	-90,0	-71,8	-26,3	-4,9
Hlutfé		0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Ójafnað tap		-53,0	-90,5	-72,3	-26,8	-5,4
Langímaskuldir		1,4	13,0	11,9	0,0	0,0
Skuldir við lánastofnanir		1,4	13,0	11,9	0,0	0,0
Skammtímaskuldir		68,6	98,1	67,6	47,0	71,4
Viðskiptaskuldir		20,7	37,2	27,1	14,6	13,8
Skuldir við lánastofnanir, yfirdráttur		41,0	39,5	17,7	20,0	0,0
Næsta árs og gjaldfallnar afb. langt.sk		0,5	3,2	4,7	1,2	1,1
Fyrirfram innheimtar tekjur		4,2	1,1	2,6	4,9	52,3
Aðrar skammtímaskuldir		2,2	17,1	15,5	6,4	4,1
Fjármögnun alls		17,5	21,0	7,8	20,7	66,5

Nokkrar kennitölur	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13	2013 haust
Fjöldi rekstrarmánaða í eigin fé	-2,87	-4,51	-4,93	-1,82	-0,59
Eiginfjárhlutfall	-300%	-428%	-924%	-127%	-7%
Veltufjárhlutfall	0,08	0,13	0,07	0,43	0,84
Skuldir/tekjur	33%	52%	39%	21%	57%
Nettósuldir/tekjur	30%	46%	37%	12%	9%

Eiginfjárstaða skólans þarf að styrkjast frekar, hvort heldur það er gert með bættum rekstri eða hlutfjárframlögum. Miðað við þá óvissu sem hefur verið í rekstri skólans þá væri ekki óeðlilegt að skólinn stefndi að því að eigið fé dygði fyrir rekstrarkostnaði í allt að 3 mánuði. Skuldahlutallið var í lok janúar 57% af tekjum samanborið við 21% í lok 2012/13 en nettósuldir (heildarskuldir að fráðregnum veltufjármunum í hlutfalli við tekjur) fóru úr 46% í 9% á sama tíma. Staðan hefur því lagast verulega en eiginfjárstöðuna þarf að styrkja frekar.

Nokkrar kennitölur um efnahag




Í drögum að fjárhagslegum viðmiðum framhaldsskóla er miðað við að eigið fé sé jákvætt og miðað er við að eiginfjárhlutfallið sé ekki lægra en 10% af eignum. Bent er á að jákvætt eigið fé sé vísbending um að skólinn þoli taprekstur. Neikvætt eigið fé er á hinn bóginn vísbending um að skólinn sé gjaldþrota og geti ekki greitt skuldir sínar. Í tilfelli Kvikmyndaskólans og í þeim skólum þar sem eignir eru litlar getur verið að aðrir mælikvarðar eigi betur við til að meta gjaldþol. Á myndinni hér að ofan eru sýndir þrír mælikvarðar, *fjöldi rekstrarmánaða í eigin fé*, *veltufjárhlutfall* og *vaxtaþekja*. Veltufjárhlutfallið og vaxtaþekjan skýra sig sjálf. Fjöldi rekstrarmánaða í eigin fé segir til um það hversu marga mánuði megi reka skólann ef eigið fé hans væri eingöngu notað til rekstursins, þ.e. ef skólinn hefði engar rekstrartekjur.

Sjóðstreymi skólans hefur verið neikvætt eitt af síðustu fjórum skólaárum, þ.e. skólaárið 2011/12. Handbært fé var um 19,4 m.kr. í lok janúar 2014.

Sjóðstreymi 2009/10-31/1 2014.

Sjóðstreymi	ISKm	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13	2013 haust
Veltufé frá rekstri		-17,1	-37,6	18,3	45,5	21,4
Handbært fé frá rekstri		-12,5	14,8	14,8	17,0	35,9
Fjárfestingahreyfingar		-4,9	-4,1	-0,5	0,0	-6,7
Fjármögnunarahreyfingar		17,4	-1,6	-23,0	-8,1	-20,0
Skammtímalán		18,0	-1,6	-21,8	2,3	-20,0
Afborganir langtímaskulda		-0,6	0,0	-1,2	-10,4	0,0
Breyting á handbæru fé		0,0	9,1	-8,7	8,9	9,3
Handbært fé í upphafi árs		0,8	0,8	9,9	1,2	10,1
Handbært fé í árslok		0,8	9,9	1,2	10,1	19,4

Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við tekjur



Skólaárið 2010/11 jókst handbært fé um 9,1 m.kr. og aftur árið 2012/13 um álíka upphæð. Árið 2011/12 lækkaði handbært fé hins vegar um 8,7 m.kr.

Í lok haustannar 2013 hafði handbært fé aukist um 9,3 m.kr. til viðbótar, þannig að á tímabilinu frá 31.07. 2010 til 31.01. 2014 hefur handbært fé aukist um 18,6 m.kr.

Handbært fé í þann 31.01. 2014 nam 19,4 m.kr. og í lok skólaársins 2012/13 nam það um 10,1 m.kr.

Við skoðun ársreikninga Kvikmyndaskólans er rétt að hafa í huga að ársreikningur 2009/10 er óendurskoðaður, sem og árs Sluttareikningurinn frá janúar 2014 (2013 haust). Aðrir ársreikningar eru áritaðir af endurskoðanda félagsins með fyrirvara. Í fyrirvara við áritun ársreiknings 2012/13 segir: „Eins og fram kemur í skýringu nr. 12 er neikvætt eigið fé skólans um 26,3 millj.kr. í lok skólaársins. Skólinn hefur samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um framlög út árið 2013. Vegna þessara atriða og mikillar óvissu í rekstrarumhverfi félagsins teljum við áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins í hættu semjst ekki um fjármagnsskipan félagsins, rekstarbati komi til eða aukning hlutafjár. Mat og framsetning eigna og skulda félagsins miðast við áframhaldandi rekstrarhæfi, ef ekki er um áframhaldandi rekstrarhæfi að ræða þá kann mat eigna- nna að vera annað.“

Í drögum að fjárhagslegum viðmiðum framhaldsskóla er lítillega fjallað um sjóðstreymi. Bent er á að nýstofnaður skóli geti haft neikvætt handbært fé frá rekstri vegna þess að tekjur eru ekki farnar að skila sér að fullu og hann framfleyti sér því á lánum. Neikvætt sjóðstreymi í mörg ár leiðir væntanlega til greiðsluerfiðleika.

Veltufjárstaðan hefur verið slæm, veltufjárhlutfallið undir 1,0 sem er viðmið ráðuneytisins . Lausafjárstaða skólans er sterkust í mars en að jafnaði veikust í júlí/ágúst og desember/janúar, þ.e. uppgjörs mánuðina.

Veltufjárhlutall skólans hefur verið of lágt


Frá 2004 hefur veltufjárhlutfall skólans verið of lágt. Hlutfallið var 0,24 árið 2004, hækkaði í 0,41 næstu tvö ár á eftir en lækkaði svo ár frá ári niður í 0,07 í lok skólaársins 2011/12. Næsta skólaár lagaðist hlutfallið verulega og fór í 0,43 og í lok janúar sl. í 0,84. Fjallað er um einstaka liði hreins veltufjár á næstu síðu.

Á neðri myndinni má sjá stöðu handbærs fjár fyrsta hvers mánaðar árin 2010-2013. Þróunin er svipuð öll árin en staðan hefur lagast, þ.e. línurnar fyrir 2012 og 2013 eru hærri en 2010 og 2011.

Slæm staða 2011 hefur verið rakin til þess að skólagjöld sem venjulega koma í ágúst og september, komu ekki fyrir en í nóvember og desember. Það ár framlengdi ráðuneytið ekki viðurkenningu skólans, sem rann út 1. júní 2011 fyrir en í október sama ár. Nemendum fækkaði umtalsvert frá haustönn 2010 þegar þeir voru 143 niður í 88 á vorönn 2012.


Í viðmiðunum ráðuneytisins er fjallað um stöðu hreins veltufjár. Ef veltufjárhlutfall er undir einum eru líkur á að skólinn lendi í greiðsluferfiðleikum. Greiðsluhæfi lýsir getu til að mæta skuldbindingum í náninni framtíð og er það mælt með veltufjárhlutfalli og lausafjárhlutfalli. Ef veltufjárhlutfallið er lágt þarf iðulega einnig að skoða lausafjárhlutfallið, þ.e. hvort handbært fé stendur undir skammtímaskuldum og hversu mikil hætta er á sjóðþurrð innan ársins.

Veltufjárhlutfall frá 31/12 2004-31/1 2014



Staða handbærs fjár í upphafi hvers mánaðar 2010-2013

- í milljónum króna -



Þrátt fyrir að veltufjárstaðan hafi lagast að undanfögnu er veltufjárhlutfallið enn undir 1,0.

Veltufjárhlutall skólans hefur verið of lágt


Viðskiptaskuldir skólans og yfirdráttur jukust mikið skólaárið 2007/08. Þrjú næstliðin ár höfðu þessar skuldir verið á bilinu 5,8-18,6 m.kr. en í lok skólaársins 2007/08 voru þær um 51,3 m.kr. Fram til miðs árs 2007 var fyrst og fremst um viðskiptaskuldir að ræða en þá fór að myndast yfirdráttur og jókst hann árlega til loka 2009/10 þegar hann náði hámarki í 41,0 m.kr., þegar yfirdráttur og viðskiptaskuldir voru 61,7 m.kr. samtals.

Samtala yfirdráttar og viðskiptaskulda fór hæst í 76,7 m.kr. árið 2010/11 en hefur lækkað síðan ár fyrir ár og var í lok 2012/13 um 34,5 m.kr. Frá 2010/11 hefur staðan lagast nokkuð. Yfirdrátturinn hefur lækkað á milli ára, einnig viðskiptaskuldir.

Ef litið er til stöðunnar í lok janúar sl. var yfirdrátturinn enginn, enda höfðu nemendur þá greitt inn skólagjöld sín fyrir vorönnina og þeir eiga því kröfu á skólann upp á 52,3 m.kr. (græna talan á neðri myndinni). Það má líta á það sem kröfu nemenda um nám fyrir þeim skólagjöldum sem þeir hafa greitt. Á móti þessu koma um viðskiptakröfur upp á 35,6 m.kr. og handbært fé upp á 19,4 m.kr., sbr. bláu og rauðu súluna á efri myndinni.

Veltufjármunir frá 31/12 2004-31/1 2014


- í milljónum króna -



Skammtímaskuldir frá 31/12 2004-31/1 2014

- í milljónum króna -

(Tölur við súlur sýna samtölu viðskiptaskulda og yfirdráttar.)



Fjárhags- áætlun skólans frá 2013/14 til 2015/17 og samanburður fyrri áætlana við rauntölur



Fjárhagsáætlun Kvikmyndaskólans byggir á því að árleg framlög frá ríkinu verði 75 m.kr. Áframhaldandi rekstur skólans ætti að vera tryggður með því, þ.e. ef áætlanir um rekstrarkostnað halda.

Rekstrarreikningur 2009/10-31/1 2014 og rekstraráætlanir til 2016/17.

Rekstrarreikningur	ISKm	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13	2013 haust	2013/14	2014/15	2015/16	2016/17
		Ársreikningar				Hálft ár	Áætlun			
Rekstrartekjur		214,4	212,5	204,0	227,0	125,5	218,3	232,0	235,0	235,0
Skólagjöld		158,8	169,4	109,6	120,6	80,2	132,4	153,0	156,0	156,0
Framlög frá ríki		45,7	40,5	89,1	100,7	44,3	81,8	75,0	75,0	75,0
Aðrar tekjur		9,9	2,6	5,3	5,7	1,1	4,1	4,0	4,0	4,0
Rekstrarkostnaður		-219,8	-239,4	-174,7	-173,7	-100,6	-185,8	-213,0	-213,0	-213,0
Laun og launatengd gjöld		-61,6	-75,8	-34,5	-35,0	-18,6	-37,2	-40,0	-40,0	-40,0
Framleiðslu- og kennslukostnaður		-75,5	-81,4	-49,7	-52,7	-34,0	-58,4	-60,0	-60,0	-60,0
Húsnæðiskostnaður		-43,5	-42,1	-57,5	-51,8	-28,0	-56,0	-70,0	-70,0	-70,0
Annar rekstrarkostnaður		-23,0	-23,8	-20,7	-22,2	-13,8	-23,7	-28,0	-28,0	-28,0
Áhöld og tæki		-16,2	-16,4	-12,2	-12,0	-6,1	-10,5	-15,0	-15,0	-15,0
EBITDA		-5,4	-27,0	29,2	53,2	24,9	32,5	19,0	22,0	22,0
Afskriftir		-8,5	-8,0	-5,6	-2,6	-1,0	-1,9	-2,5	-2,5	-2,5
EBIT		-14,0	-34,9	23,6	50,6	23,9	30,6	16,5	19,5	19,5
Fjármagnsgjöld		-3,1	-2,6	-5,3	-5,2	-2,6	-5,1	-2,5	-2,6	-2,6
Hagnaður fyrir skatt		-17,1	-37,6	18,3	45,5	21,4	25,4	14,0	16,9	16,9
Skattur		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hagnaður		-17,1	-37,6	18,3	45,5	21,4	25,4	14,0	16,9	16,9

Nokkrar kennitölur	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13	2013 haust	2013/14	2014/15	2015/16	2016/17
	Ársreikningar				Hálft ár	Áætlun			
Fjöldi rekstrarmánaða í eigin fé	-2,87	-4,51	-4,93	-1,82	-0,59	-0,06	0,74	1,59	2,32
Eiginfjárlutfall	-300%	-428%	-924%	-127%	-7%	-3%	28%	46%	55%
Veltufjárlutfall	0,08	0,13	0,07	0,43	0,84	0,78	1,09	1,40	1,65
Skuldir/tekjur	33%	52%	39%	21%	57%	14%	14%	14%	14%
Nettóskuldir/tekjur	30%	46%	37%	12%	9%	3%	-1%	-6%	-9%

Áætlunin gerir ráð fyrir hagnaði upp á 25,4 m.kr. árið 2013/14, 14 m.kr. árið 2014/15 og 16,9 m.kr. á ári næstu tvö ár. Ef framlag ríkisins myndi lækka um 20% myndi hagnaður skólans hverfa árið 2014/15. Það sama myndi gerast ef launakostnaður myndi aukast um þriðjung eða kennslukostnaður um 20%.

Taflan til hægri sýnir næmigreiningu breytinga á ríkisframlögum og breytinga á kennslukostnaði.

		Breyting á ríkisframlögum					
Breyting á kennslukostnaði	14,0	-30%	-20%	-10%	0%	10%	20%
	-20%	3,5	11,0	18,5	26,0	33,5	41,0
	-10%	-2,5	5,0	12,5	20,0	27,5	35,0
	0%	-8,5	-1,0	6,5	14,0	21,5	29,0
	10%	-14,5	-7,0	0,5	8,0	15,5	23,0
	20%	-20,5	-13,0	-5,5	2,0	9,5	17,0
	30%	-26,5	-19,0	-11,5	-4,0	3,5	11,0

Í greinargerð með fjárhagsáætlun Kvikmyndaskólans kemur fram að miðað er við 14 til 16 bekkir með 6-12 nemendum í bekk. Að jafnaði er gert ráð fyrir 125 nemendum á önn. Skólagjöld eru 700 þ.kr. fyrir nýnema en 600 þ.kr. fyrir aðra nemendur. Áætlunin miðar við sama fjölda nýnema og var síðustu tvö ár.

Skólinn gerir ráð fyrir því að fá allt framlagið sem er á fjárlagaliðnum *Framlög til kvikmyndagerðar*, en skólinn hefur fengið það frá því að fjárlagaliðurinn var stofnaður árið 2006. Aðrar tekjur fela í sér sölu á bókum, leigu á húsnæði, styrki vegna verkefna o.fl.

Sjö starfsmenn eru í fullu starfi hjá skólanum. Annarri þjónustu er sinnt af verktökum, þ.m.t. 4 deildarforsetar sem eru ráðnir á 10 mánaða samningum, sem og allir stundakennarar og leiðbeinendur. Samtals voru þetta 88 verktakar á síðustu önn og er gert ráð fyrir því að þetta fyrirkomulag verði áfram viðhaft við rekstur skólans.

Kennslukostnaður er annars vegar aðkeypt kennsla stundakennara og hins vegar framleiðslukostnaður vegna kvikmyndagerðar. Gert er ráð fyrir því að þessi kostnaður muni aukast á tímabilinu.

Húsnæðiskostnaður hækkar mest, en forsvarsmenn skólans hafa væntingar um að starfsemin verði flutt aftur í Víkurhvarf 1 í Kópavogi. Þar er um sérhæft húsnæði að ræða, sem innréttað var fyrir starfseminu á sínum tíma fyrir um 350 m.kr. Um 3.500 fermetra húsnæði er að ræða og er leiguverð á fermetra um 1.600 kr.

Annar rekstrarkostnaður er skrifstofukostnaður, auglýsingar, aðildargjöld og fleira. Gert er ráð fyrir auknum framlögum í áhöld og tæki, þ.e. kaupum á grunnbúnaði. Annar búnaður verður áfram leigður.

Nokkur frávik hafa verið á upphaflegum fjárhagsáætlunum og rauntölum fyrri ára. Sérstaklega voru mikil frávik frá áætlun vegna skólaársins 2010/11.

Samanburður á áætlunum og rauntölum (niðurstöðum ársreikninga) skólaárin 2010/11-31/1 2014.

	Skólaárið 2010/11				Skólaárið 2011/12				Skólaárið 2012/13*				"Haustönn" 2013 (8/13 til 1/14)			
	Áætlun m.kr.	Raun m.kr.	Frávik m.kr.	%	Áætlun m.kr.	Raun m.kr.	Frávik m.kr.	%	Áætlun m.kr.	Raun m.kr.	Frávik m.kr.	%	Áætlun m.kr.	Raun m.kr.	Frávik m.kr.	%
TEKJUR	220,5	212,5	-8,0	-3,8%	193,4	204,0	10,6	5,2%	186,8	227,0	40,2	17,7%	138,3	125,5	-12,8	-10,2%
GJÖLD	-205,1	-247,4	-42,3	17,1%	-204,5	-180,4	24,1	-13,4%	-183,3	-176,3	7,0	-4,0%	-103,7	-100,6	3,1	-3,1%
Laun og launat. gjöld	-61,1	-75,8	-14,7	19,4%	-45,7	-34,5	11,1	-32,2%	-37,8	-35,0	2,8	-7,9%	-20,7	-18,6	2,1	-11,2%
Framleiðslu og kennslukostnaður	-64,8	-81,4	-16,6	20,4%	-63,6	-49,7	13,9	-27,8%	-44,4	-52,7	-8,3	15,7%	-38,8	-34,0	4,8	-14,0%
Húsnæðiskostnaður	-46,3	-42,1	4,3	-10,2%	-64,5	-57,5	6,9	-12,0%	-68,5	-51,8	16,7	-32,2%	-27,5	-28,0	-0,5	1,9%
Almennur rekstrarkostnaður	-15,1	-23,8	-8,7	36,7%	-15,2	-20,7	-5,5	26,6%	-18,8	-22,2	-3,3	15,0%	-12,5	-13,8	-1,3	9,5%
Áhöld og tæki	-17,9	-16,4	1,5	-8,9%	-15,5	-12,2	3,4	-27,6%	-13,8	-12,0	1,7	-14,3%	-4,2	-6,1	-1,9	31,1%
Afskriftir		-8,0				-5,6				-2,6				-1,0		
EBITDA	15,4	-34,9	-50,3	144,0%	-11,1	23,6	34,7	147,0%	3,5	50,6	47,2	93,1%	34,6	24,9	-9,7	-39,0%
Vaxtagjöld og verðbætur	-4,8	-2,6	2,2	-82,9%	-3,9	-5,3	-1,4	26,6%	-2,3	-5,2	-2,9	55,3%	-1,2	-2,4	-1,2	49,6%
Rekstrarafgangur	10,6	-37,6	-48,1	128,1%	-15,0	18,3	33,3	182,1%	1,2	45,5	44,3	97,4%	33,4	22,5	-10,9	-48,4%

* Ekki var gerð áætlun fyrir okt.'11-feb.'12

Áætlanir hafa ekki staðist – tekjuáætlun kemst næst því

Svo sem sjá má af samanburðinum hér að ofan eru almennt nokkur frávik milli áætlana og niðurstaðna ársreikninga.

Tekjuáætlunin hefur verið næst því að standast, frávik voru 3,8% 2010/11 og 5,2% 2011/12. Ekki er mikið að marka áætlunina fyrir árið 2012/13, þar sem ekki var gerð áætlun fyrir hluta af skólaárinu. Þar sem ekki hefur verið gengið frá samningum við ráðuneytið vegna ársins 2014 er frávik nokkuð hátt fyrir haustönn 2013, en janúar-mánuður er meðtalinn í áætlun og rauntölum tímabilsins.

Það vekur athygli hversu kostnaðarliðir standast illa áætlun, sérstaklega seinni skólaárin. Nefna má frávik í húsnæðiskostnaði. Ætla má að húsnæðiskostnaðurinn liggja nokkuð fyrir þar sem húsaleiga liggur fyrir og því ættu ekki að vera mikil frávik í þessum kostnaðarlið. Sama má segja um launakostnað. Þetta ættu að vera nokkuð þekktar stærðir og því ekki vandkvæðum bundið að gera áreiðanlegar áætlanir fyrir þessa kostnaðarliði.

Frávikin í það heila í rétta átt, þ.e. hagnaður hefur verið umfram áætlanir

Ef litið er til heilu skólaáranna þriggja 2010/11-2012/13 þá hefur rekstrarafgangur verið um 29,5 m.kr. yfir áætlunum. Það samsvarar um 5% af áætluðum tekjum.

Tekjur voru á þessu tímabili samtals 42,7 m.kr. yfir áætlunum (7% af áætluðum tekjum) og rekstrarkostnaður 11,2 m.kr. yfir áætlunum (tæp 2%).

Helstu niðurstöður og ábendingar



Niðurstöður og ábendingar

Umframframlög verði í formi hlutafjár


Skólinn er einkahlutafélag að fullu í eigu Telemakkus ehf. Telemakkus ehf. er í jafnri eigu Ragnhildar Bjarkadóttur (50%) og Sólrúnar H. Skúladóttur (50%).

Það er eðli einkafélaga að eigendur þeirra leggja því til hlutafé og reikna með því að hafa af því ávöxtun. Hlutafé það sem lagt er til rekstursins er áhættufjármagn og því ekki víst að það skili eigendum þeirri ávöxtun sem þeir gera ráð fyrir við upphaf rekstursins. Í því liggur þeirra áhætta.

Rekstur skólans hefur ekki skilað eigendum sínum því sem kalla mætti eðlilegri ávöxtun. Skólinn hefur lengst af verið rekinn með tapi. Ráðuneytið og Kvikmyndaskólinn gerðu með sér samning í nóvember 2012 um að gegn því að ráðuneytið stuðlaði að því að skólinn fengi 70 m.kr. á fjárlögum til rekstursins og 35 m.kr. til fjárhagslegrar endurskipulagningar myndu forsvarsmenn skólans leitast við að styrkja fjárhag hans með samningum við kröfuhafa og/eða hlutafjárauðningu og skyldi henni lokið fyrir 15. febrúar 2013. Það gekk ekki eftir og fékk skólinn framlengingu til 15. maí 2013. Sá frestur rann einnig út án þess að skólinn stæði við sinn hluta samningsins. Ráðuneytið greiddi hins vegar 25 m.kr. til skólans þann 15. mars 2013 og 10 m.kr. síðar á árinu þegar skólinn var kominn í greiðsluþröng.

Fram hefur komið hjá eigendum skólans og í skýringum með ársreikningum hans að það standi eðlilegri starfsemi skólans fyrir þrifum að ekki sé gerður fjárveitingasamningur við skólann til lengri tíma en eins árs í senn, þegar venjan er að gera þriggja ára samning við sambærilegar stofnanir. Fyrir þessu hafa forsvarsmenn skólans fært gild rök að virðist, þ.e. að nemendur hefji ekki nám við skóla þar sem óvíst er hvort þeir geti lokið námi á tilskildum tíma, þar sem rekstrargrundvöllur skólans sé ekki tryggur nema e.t.v. til næsta rekstrarárs.

Ráðuneytið hefur fært jafngild rök fyrir því óvarlegt geti verið að leggja skólanum til fjármagn sem túlka mætti sem vilyrði til nemenda um að þeir geti klárað nám sitt við skóla, sem ekki hefur sýnt að hann geti staðið undir rekstrinum án frekari fjárhagslegrar aðkomu ríkisins. Ráðuneytið hefur enn fremur bent á að það sé ekki venja að gera þriggja ára samning við stofnanir sem ekki hafa uppfyllt skilyrði til viðurkenningar m.a. vegna þess að fjárhagur þeirra er veikur, skuldir miklar og eigið fé sem eigendur hafa lagt til skólans takmarkað. Ráðuneytið hefur við þessar aðstæður takmarkaðar heimildir að gera samninga til fleiri ára um fjárveitingar.



Helstu hagsmunaaðilar

Að því gefnu að skólinn uppfylli að öðru leyti skilyrði til viðurkenningar og ráðuneytið telji að rétt sé að styðja við nám í kvikmyndagerð með sambærilegum hætti og gert hefur verið og að teknu tilliti til þess að rekstur skólans stendur nú fjárhagslega betur en hann hefur gert áður væri ekki óeðlilegt að gerður verði þriggja ára fjárveitingasamningur við skólann. Það yrði til bóta fyrir rekstur skólans og myndi auka tiltrú nemenda og fjármálastofnana til hans. Samhliða þessu þarf skólinn hins vegar áfram að vinna að bættum rekstri. Í ljósi þess að fjárhagur skólans er enn veikur er nauðsynlegt að fjárveitingasamningurinn verði uppsegjanlegur við tilteknar aðstæður. Eðlilegt væri að þar væru m.a. skilyrði um að fjárframlög frá ríkinu til skólans umfram það sem kveðið er á um í samningnum verði í formi hlutafjár í stað rekstrarframlaga, þar sem til dæmis mætti miða mætti við að hver 1 m.kr. í framlag gæfi 1% hlut í félaginu.

Það er hins vegar ekki markmið ríkisins að eignast hlut í skólanum og til þess að það gangi eftir þarf að breyta lögum. Það er hins vegar ekki eðlilegt fyrirkomulag að fyrirtæki sem er í eigu einkaaðila þurfi að treysta á að fá rekstrarframlög úr ríkissjóði til að tryggja áframhaldandi rekstur. Við þær aðstæður er sú áhætta sem fylgir rekstri einkahlutafélags flutt frá einkaaðila til ríkisins, án þess að ríkið geti gert ráð fyrir því að njóta fjárhagslega ávinningsins, t.d. í formi arðs af hlutafé, ef til slíks kemur í framtíðinni.

Ríkinu gæti því verið í sjálfsvald sett að leita annarra eigenda að þeim hlut sem það eignast. Til að vernda hagsmuni sína væri ekki óeðlilegt að ríkið ætti fulltrúa í stjórn skólans. Þannig mætti tryggja áhrif ríkisins á rekstur skólans og fylgjast nánar með því hvernig fjármunum þess er ráðstafað.

Bæta þarf formsatriði við áætlanagerð skólans

Af svörum forsvarsmanna skólans við beiðni um greinargerð með fjárhagsáætlunum skólans má ætla að ekki sé hefð fyrir því að slík greinargerð sé unnin. Það sama á við um staðfestingu stjórnar skólans á áætlunum.

Þegar spurt var um hvenær fyrirbyggjandi áætlun hefði verið staðfest af stjórn skólans kom fram að hún hafði ekki fjallað sérstaklega um áætlunina.

Í framhaldi af fyrirspurn ráðgjafa Capacent var áætlunin send ásamt skýringum á stjórnarmenn og hún samþykkt af stjórnarmönnum þann 9. og 10. mars 2014 með netpósti.

Skólinn ætti að breyta þessu vinnulagi og taka áætlanir til umfjöllunar ásamt greinargerð á formlegum stjórnarfundum. Áætlanir eru stefnumarkandi fyrir starfsemi skólans og hljóta að þurfa umræðu og samþykki á formlegum fundi stjórnar.

Þrátt fyrir að frávik hafi verið jákvæð í áætlunum þá hafa þær ekki staðist, jafnvel fyrir rekstrarliði þar sem ætla mætti að frávik gætu verið lítil. Því þarf að vanda betur til áætlanagerðar.

Styrkja þarf fjárhag Kvikmyndaskólans enn frekar

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er fjárhagur Kvikmyndaskólans sterkari en hann hefur verið síðustu ár. Rekstrarhæfi skólans er hins vegar háður ríkisframlögum að verulegu leyti. Í áætlunum sínum gera stjórnendur skólans ráð fyrir því að til skólans renni 75 m.kr. á ári, sem er nokkru herra framlag en gert hefur verið ráð fyrir á

fjárlögum síðustu ára. Fjárlög 2014 gera ráð fyrir því að til kvikmyndafræðslu renni 75 m.kr. Framlög ríkisins mega ekki lækka niður fyrir 60 m.kr á ári (20%) án þess að stjórnendur skólans þurfi að bregðast við og endurskoða áætlanir sínar þannig að hagnaður verði af starfsemi skólans.

Framlög til skólans voru árin 2010-2013 á bilinu 40,0-70,0 m.kr., auk skilyrtra framlaga. Áætlanir skólans gera hins vegar ráð fyrir því að framlögin verði 75,0 m.kr. sem er herra en áður hefur verið (án aukaframlaga). Þetta atriði í áætlun skólans er því ekki í samræmi við þá viðmiðun að tillögur um lausn á fjárhagsvandi skóla í einkaeigu verði leystur með auknum framlögum frá ríkinu. Á hinn bóginn hafa stjórnendur skólans bent á að á fjárlögum ársins 2014 sé gert ráð fyrir 75,3 m.kr. á fjárlagaliðnum 1.38 *Menntun á sviði kvikmyndagerðar* og að sá fjárlagaliður hafi hingað til runnið óskertur til skólans. Í greinargerð við aðra umræðu fjárlaga fyrir árið 2013 kom fram að á árinu 2013 yrði veitt 14 m.kr. á þessum lið til að fylgja eftir stefnumótun fyrir menntun á sviði kvikmyndagerðar. Það sé því ekki rétt að skólinn geti gengið út frá því sem gefnum að framlög á þessum lið renni óskipt til skólans.

Eigið fé hefur styrkst

Eiginfjárstaða skólans nálgast það að vera jákvæð, en það hefur hún ekki verið síðasta áratuginn. Það er mikilvægt fyrir stöðu og fjárhag skólans að eiginfjárstaðan verði styrkt annað hvort með áframhaldandi hagnaði af rekstri eða með auknu eigin fé, þannig að skólinn þoli sveiflur í rekstrinum.

Það styrkir óneitanlega stöðu skólans að í lok janúar sl. var ekkert yfirdráttarlán hjá banka og engin langtímalán.

Viðskiptakröfur voru hærri en viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir. Handbært fé var um 19,4 m.kr. Helsta skuld skólans var við nemendur skólans, þ.e. í fyrirfram innheimtum skólagjöldum. Það má því gera ráð fyrir því að ef framlög berast frá ríkinu í takt við áætlanir skólans muni staða hans styrkjast enn frekar til vorsins.

Brothættur rekstur, háður ríkisframlögum

Staða skólans er á hinn bóginn viðkvæm og háð ríkisframlögum. Í áætlunum sínum hafa forsvarsmenn skólans gert ráð fyrir því að ríkisframlög verði 75 m.kr. á ári. Ráðuneytið hefur hins vegar bent á að það sé ekki rétt að gera ráð fyrir því að framlög til fjárlagaliðarins 1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar á fjárlögum 2014 renni óskipt til skólans, eins og áætlanir skólans gera ráð fyrir.

Fram hefur komið að ekki eru mikil verðmæti eignfærð í varanlegum rekstrarfjármunum skólans og ársreikningar hans hafa verið áritaðir með fyrirvara vegna óvissu um áframhaldandi rekstrarhæfi. Það er heldur ekki víst að skólinn geti tryggt sér nægar tekjur fyrir rekstrinum með skólagjöldum, því hækkun þeirra er líkleg til að hafa áhrif á fjölda nemenda og niðurskurður í rekstri mun líklega draga úr gæðum námsins og þar með draga úr aðsókn í skólann. Það er því óhætt að fullyrða að ríkisframlög, sem námu um 44% tekna skólans 2011/12-2012/13 og munu nema um þriðjung tekna hans á næstu árum, gangi áætlanir skólans eftir, séu nauðsynleg forsenda áframhaldandi reksturs skólans og forsenda þess að áætlanir skólans um allt að 17 m.kr. hagnað frá og með skólaárinu 2015/16 nái fram að ganga.

Auka þarf eigið fé til að tryggja rekstrarhæfi skólans

Í áætlunum skólans er gert ráð fyrir því að skólagjöld verði

nokkuð hærri en síðustu tvö skólaár, en lægri en þær voru skólaárin 2009/10-2010/11. Gert er ráð fyrir því að framlög frá ríkinu verði lægri en síðustu tvö skólaár, þ.e. 75 m.kr. samanborið við 89,1 m.kr. 2011/12 og 100,7 m.kr. árið 2012/13 (að aukaframlögum meðtöldum). Rekstrarkostnaður er 23% hærri í áætluninni 2014/15 en hann var skólaárið 2012/13 og 16% hærri en áætlun fyrir árið 2013/14 gerir ráð fyrir. Það eru því talsverðar breytingar áætlaðar í rekstrinum og óvissan því nokkur.

Eigið fé skólans hefur verið neikvætt og verður það áfram í lok þessa skólaárs. Það stefnir hins vegar í að eigið fé verði jákvætt í lok næsta skólaárs gangi áætlanir skólans eftir. Áætlanirnar eru þó háðar þeirri óvissu sem áður hefur verið lýst.

Tryggja þarf hagsmuni nemenda með auknu rekstrarhæfi

Rekstraráætlanir skólans benda til þess að rekstrarhæfi hans verði tryggt á næstu árum. Hins vegar ríkir nokkur óvissa um áætlanir skólans og rekstrarhæfið og það er háð því að ríkisframlög verði ekki minni en 70 m.kr. miðað við óbreytta rekstrarkostnaðaráætlun. Það mun því taka nokkur ár að tryggja fullnægjandi rekstrarhæfi skólans ef byggja á upp eigið fé eingöngu á grunni rekstrarafkomu. Fram að því mun rekstrarhæfi skólans áfram vera ótryggt. Til að tryggja hagsmuni nemenda er nauðsynlegt að þeir geti gengið að því vísu að nám þeirra stöðvist ekki vegna rekstrarerfiðleika skólans. Að sama skapi er nauðsynlegt að ríkið sem kaupandi þjónustunnar geti gengið að því sem vísu að þau verðmæti sem það kaupir verði afhent án þess að vera sett í þá stöðu að þurfa að greiða hærri afgjald fyrir hana vegna veiks fjárhags skólans.

Því þarf að vera nægt eigið fé til staðar til að mæta rekstrarsveiflum.

Það er niðurstaða Capacent að skólinn þurfi að hafa eigið fé sem samsvarar 3ja mánaða rekstrarkostnaði. Ef miðað er við áætlaðan rekstrarkostnað 2014/15 þarf eigið fé skólans að vera um 53 m.kr. Það tæki skólan um 4-5 ár m.v. 75 m.kr. árlegt ríkisframlag að byggja upp slíkt eigið fé, 6-7 ár ef framlagið verður 70 m.kr. og 17-18 ár ef framlagið væri 65 m.kr. á ári, að því gefnu að áætlanir standist að öðru leyti.

Samkvæmt þessu þarf að auka eigið fé skólans um u.þ.b. 53 m.kr.

